allt
DAVÍÐ SMÁRI HARÐARSON:
*Langar í amerískan pallbíl*
• bílar
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



**Ekki klíkukeppni eða sirkus**
PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON
Íslendingar eiga að bera höfuðið hátt eftir Eurovision
FÓLK 62 ▶



**Aukablað**
GLYS OG GLAMÚR Í KÆNUGARÐI
*Eurovision-blað fylgir Fréttablaðinu í dag*
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. maí 2005 - 133. tölublað – 5. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Veffang: visir.is – Sími: 550 5000


## LAUGARDAGUR

### Ekki gaman lengur með landsliðinu



Jóhannes Karl Guðjónsson gefur ekki kost á sér í landsliðsverkefni sumarsins.
ÍÞRÓTTIR 48

### Aðsópsmikill



Forseti Íslands er staddur í Kína, í boði þarlendra stjórnvalda.
MAÐUR VIKUNNAR 18

### Bóndi í borginni



Þorsteinn Sigmundsson er ábúandi annars tveggja eftirstandandi bóndabæja á mörkum Kópavogs og Reykjavíkur.
FÓLK 38

### Kraftmikil kamelljón



Rokksveitin Queens of the Stone Age spilar á Reykjavík Rocks-hátíðinni í Egilshöll ásamt Foo Fighters.
TÓNLIST 44

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJARTAST Í BORGINNI** og suðvestan til á landinu. Annarsstaðar heldur þungbúnara og víða él á Norður- og Austurlandi. Hiti 0-9 stig, mildast suðvestan til. Næturfrost.
VEÐUR 4


**Fréttablaðið skorar og skorar!**

Lestur íþróttasíðna




samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup maí 2005


# Búist við sigri Ingibjargar

**Búist er við því að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir beri sigurorð af sitjandi formanni, Össuri Skarphéðinssyni, í formannskosningu Samfylkingarinnar. Úrslit verða kynnt á hádegi í dag á landsfundi flokksins. Líklega gefa þrír kost á sér til varaformanns.**

**LANDSFUNDUR** Búist er við að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sigri í formannskjöri Samfylkingarinnar en úrslit verða tilkynnt á landsfundi flokksins á hádegi í dag. Tveir hafa tilkynnt um framboð til embættis varaformanns: þingmennirnir Ágúst Ólafur Ágústsson og Lúðvík Bergvinsson. Þá hefur blaðið heimildir fyrir því að Björgvin G. Sigurðsson tilkynni í dag að hann gefi kost á sér til varaformanns.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Jóhanna Sigurðardóttir, sem hefur sagst vera að íhuga framboð, afráðið að gefa ekki kost á sér. Ástæðan sé einna helst sú að í tveimur helstu forystusætum flokksins verði að vera einstaklingar af báðum kynjum.

Sama ástæða er sögð fyrir því að einungis karlmenn hafi gefið kost á sér í varaformannsembættið. Það muni þó breytast ef svo ólíklega vilji til að Össur beri sigurorð af Ingibjörgu Sólrúnu í formannskjörinu. Þá verði gerð krafa á konu sem varaformann. Ein þeirra sem nefnd hefur verið í því samhengi er þingmaðurinn Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Ingibjörg Sólrún gagnrýndi í gær undirbúning Samfylkingarinnar fyrir síðustu alþingiskosningar. Er hún kynnti skýrslu Framtíðarhóps Samfylkingarinnar sagði Ingibjörg Sólrún að flokkurinn hefði farið vanbúinn út í kosningabaráttuna. Ekki hefði verið gefinn nægur gaumur að stefnuvinnu. Samfylkingin hafi því ekki verið nægilega skýr kostur fyrir kjósendur og skort ákveðinn trúverðugleika.

Össur Skarphéðinsson, formaður flokksins, hvatti flokksmenn í setningarræðu sinni til að snúa bökum saman. „Á þessum fundi leggjum við niður allar deilur, hvort sem við höfum komið hingað sem liðsmenn Össurar eða Ingibjargar,“ sagði hann.

Alls eru 1200 landsfundarfulltrúar skráðir á þriðja landsfund Samfylkingarinnar sem standa mun fram á sunnudag.

**Sjá síður 4 og 16**

- sda



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** Formaður Samfylkingarinnar hvatti til einingar í setningarræðu landsfundar í gær.



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**RAFN OG SVANHILDUR KÖLLUÐU TIL SLÖKKVILIÐ** Rafn Bjarnason og Svanhildur Jónsdóttir, íbúar á Njálsgötu 112, urðu vör við skarkala á efri hæð og fengu reykjarmökk í fangið þegar þau fóru að athuga hverju hann sætti.

Fengu reykinn í fangið í húsi á horni Njálsgötu og Rauðarárstígs:

# Kviknaði tvisvar í sama daginn

**BRUNI** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hafði mikinn viðbúnað vegna bruna á efstu hæð fjölbýlishúss á horni Njálsgötu og Rauðarárstígs í Reykjavík seinni partinn í gær. Rétt fyrir klukkan tíu um kvöldið barst tilkynning um eld á sama stað. Að sögn slökkviliðs virtist sem eldur hefði þá komið upp í rafmagnstöflu.

Tilkynnt var um fyrri eldsvoðann klukkan 16:36, en íbúar hússins, Rafn Bjarnason og Svanhildur Jónsdóttir, létu vita. „Við heyrðum einhver læti á efstu hæðinni og ég fór að athuga málið. Ég opnaði dyr og þá strax kom reykjarmökkurinn í fangið á mér. Við komum okkur bara strax út eftir það,“ sagði Rafn.



**SLÖKKVILIÐ AÐ STÖRFUM** Slökkvistarf gekk vel þrátt fyrir erfiðar aðstæður.

Rafn og Svanhildur báru sig annars vel þótt þetta væri auðvitað áfall. „Allar okkar eignir eru inni í húsinu þannig að við getum ekkert gert nema vona það besta,“ sagði Rafn.

Jón Friðrik Jóhannsson, deildarstjóri hjá slökkviliðinu, sagði aðstæður hafa verið erfiðar í upphafi. „Mikill hiti og reykur mætti reykköfurum þegar þeir komu fyrst á svæðið,“ sagði hann. Pétur Guðmundsson, varðstjóri hjá lögreglunni í Reykjavík, sagðist ekki telja að meiðsl hafi orðið á fólki, en íbúðin á efstu hæð þar sem eldurinn braust út var mannlaus. - mh

Sænsk rannsókn:

# Tengja hrörnun þefnæmi

**SVÍÞJÓÐ** Rannsóknir sænskra lækna við Karólínska sjúkrahúsið benda til þess að hægt verði að uppgötva ýmsa sjúkdóma tengda elliglöpum með því að kanna lyktarskyn fólks. Með elliglöpum er til dæmis átt við sjúkdóma á borð við Alzheimers.

Í ljós kom að hópur sjúklinga sem þjáðist af vægum Alzheimers-einkennum brást öðruvísi við vanillulykt en viðmiðunarhópur heilbrigðra. Svörun við lyktinni var mæld með blóðflæði í heilaberki og jókst það hjá þeim sem heilbrigðir voru en ekki hjá hinum sjúku. Segja læknarnir að með þessum hætti megi merkja minnkandi heilastarfsemi og þannig uppgötva elliglöp á byrjunarstigi. ■



Fólk upplifir þef á ólíkan hátt


Award

Landskeppni Nýmiðlunarverðlauna Sameinuðu þjóðanna 2005

**Nýmiðlunarhátíð í dag í Öskju frá 13 til 18**

Vegleg nýmiðlunarhátíð er haldin í dag í Öskju, náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands, frá 13:00 til 18:00.

**Hátíðin er öllum opin og aðgangur er ókeypis**



## SPURNING DAGSINS

*Íris, er lýðræðið ekki bara rotnandi hræ?*

„Ja, maður spyr sig eftir svona úrslit.“

Íris Davíðsdóttir skrifaði BA-ritgerð sína í stjórnmálafræði um Eurovision-keppnina. Ísland féll úr leik eftir símakosningu á fimmtudag.

Landsþing Slysavarnafélagsins Landsbjargar á Akureyri:

# Samstarf eflt við Gæsluna

**ÖRYGGI Á SJÓ** Á fimmta landsþingi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, sem hófst á Akureyri í gær, var undirritaður nýr samstarfssamningur félagsins og Landhelgisgæslunnar. Samninginn undirritaði einnig Björn Bjarnason dómsmálaráðherra, en báðir samningsaðilar heyra undir ráðuneyti hans.

Að sögn Jóns Gunnarssonar, upplýsingafulltrúa Landsbjargar, er samningurinn einkum gerður til að hámarka nýtingu björgunarskipaflotans sem Landsbjörg hefur byggt upp hringinn í kringum landið. „Tilefnið er fjölgun stórra björgunarskipa sem félagið hefur staðið fyrir,“ sagði Jón í samtali



**JÓN GUNNARSSON** Upplýsingafulltrúi Landsbjargar



**BJÖRN BJARNASON** Ráðherra björgunarmála.

við Fréttablaðið. Í gangi sé lokaátak í því verkefni félagsins að stækka björgunarflotann í fjórtán stór skip. Eftir sé að endurnýja eldri skip á Vopnafirði, Siglufirði og Patreksfirði. Jón segir samninginn kveða á um að Landhelgisgæslan muni nýta þessi skip til björgunar- og hjálparstarfa auk annarra tilfallandi verkefna.

„Það gerði til dæmis gæfumuninn að svona skip var á Raufarhöfn í dag og bjargaði tveimur mönnum úr björgunarbát,“ segir Jón.

Inntak samningsins dregur Jón saman í þessum orðum: „Þessir aðilar eru að taka höndum saman um að skipuleggja sína starfsemi þannig að nýting á tækja- og mannafla verði betri en hún er í dag.“ **-aa**

Snekkja dregin til hafnar:

# Vélarvana við Garðskaga

**BJÖRGUNARSVEITIR** Vélarvana snekkja var dregin til hafnar í Sandgerði í gærkvöldi. Báturinn er hollenskur, um 250 tonn og nefnist Daphne, en hann var að sögn tilkynningaskyldunnar á leið til Grænlands og þaðan til Bandaríkjanna.

Kallaðar voru út björgunarsveitir frá Sandgerði, Grindavík og Reykjavík. Báturinn kallaði eftir aðstoð um klukkan hálf sjö í gærkvöldi, en var þá staddur um eina og hálfa mílu suðvestur af Garðskaga. Bátur að nafni Sæmundur frá Grindavík dró skipið til hafnar þar sem nú er hugað að viðgerðum. **-óká**

Ítalskur gísl:

# Sögð hafa verið myrt

**KABÚL, AP** Óvissa ríkir um hvort ítalski hjálparstarfsmaðurinn Clementina Cantoni sé lífs eða liðinn.

Í gærmorgun var haft eftir Temur Shah, sem sagður er hafa rænt Cantoni, að hann hefði drepið hana þar sem ekki hefði verið gengið að kröfum hans. Síðdegis sagðist hins vegar Paul Barker, framkvæmdastjóri hjálparsamtakanna CARE í Afganistan, efast um að fréttirnar ættu við rök að styðjast. AP-fréttastofan hermdi svo að Shah hefði hringt og sagt að Cantoni væri aðeins lítillega særð.



**CLEMENTINA CANTONI**

Cantoni var rænt á mánudaginn í Kabúl. ■

## LÖGREGLUMÁL

**BROTIST INN Í APÓTEK** Brotist var inn í Apótekið á Hellu í fyrrinótt. Innbrotsþjófurinn braut rúðu og kom sér þannig inn. Engu var þó stolið svo vitað sé og engar skemmdir voru unnar innandyra. Að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli hefur þjófurinn annað hvort ekki náð því sem hann var á eftir eða brotist inn í öðrum og óskiljanlegum tilgangi. Málið er nú í rannsókn.

## STJÓRNMÁL

**GUÐNI TIL NOREGS** Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra verður í opinberri heimsókn í Noregi 22. til 24. maí. Heimsóknin er í boði hins norska starfsbróður Guðna, Lars Sponheim. Dveljast þeir í Hörðalandi meðan á heimsókn stendur en það er mikið landbúnaðarhérað og kjördæmi Sponheims.

# Áfanga náð í stofnfrumurannsóknum

**Suðurkóreskir vísindamenn hafa greint frá því að þeim hafi tekist að rækta stofnfrumur sem innihalda nákvæma eftirlíkingu erfðaefnis nokkurra sjúklinga. Enn er þó langt í að uppgötvunina verði hægt að nota í lækningaskyni.**

**VÍSINDI** Suðurkóreskum vísindamönnum hefur tekist að rækta stofnfrumur sem passa fullkomlega við erfðaefni nokkurra sjúklinga. Uppgötvunin eykur vonir um að hægt verði að þróa lækningar á grunni stofnfrumuvísinda en henni fylgja þó alvarleg siðferðileg álitamál.

Á síðustu árum hefur áhugi vísindamanna á stofnfrumum vaxið hröðum skrefum en stofnfrumur eru ósérhæfðar frumstæðar frumur sem geta bæði fjölgað sér og breyst í sérhæfðar frumur, til dæmis brisfrumur og lifrarfrumur. Ef fundin verður leið til að rækta stofnfrumur og stýra þróun þeirra í sérhæfðar frumur binda menn vonir við að hægt verði að lækna ýmiss konar áverka og sjúkdóma á borð við brunasár, sykursýki og Alzheimer.

Uppgötvun Suður-Kóreumanna þykir mikilvægur áfangi á þessari leið. Árangri sínum náðu þeir með því að taka erfðaefni úr sjúklingunum og koma því fyrir í eggfrumu sem erfðaefnið hafði verið tekið úr. Eggfruman varð síðan að örsmáum fósturvísi og úr honum voru teknar stofnfrumur sem innihéldu nákvæma eftirlíkingu af erfðaefni sjúklinganna. Enn er þó langt í land að hægt verði að nota uppgötvunina til lækninga. Næsta skref verður að þróa aðferð við að stýra sérhæfingu stofnfrumnanna til að taka á sig ákveðnar myndir.

Þá tókst vísindamönnum við Newcastle-háskóla á Bretlandi að klóna fósturvísa í vikunni en slík vinnsla er nauðsynleg til að



**VÍSINDAMAÐUR SVARAR FJÖLMIÐLUM** Hwang Woo-suk prófessor við Háskólann í í Soul svarar spurningum blaðamanna en hann fer fyrir Suðurkóresku vísindamönnunum.

hægt sé að rækta stofnfrumur í einhverjum mæli. Þeir ítrekuðu hins vegar að á grundvelli þessarar tækni mætti aldrei rækta klónuðu fósturvísana áfram svo að þeir yrðu að fóstrum og síðan börnum.

Andstæðingar stofnfrumurannsókna benda hins vegar á að þær séu siðferðislega óréttlætanlegar þar sem fósturvísir sé lífsform sem eigi möguleika á að þróast í manneskju. „Stór hluti mannkyns lítur svo á að við ræktun stofnfrumnanna hafi þurft að eyða mannslífum eða vísi að þeim,“ segir dr. Richard Nicholson, ritstjóri The Bulletin of Medical Ethics.

**sveinng@frettabladid.is**

Íslenski söfnuðurinn í Ósló:

# Afsagnir vegna fjárdráttarmáls

**NOREGUR** Tveir starfsmenn íslenska safnaðarins í Ósló hafa sagt af sér vegna fjárdráttar sem afleysingastarfsmaður hans varð uppvís að. Maðurinn segir ástæðu fjárdráttarins vera spilafíkn, að því er Stöð tvö greindi frá.

Maðurinn kvað hafa verið ráðinn tímabundið til starfa fyrir söfnuðinn í haust sem leið, en meðal verkefna var að greiða reikninga. Því hafði hann aðgang að sjóðum safnaðarins og dró sér alls um 560.000 norskar krónur, andvirði nærri sex milljóna íslenskra. Maðurinn játaði á sig brotið en er fjárdrátturinn komst upp sögðu gjaldkeri og formaður safnaðarins af sér. Málinu var vísað til lögreglunnar í Ósló. ■

SAAB bílar:

# Alkóhóllás í alla bíla

**SVÍÞJÓÐ** Sænsku Saab-bílaverksmiðjurnar hafa tilkynnt að innan tveggja ára verður hægt að fá sérstaka alkóhóllæsingu í alla bíla þeirra.

Nú þegar eru tilraunir hafnar á þessari nýju tækni sem á að geta dregið verulega úr ölvunarakstri sem er mikið vandamál um allan heim. Gert er ráð fyrir að alkóhóllásinn muni kosta kringum 30 þúsund íslenskar krónur og að ekki eigi að taka lengri tíma fyrir hann að mæla alkóhólmagnið í útblæstri ökumanns en nokkrar sekúndur. ■

Lögregla á Suðvesturlandi:

# Meira um hraðakstur

**UMFERÐARMÁL** Lögreglan á Suðvesturlandi hefur orð á því að ökumenn fari fullgeyst nú þegar sumarið er gengið í garð.

Lögreglan í Kópavogi stöðvaði 10 ökumenn í gær og í Hafnarfirði stöðvaði lögregla tvöfalt fleiri í fyrradag. Þar af einn á 132 kílómetra hraða á Reykjanesbraut. Lögreglan í Reykjavík stöðvaði svo einn í fyrrinótt á sama hraða á Gullinbrú. Lögreglan í Keflavík hefur svipaða sögu að segja og líkir ökumönnum við kýrnar sem er sleppt lausum á vorin. Þá hafði Reykjavíkurlögreglan orð á því að enn væru fullmargir á nagladekkjum. **- jse**

## RÚSSLAND

**SPRENGT Í DAGESTAN** Sprengja sprakk í íbúðarblokk í Dagestanhéraði syðst í Rússlandi í gær. Ráðherra í héraðsstjórn Dagestan og lífvörður hans létu lífið í sprengingunni. Grunnt er á því góða milli olíkra þjóðernis- og trúarhópa í héraðinu en hinn myrti stýrði ráðuneyti sem fór með málefni minnihlutahópa.






Hildur ÞH-38 sökk á Þistilfiði:

# Tveimur bjargað úr sjávarháska

**SJÓSLYS** Mannbjörg varð þegar Hildur ÞH-38 sökk á Þistilfirði um 7 sjómílur austsuðaustur af Raufarhöfn.

Tveir skipverjar höfðu komist sjálfir í björgunarbát. Þeim var síðan bjargað um borð í björgunarskip Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, Gunnbjörgu frá Raufarhöfn.

Vaktstöð Landhelgisgæslunnar barst tilkynning um það bil fimmtán mínútur fyrir klukkan eitt í gærdag frá flugstjórn um að flugvél hefði tilkynnt um neyðarsendingar.

TF-LIF, þyrla Landhelgisgæslunnar, lagði svo af stað um klukkan tuttugu mínútur gengin í tvö. Þyrlan sneri hins vegar við þegar staðfestar upplýsingar bárust um að mönnunum tveimur hefði verið bjargað um borð í Gunnbjörgu. „Við vorum komin rétt að Eiríksjökli þegar við fengum það staðfest að mönnum hefði verið bjargað, það voru að sjálfsögðu gleðifréttir“ sagði Benóný Ásgrímsson, flugstjóri hjá Landhelgisgæslunni.

Talsverður sjór var á Þistilfirði er báturinn sökk. Vindhraðinn var um 8-10 metrar á sekúndu í norðaustan kalda.

Róbert Þorláksson, umsjónarmaður björgunarskipsins Gunnbjargar, sagði björgunarferðina hafa gengið vel. „Við vorum fljótir að finna bátinn og björgunin gekk hratt og vel fyrir sig. Skipsbrotsmennirnir voru ágætlega haldnir þótt þeir hafi verið svolítið kaldir“, sagði Róbert. **- mh**



**Boltaleikni fyrir utan verslun okkar í Smáralind í dag kl. 12–18**

# Fótboltafár

PEPSI

**Hvað getur þú haldið boltanum lengi á lofti? Vegleg verðlaun frá Puma eru veitt fyrir þrjú efstu sætin í karla- og kvennaflokki.**

PUMA

**Tilboð og glaðningur fylgir hverju pari af Puma-fótboltaskóm í öllum verslunum okkar!**



**Attaccante**
**Skór f. gervigras**

**Puma Attacante TT Jr**
St. 28–38,5
Verð áður 4.990 kr.
**Afsláttur 50%**
**Verð nú 2.490 kr.**

**Puma Attacante TT**
St. 39–47
Verð áður 6.990 kr.
**Afsláttur 50%**
**Verð nú 3.490 kr.**



**Attaccante**
**Takkaskór**

**Puma Attacante GCr FG Jr**
St. 28–38,5
Verð áður 4.990 kr.
**Afsláttur 50%**
**Verð nú 2.490 kr.**

**Puma Attacante Gcr FG**
St. 39–47
Verð áður 6.990 kr.
**Afsláttur 50%**
**Verð nú 3.490 kr.**

**Fullt af öðrum frábærum tilboðum á Puma-fótboltaskóm í verslunum okkar.**
**Mikið úrval af markmannshönskum, fótboltahlífum og fótboltasokkum.**

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

**ÚTILÍF**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS UTI 28372 05/2005

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 20.05.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,60 | 64,90 |
| Sterlingspund | GBP | 118,72 | 119,30 |
| Evra | EUR | 81,55 | 82,01 |
| Dönsk króna | DKK | 10,95 | 11,02 |
| Norsk króna | NOK | 10,04 | 10,10 |
| Sænsk króna | SEK | 8,87 | 8,93 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,60 |
| SDR | XDR | 96,26 | 96,84 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**113,10 -0,25%**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Héraðsdómur Austurlands:

# GT verktakar sýknaðir

Héraðsdómur Austurlands sýknaði í gær GT verktaka ehf. af ákæru fyrir brot gegn lögum um atvinnuréttindi útlendinga og lög um útlendinga. Var það niðurstaða dómsins að Lettar sem fyrirtækið réð til að sinna störfum við fólksflutninga á Kárahnjúkasvæðinu hefðu ekki þurft atvinnuleyfi hér á landi.

Í síðustu viku sýknaði héraðsdómurinn lettnesku starfsmennina tvo af þeirri sök að hafa brotið lög um atvinnuréttindi útlendinga.

Meginrök dómstólsins fyrir niðurstöðunni í báðum málum eru þau að ríkisborgarar nýrra aðildarríkja Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins, þar á meðal Lettlands, mættu starfa hér í þrjá mánuði frá komudegi, án sérstaks leyfis. Þá hefðu mennirnir auk þess verið launþegar hjá lettneskri starfsmannaleigu og þeir þannig ekki þurft að afla sér atvinnuleyfis hver fyrir sig hér á landi.

Verjandi í málinu gegn GT verktökum var Marteinn Másson hdl. en Sveinn Andri Sveinsson hrl. í máli Lettanna.

-aa



**SÝKNAÐUR** Frá dómhaldi í máli lettnesku starfsmannanna í Héraðsdómi Austurlands.

Gestir komnir yfir 500 þúsund:

# Norræni skálinn vinsæll

**HEIMSSÝNINGIN** Norræni skálinn á EXPO 2005, heimssýningunni í Japan, hefur verið mjög vinsæll síðan hann var formlega opnaður 25. mars síðastliðinn. Gestur númer 500 þúsund kom í skálann nú fyrir skemmstu, en það voru tvær systur, Ayane Shigemori 9 ára og Yuko Shigemori 7 ára, sem voru verðlaunaðar fyrir það. Þær fengu margvíslegan varning sem var til sölu í skálanum.

Aðsókn að heimssýningunni var frekar lítil til þess að byrja með en algjör sprenging hefur orðið á heimsóknum í maí. Norræni skálinn hefur vakið mikla athygli. - mh




FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**STYRKURINN SÓTTUR** Formaður DC-3 Þristavina tók við styrk til rekstrar flugvélarinnar Páls Sveinssonar.

Pokasjóður:

# Afhenti 93 milljónir

**STYRKIR** Rauði kross Íslands fékk hæsta styrkinn þegar Pokasjóður úthlutaði styrkjum til 109 samtaka. Samtals námu styrkirnir 93 milljónum króna og fékk Rauði krossinn fimm milljónir vegna hamfaranna í Asíu í desember.

Styrkirnir voru afhentir í flugskýli á Reykjavíkurflugvelli í gær. DC-3 flugvélinni Páli Sveinssyni var ekið upp að flugskýlinu og út úr henni steig Tómas Dagur Helgason, formaður DC-3 Þristavina, og tók við einnar milljón króna styrki til starfs félagsins.

640 styrkbeiðnir upp á samanlagt 750 milljónir króna bárust.

- bþg

## AFRÍKA

**AKITANI FÆR HEILABLÓÐFALL** Leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Tógó og frambjóðandi í forsetakosningunum í síðasta mánuði, Bob Akitani, fékk heilablóðfall í gær. Hann var fluttur í skyndi til meðferðar í Frakklandi. Akitani hefur verið undir miklu álagi að undanförnu en mikill styr stóð um kosningarnar þar sem Faure Gnassingbe sigraði.

**UMDEILDAR KOSNINGAR** Hart er deilt um úrslit kosninganna í Eþíópíu þótt ekki hafi enn verið talið upp úr kössunum. Stjórnarflokkurinn lýsti yfir sigri fyrr í vikunni en stjórnarandstaðan sagði í gær að hún myndi ekki viðurkenna úrslit í nokkrum héruðum þar sem mjóst var á muninum.

# Samfylkingin vanbúin fyrir síðustu kosningar

**Ingibjörg Sólrún segir Samfylkinguna hafa farið vanbúna í kosningabaráttu fyrir síðustu kosningar, Vantað hafi upp á stefnuvinnu og Samfylkinguna hafi því skort trúverðugleika. Hún leggur til stofnun skuggaráðuneyta.**

**LANDSFUNDUR** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, varaformaður Samfylkingarinnar, telur að flokkurinn hafi farið vanbúinn út í kosningabaráttuna fyrir síðustu alþingiskosningar, árið 2003. Þetta kom fram í ræðu hennar á Landsfundi Samfylkingarinnar, sem hófst í gær, en þar kynnti hún skýrslu Framtíðarhóps flokksins.

Hún sagði að ekki hefði verið gefinn nægur gaumur að stefnuvinnu í flokknum og því hefði Samfylkingin ekki verið nægilega skýr kostur fyrir kjósendur og flokkinn hefði skort ákveðinn trúverðugleika.

„Á þessu höfum við lært. Mikil stefnumótunarvinna hefur verið í gangi, bæði hjá Framtíðarhópi og heilbrigðishópi," sagði Ingibjörg.

Hún sagði að þegar Samfylkingin hefði ákveðið að setja á stofn framtíðarhóp hefði flokkurinn brotið upp það form sem er hefðbundið og gamalreynt í íslenskum stjórnmálum. Það hefði verið nauðsynlegt því að ekki sé lengur hægt að endurnýta svör og stefnumál síðustu aldar.

„Fólk vill málefnalega pólitík. Það kýs málefnalega stjórnmálaflokka og eins og við vitum: Íslendingar eru jafnaðarmenn. Það þarf bara að rifja það upp fyrir þeim," sagði Ingibjörg.

Ingibjörg sagði að vinna af því tagi sem Framtíðarhópurinn hefði unnið þyrfti að vera óaðskiljanlegur hluti af venjulegu flokksstarfi. Hún þyrfti þó ekki að fara fram í því formi sem Framtíðarhópurinn er, heldur gæti hún farið fram til að mynda í nokkurs konar skuggaráðuneytum. „Ég tel ástæðu til að skoða hvort Samfylkingin eigi að mynda slík ráðuneyti sem byggi þá á okkar eigin forsendum í skiptingu málasviða," sagði Ingibjörg. „Hvernig svo sem þessari vinnu er háttað þá verður hún að halda áfram. Hún er forsenda þess að flokkurinn komi fram með sterka ímynd, skýra sýn og vel afmarkaða stefnu fyrir kosningar," sagði hún.

sda@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR Á LANDSFUNDI SAMFYLKINGARINNAR Í GÆR** Ingibjörg Sólrún leggur til að Samfylkingin stofni skuggaráðuneyti til að halda áfram málefnavinnu sem þróuð hefur verið í Framtíðarhópi Samfylkingarinnar.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**ÓÁRENNILEGUR** Palestínumaður heldur á sprengjuvörpu sem notuð var til árása á landnemabyggð Ísraela á Gaza-ströndinni.

Átök á Gaza:

# Grafið undan vopnahléinu

**JERÚSALEM, AP** Gamalkunnug keðjuverkun ofbeldis virðist hafin fyrir botni Miðjarðarhafs. Í gær skarst í odda á milli ísraelskra hermanna og herskárra Palestínumanna þriðja daginn og beið einn úr röðum þeirra síðarnefndu bana í átökunum.

Upptökin voru þau að liðsmenn Hamas, Al-Aqsa hersveitanna og uppreisnarsamtaka á Gaza-ströndinni skutu eldflaugum á landnemabyggð Ísraela í hefndarskyni fyrir loftárásir ísraelska hersins. Þessarar árásar vildu Ísraelar hins vegar hefna. ■

Stöð tvö:

# Aldrei fleiri áskrifendur

**FJÖLMIÐLAR** Áskrifendur Stöðvar tvö komust í um 42 þúsund talsins í nýliðinni viku og hafa aldrei verið fleiri í sögu stöðvarinnar.

Páll Magnússon sjónvarpsstjóri segir áskrifendur stöðvarinnar hafa fjölgað um sem nemur íbúum Grindavíkur, Húsavíkur, Vestmannaeyja og Akraness til samans á einu ári.

Hann segir mikinn uppvöxt tengdan Digital Ísland, Stöð 2 Plús og Stöð 2 Bíó hafa orðið til þess að auka tryggð áskrifenda. - jse






## VEÐRIÐ Í DAG

**ÁFRAM VETRARTÍÐ NORÐAN OG AUSTAN** Hann sleppir ekki takinu - konungurinn sjálfur Vetur konungur. Él og kalt norðan og austan.

**FALLEGT Í HÖFUÐBORGINNI** Það vantar nú ekki að á hverjum morgni þegar borgarbúar rísa úr rekkjum blasir við þeim sól og sumar og menn langar helst í stuttbuxurnar. En þegar út er komið og ekki nýtur skjóls þá eru menn fljótir inn aftur, því það er beinlínis kalt. En það er fínasti hiti á Spáni - stuttbuxnaveður þar!!



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

### Um hádegi




### Á morgun




Fremur hæg norðlæg átt.

### Mánudagur




Yfirleitt hægur vindur.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14°C rigning | París | 21°C hálfskýjað | Alicante | 25°C léttskýjað |
| Osló | 11°C skýjað/skúr | Berlín | 19°C hálfskýjað | Milano | 20°C skýjað |
| Stokkhólmur | 14°C heiðskírt | Frankfurt | 18°C skúrir | New York | 12°C hálfskýjað |
| Helsinki | 13°C hálfskýjað | Madrid | 20°C skúrir | San Francisco | 21°C alskýjað |
| London | 16°C skýjað/skúr | Barcelona | 21°C léttskýjað | Orlando/Florida | 30°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Fáðu 12 stig
## fyrir veisluna!




Frosnar
**nautalundir**
frá Nýja Sjálandi

**TILBOÐ**
**2.387** kr/kg
Merkt verð 3.979,-

**Svona er Eurovision 2005/2CD**
Tvöföld safnplata með öllum vinsælustu Eurovison lögunum í gegnum tíðina




**1.799** kr
Alm. verð 2.499-



**Ávaxta- og grænmetisbakkar**

Jói FEL

**Hefur þú prófað mest seldu salötin í Hagkaupum?**






**TILBOÐ**
**419** kr/stk
Verð áður 598,-

**Freschetta Brickoven** pizzur og hvítlauksbrauð




**TILBOÐ**
**149** kr/pk
Verð áður 249,-

**Dorritos** snakk
- mest selda snakkið




**Nammiland 50% afsláttur**
- tæplega 200 teg.

Gildir til 22. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Myndir þú frekar kaupa bíl sem gengur fyrir dísilolíu en bensíni?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 57,4% |
| Nei | 42,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Átti Ísland skilið að detta út í forkeppni Söngvakeppni Evrópskra sjónvarpsstöðva?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Vísir

Þrýstingur eykst á Úsbekistanstjórn:

# Kallað eftir rannsókn á blóðsúthellingum

**ÚSBEKISTAN, AP** Atlantshafsbandalagið og Evrópusambandið bættust í gær í lið með Sameinuðu þjóðunum í að þrýsta á ráðamenn Úsbekistans um að heimila alþjóðlega rannsókn á því sem gerðist er mikill fjöldi mótmælenda féll fyrir byssukúlum öryggissveita í bænum Andijan í austurhluta landsins fyrir viku. Ríkisstjórnin hvikaði hins vegar hvergi frá andstöðu sinni við slíka rannsókn og einbeitti sér þess í stað að því að elta þá uppi sem hún grunar um að hafa tekið þátt í uppþotunum.

Viku eftir hina umdeildu atburði bættist Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO, í hóp þungavigtarmanna á alþjóðavettvangi sem krafist hafa slíkrar rannsóknar. Hann sagðist hafa orðið fyrir „miklum vonbrigðum“ með að Islam Karimov, forseti Úsbekistans, hefði hafnað kröfu Kofi Annan, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, um óháða rannsókn á atburðunum.

„Ég ítreka áskorun mína um að stjórnvöld í Úsbekistan fallist á þessa rannsókn,“ sagði Scheffer.

Búist er við því að utanríkisráðherrar Evrópusambandsins samþykki á mánudaginn ályktun þar sem krafist er rannsóknar og stjórnvöld í Úsbekistan eru fordæmd fyrir óhóflega valdbeitingu. Frá þessu greindi Cristina Gallach, talsmaður Javiers Solana, utanríkismálastjóra sambandsins. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**OFBELDI MÓTMÆLT** Ungmenni mótmæla ofbeldinu í Úsbekistan með táknrænum hætti fyrir framan sendiráð landsins í Bishkek, höfuðborg nágrannalýðveldisins Kirgisistan.

Árangur af Kínaför:

## Ritað undir tvo samninga

**UMHVERFISRÁÐHERRA** Sigríður Anna Þórðardóttir, umhverfisráðherra, hefur undirritað tvo samstarfssamninga á sviði umhverfismála við kínversk yfirvöld.

Samningarnir eru á sviði jarðskjálftavár og umhverfisverndar og koma í kjölfar funda í Kína.

Stefnt er að því að þróa samvinnu og miðla þekkingu á sviði jarðskjálfta, eldfjalla, jarðeðlisfræði, jarðskjálftaverkfræði og jarðskjálftaforvarna, auk tæknilegs samstarfs á svið umhverfismála.

- mh

### KANADA

**STJÓRNIN HÉLT VELLI** Minnihlutastjórn Paul Martin í Kanada hélt naumlega velli í fyrrakvöld þegar vantrauststillaga gegn henni var felld. Atkvæði þingforseta þurfti til að bjarga stjórninni.

### RÚSSLAND

**VATNIÐ HVARF** Íbúum Bolotnikovo í Nizhegorodskaya-héraði í Rússlandi brá heldur betur í brún í fyrradag þegar þeir sáu að stöðuvatnið sem þorpið stendur við hafði horfið sporlaust. Jarðvísindamenn segja að það hafi að líkindum horfið ofan í sprungu en eldri kona kenndi Bandaríkjunum um vatnshvarfið.

**FJÓRTÁN UPPREISNARMENN DREPNIR** Rússneskar hersveitir voru stórtækar í Tsjetsjeníu í vikunni og réðu fjórtán þarlenda uppreisnarmenn af dögum. Þar á meðal var Alash Daudov, sem að sögn Interfax-fréttastofunnar er hægri hönd Sjamíl Basajev, skipuleggjanda gíslatökunnar í Beslan. Tólf menn voru handteknir.



# Myndir af Saddam fáklæddum fordæmdar

**Myndir af Saddam Hussein hálfnöktum voru í gær birtar í æsifréttablöðum í Bretlandi og Bandaríkjunum. Birtingin hefur valdið miklu fjaðrafoki.**

**ÍRAK, AP** Bresk og bandarísk dagblöð birtu í gær ljósmyndir af Saddam Hussein í nærfötunum einum klæða, en birting myndanna olli strax miklu fjaðrafoki. Myndirnar kváðu vera teknar fyrir um ári og sýna Íraksleiðtogann fyrrverandi vera að setja plögg af sér í þvottavél þar sem honum er haldið í fangelsi. Forsvarsmenn Bandaríkjahers brugðust ókvæða við og boðuðu flýtirannsókn á því hvernig myndirnar væru til komnar. Talsmenn Alþjóða Rauða krossins sögðu myndbirtinguna hugsanlega brot á Genfarsáttmálanum um meðferð fanga.

Að sögn æsifréttablaðanna The Sun í Bretlandi og New York Post í Bandaríkjunum eru myndirnar fengnar hjá ónafngreindum starfsmanni Bandaríkjahers. Myndbirtingin reitti ekki aðeins Bandaríkjaher til reiði, heldur er fastlega búist við því að hún kyndi undir andúð á Bandaríkjamönnum í Írak.

Aðallögmaður Saddams, Ziad al-Khasawneh, sagði að lögfræðingateymi hans væri að undirbúa lögsókn á hendur The Sun fyrir að birta það sem hann kallaði „móðgun við mannkyn, araba og írösku þjóðina“.

„Það sést glögglega að þessar myndir eru teknar innan veggja fangelsisins, sem þýðir að bandarískir hermenn hljóta að hafa tekið þær,“ sagði al-Khasawneh í símaviðtali við AP.

Hann sagði myndbirtinguna þátt í „víðtæku stríði gegn múslima- og arabaþjóðum“, ásamt misþyrmingum fanga í Abu Ghraib-fangelsinu í Bagdad, meintri vanvirðingu Kóransins í Guantanamo-fangabúðunum og fleiru.

George W. Bush Bandaríkjaforseti tjáði fjölmiðlum í gær að hann teldi slíka myndbirtingu ekki til þess fallna að kynda undir hatri á Bandaríkjamönnum í Írak. „Ég held að ljósmynd sé morðingjum ekki innblástur,“ sagði hann spurður um viðbrögð við myndbirtingunni á blaðamannafundi með Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, sem var í heimsókn í Hvíta húsinu. ■




**FORSÍÐA SUN** Breska æsifréttablaðið The Sun flennti eina hinna umdeildu mynda yfir alla forsíðuna.






Evrópskum þingmönnum vísað frá Kúbu:

# Handtekinn í sturtunni og rekinn heim

**KÚBA, AP** Ríkisstjórnir Þýskalands og Tékklands eru æfar eftir að tveimur þingmönnum frá þessum löndum var vísað frá Kúbu í fyrradag fyrirvaralaust. Andstæðingar Kúbustjórnar stilltu saman strengi sína í gær, í fyrsta sinn í 46 ár.

Þingmennirnir höfðu komið til eyjarinnar til viðræðna við þarlenda stjórnarandstæðinga. Tékkinn var í sturtu á hótelherbergi sínu þegar lögreglan ruddist inn og skipaði honum að taka næstu flugvél heim.

Stjórnvöld í Berlín og Prag kölluðu sendiherra Kúbu á sinn fund í gær og kröfðu þá skýringa. „Það er sjálfsagður réttur þýskra og tékkneskra stjórnmálamanna að hitta kúbverska starfsbræður sína,“ sagði Joschka Fischer, utanríkisráðherra Þýskalands, í yfirlýsingu sinni um málið.

Þrátt fyrir þetta héldu stjórnarandstæðingar sínu striki og veltu vöngum yfir hvernig koma mætti á lýðræðisumbótum í landinu. Þetta er í fyrsta sinn sem þeir fá að halda slíka samkomu síðan kommúnistastjórn Castros tók við völdum fyrir 46 árum.

„Hér eftir munum við tala um fyrir og eftir 20. maí,“ sagði Martha Beatriz Roque, forsvarsmaður ráðstefnugesta. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**ALGERLEGA ÓVELKOMNIR** Þýska þingmanninum Arnold Vaatz var vísað frá Kúbu í fyrradag ásamt tékkneskum starfsbróður sínum. Þeir hugðust hitta kúbverska stjórnarandstæðinga en fengu ekki.

Taktu nú vel eftir!

# Hátíðar bensín 65 kr. lítrinn

í dag frá kl. 13:00 - 15:00

## í Hæðasmára!




Í tilefni opnunar nýrrar EGO-stöðvar í Hæðasmára gefum við okkar hlut í bensíninu. Þú borgar bara skattinn: 65 kr. á lítrann.

**DÍSIL**
41 kr. lítrinn

## Á öðrum stöðvum EGO:

Í tilefni eins árs afmælis okkar gefum við á öðrum EGO-stöðvum miða á bíómyndina “Diary of a Mad Black Woman” í Laugarásbíó, þannig að á milli kl. 13 og 15 gildir kvittun fyrir eldsneyti sem bíómiði.



**Vatnagarðar**
*hjá IKEA*



**Mjódd**



**Salavegur**
*hjá Versalasundlaug*



**Hagasmári**
*hjá Smáralind*



**Fellsmúli**

**EGO eins árs og ein stöð í viðbót!**
*www.ego.is*

ego
Ódýrt bensín + ávinningur!



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir fyrirtækið sem stofnað var um tilboð almennings í Símann?*

2 *Hvað er á döfinni í næstu viku hjá Alþjóðahvalveiðiráðinu?*

3 *Hvaða banvæna veira er enn á kreiki í Vestur-Kongó?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 62

Aðeins ein stjórn hefur minna fylgi á bak við sig:

# Veikt umboð Verkamannaflokksins

**BRETLAND** Umboð breska Verkamannaflokksins til að stýra Bretlandi er eitt hið veikasta á Vesturlöndum, samkvæmt niðurstöðum nýrrar þarlendrar rannsóknar.

Þrátt fyrir að hafa aðeins fengið 35,2 prósent atkvæða í bresku þingkosningunum á dögunum settist Verkamannaflokkurinn á ný í ríkisstjórn. Rannsókn samtakanna Electoral Reform Society, en þau berjast fyrir endurbótum á breska kosningakerfinu, sýnir að á Vesturlöndum hafi einungis ríkisstjórn Tyrkland veikara umboð til að sitja við völd, með 34 prósent atkvæða. Þetta kom fram í breska dagblaðinu The Independent í gær.

Minnihlutastjórnir í Svíþjóð, Kanada og á Spáni hafa talsvert meira fylgi á bak við sig en stjórn Tony Blair en engin stjórn í Vesturlöndum hefur skýrara umboð en sú svissneska, sem 71,7 prósent kjósenda studdu í síðustu kosningum.

Breskir stjórnarandstæðingar hafa hent niðurstöður könnunarinnar á lofti og segja hana sýna að umboðsleysi stjórnarinnar veiki hana mjög bæði heima og erlendis. Charles Kennedy, leiðtogi frjálsyndra demókrata, hvatti Blair í gær til að halda loforð sitt um endurbætur á kosningalöggjöfinni.

- shg



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**EKKI NÓGU VINSÆLL** Að Tyrklandsstjórn frátalinni hefur ríkisstjórn Tony Blair minnst fylgi af öllum þeim sem sitja við völd á Vesturlöndum.

Rysjótt veðurfar:

# Það haustaði snemma í vor

**VEÐURFAR** Á Egilsstöðum komst lögreglan svo að orði að þeir Austfirðingar hefðu fengið tveggja daga sumar en það var gott sumar því þessa tvo daga fór hitinn í 20 stig. Í gær var hitinn hinsvegar við frostmark.

Víða um land eru menn gáttaðir á veðurfarinu. Á Akureyri komust heimildarmenn Fréttablaðsins svo að orði að það hefði haustað snemma í vor en eftir stutta en góða tíð kom kuldakast sem ekki sér enn fyrir endann á. Á Vestfjörðum höfðu menn svipaða sögu að segja.

- jse





Veitingastaðurinn **Rauða húsið** býður upp á fjölbreyttan og girnilegan matseðil þar sem ferskt sjávarfang dagsins er í aðalhlutverki. Rauða húsið er ný flutt í glæsilega endurreist hús á Eyrarbakka frá upphafi síðustu aldar. Við höfum frábæra aðstöðu fyrir hópa með stórkostlegu útsýni yfir þorpið, ströndina og hafið. Verið velkomin í eitt fegursta sjávarþorp á Íslandi.

rauða húsið restaurant Eyrarbakka
Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakki • 483-3330

ENDURREISNARFÉLAGIÐ

Við óskum Rauða húsinu til hamingju

Húsasmiðjan A. Karlsson | Tandur Karl K. Karlsson | Gæðafæði Kjarnafæði | Kjörís Árvirkinn | Íslandsbanki Landsbankinn Selfossi




**KHERSONES Í REYKJAVÍKURHÖFN** Khersones er mikil fleyta, þrímöstruð skúta sem farið hefur víða. Hún hefur áður komið hingað, árið 1987 þegar hún sigldi undir sovéskum fána.

# Risaskúta snýr aftur til Reykjavíkur

**Úkraínska skútan Khersones hefur vakið athygli þar sem hún liggur við bakka í Reykjavík. Áhafnarmeðlimir voru ánægðir að koma hingað eftir að hafa lent í kuldakasti á leiðinni.**

**REYKJAVÍKURHÖFN** Úkraínska skólaskipið Khersones kom hingað til lands á fimmtudag og fer á morgun.

Skipið er engin smásmíði, 109 metrar á lengd, nær í 49 metra hæð þegar mest er, vegur nær 2.300 tonn fullhlaðið og ristir hálfan sjöunda metra. Skipið er hér á vegum Kerch Marine Technological Institute og er áhöfnin að miklum hluta skipuð nemum í siglingafræðum, verkfræði og rafvirkjun við skólann.

Að sögn Andriy Poddubny, skipstjóra á Khersones, hefur ferðin gengið vel hingað til en töluvert er þó eftir ennþá. „Það var svolítið kalt hjá okkur á leiðinni milli Hamborgar og Íslands, en það var ekkert alvarlegt. Við höldum svo héðan til London, þaðan til Liverpool og svo til Kiel í Þýskalandi.

Þar er ekki ákveðið hvað við stoppum lengi," segir Andriy og segir skipverja ánægða með að koma hingað til Íslands. „Ég hef tvisvar verið hér áður en flestir áhafnarmeðlima hafa það ekki, þeim finnst þetta spennandi land," bætir Poddubny við.



**FJÖLMENNI UM BORÐ** Fjölmenni var um borð þegar úkraínska skútan kom hingað. 190 manns eru í Khersones, hvort tveggja áhöfn og farþegar.

Lúðvík Lúðvíksson yfirhafnsögumaður segir ekki mikið um svona stórar skútur núorðið. „Þessi skip sjást ekki lengur.

Það hefði kannski ekki þótt voðalega stórt á sínum tíma. Skipin voru oft fjórmöstruð en ég þekkti þau ekki, það var fyrir minn tíma."

Lúðvík segir stórar skútur á heimshöfunum aðallega vera skólaskip í dag.

Khersones er ekki stærst þeirra og reyndar ekki stærsta skútan sem kemur til Reykjavíkur í ár. „Það er von á einu ívið stærra í sumar," segir Lúðvík.

magnus.halldorsson@frettabladid.is


GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!



SPARAÐU PENINGA
MICHELIN
BFGoodrich
...einfaldlega betri!
DEKKJALAGERINN 755 3355
LEIÐANDI Í LÆGRA DEKKJAVERÐI
DEKK • FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKS

! 90,9
MARKAÐURINN
Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30


Þrjú sjóslys í Bangladess:

# 160 manns eru taldir af

**BANGLADESS, AP** Ekkert lát er á sjóslysum í Bangladess en þar hafa orðið þrjú mannskæð slys á einni viku.

Á sunnudaginn drukknuðu í það minnsta 88 manns þegar ferja sökk úti fyrir Patuakhali-héraði en í bátnum var haldin brúðkaupsveisla. Á þriðjudaginn hvolfdi annarri ferju á fljóti í Manikganj-héraði með 250 innanborðs. 33 lík höfðu fundist í gær.

Í fyrradag sökk svo togari við ósa Meghna-fljótsins þar sem mikið óveður geisaði. Um hundrað manns voru um borð og er að minnsta kosti þrjátíu þeirra saknað. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**HARMLEIKUR** Tugir líka hafa fundist eftir að skipin þrjú sukku. Enn er þó margra saknað.

## UPPLÝSINGATÆKNI

**STOFNA FÉLAG KVENNA** Stofnfundur félags kvenna í upplýsingatækni verður í Háskólanum í Reykjavík 25. maí klukkan 17.00. Meginmarkmið félagsins er að efla hlut kvenna í starfi tengdu upplýsingatækni. Sérstaklega verður litið til þess að stuðla að fjölgun kvenna í stjórnunarstöðum í greininni og auka sýnileika þeirra.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**BÍLVELTA** Bifreið valt í Norðurárdal í gærmorgun og slaðist ökumaður lítillega. Bíllinn er ónýtur.

Klipptu hér og renndu yfir prófið í flugvélinni

www.icelandexpress.is

# VIÐ FLJÚGUM TIL FRANKFURT Í DAG

# LOKAPRÓFIÐ Í EXPRESS ÞÝSKUNÁMSKEIÐUM

**Í dag er stóri dagurinn – fyrsta flug Iceland Express til Frankfurt Hahn hefur sig á loft. Við þökkum frábærar viðtökur og óskum farþegum okkar góðs gengis á lokaprófinu.**

**Sýndu færni þína í þýskufræðum og tengdu saman setningarnar:**












| | |
|---|---|
| Ich komme mit neunund-neunzig Luftballons mit einem Flugzeug aus Island. | Nei! Íslendingar eru ekki eskimóar, kjáninn þinn. |
| Das ist ja cool! | Já, ég kem! Ég kem í snarhasti!!! |
| Hekla ist nicht nur ein Vulkan, sondern auch ein Autohändler. | Hekla er ekki bara eldfjall, heldur líka bílaumboð. |
| Nein, Du verstehst das nicht, Wale sind gross und böse und fressen alle Fische weg. | Ég kem með níutíu og níu blöðrur með flugvél frá Íslandi. |
| Es ist Sauerkraut in meinen Lederhosen. | Er David Hasselhoff stofnun í bænum? |
| Ein bischen Frieden, ein bischen Sonne. | Þetta þykir mér ansi svalt. |
| Ja, Ich komme! Ich komme schnell!!! | Nei, þú skilur ekki, hvalir eru stórir og vondir, þeir borða fiskinn úr sjónum. |
| Gibt es hier ein David Hasselhoff Institut? | Það er súrkál í leðurstuttbuxunum mínum. |
| Nein! Isländer sind keine Eskimos, Dummkopf! | Dulítinn frið og sól. |

Þegar þú hefur tengt saman þýsku setningarnar við þær íslensku lítum við svo á að þú hafir lokið Express þýskunámskeiðunum og hvetjum þig til að fagna því með því að skella þér í útskriftarferð til Frankfurt. Vefslóðin er www.icelandexpress.is og þú veist hvað þú þarft að gera!

Búðu þig undir brottför til Frankfurt Hahn á www.icelandexpress.is

Verð frá **7.995 kr.***
Barnaverð **5.995 kr.***

*Aðra leið með sköttum. Börn þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.

Iceland Express

Fíton/SÍA

Ferðaþjónusta Iceland Express, Suðurlandsbraut 24, Sími 5 500 600



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**FOGH Í HVÍTA HÚSINU** Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, og George W. Bush Bandaríkjaforseti heilsast í Hvíta húsinu í gær. Bush bar lof á Fogh sem staðfastan bandamann.

Jóhanna TG 326 í sögulega ferð:

# Færeyskur kútter kemur til Norðfjarðar

**SJÓMANNADAGURINN** Færeyski kútterinn Jóhanna TG 326 er væntanlegur til Norðfjarðar á sjómannadaginn að sögn færeyska blaðsins Norðlýsið. Jóhanna TG er einn þeirra færeysku kúttera sem sigldu á stríðsárunum með fisk milli Íslands og Skotlands.

Nú þegar 60 ár eru frá stríðslokum vilja Færeyingar minnast þessarar þátttöku sinnar í heimsstyrjöldinni með þessum hætti. Jóhanna siglir frá Vogi í Færeyjum 2. júní og kemur til Norðfjarðar á sjómannadaginn 5. júní. Þar ætla skipverjar að kaupa tonn af fiski, en daginn eftir verður haldið til Aberdeen í Skotlandi, þar sem fiskurinn verður seldur. Tuttugu manns verða um borð í kútter Jóhönnu í ferðinni, þeirra á meðal færeyskir og íslenskir myndatökumenn.

Kútterinn verður til sýnis á Norðfirði á sjómannadaginn, en skipstjóri verður Hans J. Joensen frá Vogi. Hann er barnabarn Jakke í Líð sem var einn af skipstjórunum sem stjórnuðu kútter Jóhönnu á stríðsárunum. Sérstök myndasýning verður um borð og talið að heimsóknin eigi eftir að setja nokkurn svip á sjómannadagshátíðarhöldin í Neskaupstað.

- eg



FRÉTTABLAÐIÐ/MYND/JOHANNA TG 326

**KÚTTER JÓHANNA Í FÆREYJUM** Í frétt Norðurljóssins í Færeyjum segir að spenningur sé í Fjarðabyggð vegna væntanlegrar heimsóknar kútter Jóhönnu á sjómannadaginn. Þar er sjómannadagshátíðarhöldunum eystra líkt við Olavsvöku í Færeyjum.

Rússar ögra Finnum:

# Lofthelgin ítrekað rofin

**FINNLAND** Rússneskar herflugvélar hafa ítrekað rofið lofthelgi Finnlands undanfarið og telja finnsk stjórnvöld það gert af ásettu ráði.

Finnar hyggjast taka málið upp við Rússa með formlegum hætti því fyrirspurnir til rússneska sendiráðsins í Helsinki hafa ekki borið árangur. Matti Vanhanen, forsætisráðherra Finnlands, fer í heimsókn til Moskvu í byrjun júní og ræðir þetta við rússneska ráðamenn.

Finnskir fjölmiðlar gera því skóna að Rússar séu með þessu að reyna á viðbrögð Finna og eins að kanna hvort Evrópusambandið og NATO skipti sér af málinu.

Norskur lögreglumaður:

# Skaut mann á götu úti

**NOREGUR** Lögreglumaður í bænum Larvik í Noregi skaut víetnamskan mann til bana í fyrradag. Atburðurinn gerðist á aðalgötu bæjarins.

Lögreglan fékk tilkynningu um að maður vopnaður kjötöxi ógnaði fólki í miðbæ Larvíkur og sendi menn á vettvang. Þeir reyndu að afvopna manninn en án árangurs.

Þegar einum lögreglumanninum fannst sér ógnað greip hann til þess óyndisúrræðis að skjóta á manninn, með þeim afleiðingum að hann lést.

Rannsakað verður hvort lögreglumaðurinn hafi haft möguleika á að stöðva manninn með öðrum hætti. Hann á það á hættu að verða ákærður fyrir manndráp af gáleysi. ■

Landsfundur Samfylkingarinnar:

# Kosið um flugvöllinn

**SAMFYLKING** Lagt er til við landsfund Samfylkingar að Reykjavíkurflugvöllur hverfi úr Vatnsmýrinni í áföngum og verði farinn þaðan ekki síðar en árið 2010. Jafnframt er lagt til að byggður verði nýr flugvöllur í jaðri höfuðborgarsvæðisins, ekki lengra en tuttugu kílómetra frá Alþingishúsinu í loftlínu.

Flutningsmenn, Gunnar H. Gunnarsson og Steinunn Jóhannesdóttir, leggja til að það fé sem fæst fyrir sölu lóða ríkisins sem liggja nú undir flugvellinum verði að þriðjungi notað til byggingar nýs flugvallar en að tveimur þriðju hlutum til arðsamra verkefna á landsbyggðinni.

- bþg



**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR** Ekki sér fyrir endann á deilum um framtíð flugvallarins í Vatnsmýri.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**STUÐNINGUR** Lilja Sæmundsdóttir á trausta fjölskyldu og góða vini, eins og sýndi sig þegar málið var flutt í héraðsdómi. Frá vinstri: Bryndís Jóhannesdóttir, Helena Gunnarsdóttir systurdóttir Lilju, Lilja, Lone Jensen og Ásdís Sæmundsdóttir, systir Lilju.




# Dómstólar eiga síðasta orðið

**Ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytisins segir réttindi barns, öryggi og hamingju í fyrirrúmi í ákvarðanatöku ráðuneytisins um ættleiðingar.**

**DÓMSMÁL** „Dómstólarnir eiga síðasta orðið. Það fer ekkert á milli mála í réttarríki eins og því sem við búum í,“ sagði Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu, um ættleiðingarmál Lilju Sæmundsdóttur. Hann sagði ekki gerlegt að tjá sig um mál hennar. Það væri afar viðkvæmt sem mál tiltekins einstaklings og væri þar að auki í meðferð hjá dómstólum.

Ráðuneytið synjaði Lilju, sem er einhleyp, þann 21. júlí 2004 um að ættleiða barn frá Kína. Mál hennar hafði þá verið í ferli, sem hófst þar, frá því 28. febrúar 2003. Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar mælti með því að Lilja fengi að ættleiða barn. Ráðuneytið leitaði álits ættleiðinganefndar með vísan til þess að þyngd umsækjanda væri yfir kjörþyngd. Nefndin mælti ekki með leyfi til ættleiðingar, þrátt fyrir að fyrirliggjandi væri ítarlegt læknisvottorð um heilbrigði Lilju. Hún vildi ekki una synjun ráðuneytisins og er málið nú fyrir héraðsdómi.

Spurður hvort algengt væri að ráðuneytið hafnaði umsóknum um ættleiðingar sagði Þorsteinn að svo væri ekki. Fólk aflaði sér yfirleitt upplýsinga um hvaða skilyrði þyrfti að uppfylla. Hvað varðaði heilsufarsþátt umsækjenda væri gerð krafa um að þeir væru við góða heilsu. Í breyttri reglugerð um ættleiðingar frá því í febrúar 2005 væri ítarleg lýsing á því sem miðað væri við.

„Þar eru nefndir sjúkdómar og líkamsástand sem þarf að taka tillit til í þessu sambandi. Reglurnar sem varða þessa þætti gilda einnig á hinum Norðurlöndunum og áreiðanlega víðar,“ sagði Þorsteinn.

„Allt er þetta tilkomið vegna réttinda, öryggis og hamingju barnsins sem á að fara að ættleiða. Það er í fyrirrúmi.“

Spurður hvort öryggisreglum þætti ekki fullnægt hvað varðaði einhleypa umsækjendur með því að þeim væri gert að útvega trausta stuðningsfjölskyldu, sem gæti hlaupið undir bagga ef eitthvað kæmi upp á, sagði Þorsteinn að fyrst og fremst skiptu þeir máli sem væru að ættleiða. Taka þyrfti tillit til margra þátta. Allir hefðu þeir vægi og ef einhverjir væru alveg á mörkum færu líkurnar til leyfisveitingar að minnka. Engin tvö tilvik væru eins og meta yrði hvert þeirra fyrir sig með heildrænum hætti.

jss@frettabladid.is



**ÞORSTEINN GEIRSSON** Ekki algengt að umsóknum sé hafnað.




## Fyrirhyggja veitir öryggi

Enginn getur vitað hvað framtíðin ber í skauti sér eða séð fyrir óvænta atburði. Góðar persónutryggingar gera fólki kleift að halda sínu lífsmynstri þrátt fyrir óvænt áföll. KB líf býður mesta úrval persónutrygginga sem völ er á hérlendis. Hjá okkur standa þér til boða hagstæð iðgjöld og tryggingavernd sem hæfir þínum þörfum. Góð tryggingavernd hjá okkur veitir þér öryggi — og betra líf.

*Helstu samstarfsaðilar okkar eru KB banki, SPRON og Sparisjóðurinn.*

KB LÍF
– betra líf





Nýting orkunnar:

# Neitar orkuflutningi

**STÓRIÐJA** Orkulindir á Norðurlandi eru lykillinn af því að horft er þangað með uppbyggingu álvers í huga. Það hefur verið talsvert deiluefni á Norðurlandi hvernig stórfelldum orkuflutningi tengdum álveri skuli háttað.

Skýrt er í skipulagslögum að sveitarfélög hafa ákvörðunarvald um landnotkun í þeirra landi og því þarf að vera víðtæk sátt um það hvernig orkuflutningnum skuli háttað.

Jóhann Guðni Reynisson, sveitastjóri í Þingeyjarsveit, segir flutning á orku um sveitina til stóriðju á Eyjafjarðarsvæðinu ekki koma til greina. „Við erum alfarið á móti því að flytja orkuna um okkar sveit þar sem um stór og mikil mannvirki er að ræða sem ekki fara vel saman við ferðþjónustuna, sem alltaf er að aukast,“ segir Jóhann. Hann nefnir einnig að ferðaþjónusta sé orðin stór atvinnugrein í héraðinu og fari uppsetning flutningsmannvirkjanna ekki vel saman við þá grein.



**JÓHANN GUÐNI REYNISSON** Sveitastjórinn í Þingeyjarsveit segir það ekki koma til greina að standa í stórfelldum orkuflutningi um Þingeyjarsveit til Eyjafjarðarsvæðisins, þar sem slíkt þjóni ekki hagsmunum svæðisins.

Magnús Ásgeirsson, framkvæmdarstjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, segir þetta viðhorf ekki til þess fallið að efla sátt um málið á Norðurlandi. „Þetta sjónarmið Jóhanns Guðna veldur mér vonbrigðum og er ekki til þess fallið að efla nauðsynlega samstöðu um málið í landshlutanum,“ segir Magnús. **- mh**

Kínverska hagsveiflan hefur sína ókosti:

# Veiðiþjófar þjarma að tígrisdýrum

**NÝJU-DELÍ, AP** Efnahagsundrið í Kína hefur gert það að verkum að tígrisdýrum á Indlandi hefur fækkað umtalsvert á síðustu árum, en tígrisfeldur þykir til marks um ríkidæmi og völd. Klær og tennur dýranna eru eftir sem áður vinsælar í náttúrulyf.

Yfirvöld á Indlandi segja að í landinu séu um það bil 3.500-3.700 tígrisdýr en náttúruverndarsinnar staðhæfa að talan sé talsvert lægri. Fyrr í vikunni voru birtar niðurstöður rannsóknar á tígrunum og þar kemur fram að 411 dýr hurfu á árunum 1999-2003. Náttúrufræðingarnir sem unnu rannsóknina telja að 173 hafi drepist af eðlilegum orsökum en 238 hafi orðið veiðiþjófum að bráð.

Í síðasta mánuði setti Manmohan Singh, forsætisráðherra Indlands, á fót vinnuhóp sem á að gera tillögur til úrbóta í þessum efnum. Hópurinn hefur þegar bent á að aðeins eitt prósent veiðiþjófa sé sakfellt fyrir brot sín, jafnvel þótt þeir séu oft gripnir glóðvolgir. Þessu verði að breyta.

Tígrisdýraveiðar eru alls staðar bannaðar, svo og viðskipti með afurðir dýranna. ■



**LÚIN BEIN HVÍLD** Indversk yfirvöld telja að ríflega 3.500 tígrisdýr séu enn til í Indlandi. Náttúruverndarsinnar segja að dýrin séu mun færri.




# Nú geta allir eignast **garðhúsgögn** á ótrúlegu verði

## Multi Royal
**Sex stillanlegir stólar m/ sessum og stækkanlegt borð**

**Vaxtalaus verðsprengja**
aðeins
**4.999 kr**
á mán. í 12 mánuði*
**Verð 59.988,-**

*Stimpil- og lántökugjald ekki innifalið

**Borð**
Gott verð
**24.999 kr**

**Stólar**
Gott verð
**7.999 kr/stk.**

**Nýtt í Hagkaupum**

Verandahitari
**24.999 kr**
Verð áður 29.999,-

## Verandarhitari
- Vandaður gashitari sem stenst alla staðla
- Auðveldur í notkun og samsetningu
- Gengur fyrir venjulegum gaskút

Hitasvæði: allt að 18 $m^2$
Stærð á hatti: 81,5 cm
Hæð: 228 cm
Brennari: Ryðfrítt stál
Búkur: Burstað stál
Hæsta stilling: 13 Kw
850 g á klst. í eyðslu sem
Þýðir að 9 kg kútur endist
í rúmar 10 klst.

Innri hjálmur sem sér til þess að hitinn blæs niður til hliðanna

**Gerið verðsamanburð**



## Newbury
**borð og fjórir stólar**
Vönduð garðhúsgögn úr gegnheilum harðviði á ótrúlegu verði

**Vaxtalaus verðsprengja**
**3.999 kr**
á mánuði í 6 mánuði
**Verð 23.994,-**

*Stimpil- og lántökugjald ekki innifalið



## Wasburn
**borð og tveir stólar**
Vandað garðhúsgagnasett á ótrúlegu verði

**40% afsláttur**

**Borð**
Gott verð
**3.999 kr**

**Stólar**
TILBOÐ
**3.499 kr/stk.**
Aðeins seldir tveir saman

TILBOÐ
**7.499 kr**
Verð áður 12.999,-



## Saratoga
**borð og sex stólar m/sessum**
Vandað garðhúsgagnasett á ótrúlegu verði

**Vaxtalaus verðsprengja**
**3.999 kr**
á mánuði í 12 mánuði
**Verð 47.988,-**

*Stimpil- og lántökugjald ekki innifalið



## Charleston
**borð, bekkur og 2 stólar**
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði á ótrúlegu verði

**Vaxtalaus verðsprengja**
**2.999 kr**
á mánuði í 6 mánuði
**Verð 17.994,-**

*Stimpil- og lántökugjald ekki innifalið



Tilboðið gildir til 24. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*




Allt að **65%** afsláttur

TAKMARKAÐ MAGN



**12.900** ~~19.900~~

**Garðhúsgögn m/sólhlíf**
Ál. Borð og 4 stólar.
3901454



50 stk

**Gasgrill**
Omega 200 EX
3000235

**9.900** ~~14.900~~



**Útiljós, svart**
Til innfellingar
6000218
Verð áður 995
**599**

**790** ~~2.190~~




**Pallaolía 3 ltr.**
Grön/Gylden
7043133/37



**Blómakassi Rose**
60x60 sm
604000
**3.290**



**Skjólveggur, 180x80/90 sm**
Boginn með fléttu
603300
Verð áður 3.990
**2.490**



**Garðverkfæri**
4 stk
5084583
Verð áður 495
**195**

# Opnunarhátíð

## í Grafarholti í dag frá 9-18



**Bútsög**
DWT KGS210
1200W, 210 mm blað
5245293

**3.695**
~~7.995~~



**Eldhúsblöndunartæki**
Damixa. Sveifla 20 sm.
8000000
Verð áður 5.829
**3.990**




**1.595**
~~3.555~~

**Vínglös, 24 stk**
Rauðvíns og hvítvínsglös
2201087



**4.695**
~~8.495~~

**Háþrýstidæla APW70**
5254210



**Blandari, 350W**
3ja hraða, 1,7 ltr.
1840831
Verð áður 2.995
**1.490**



**100 stk**

**Stingsög, DWT 550W**
Í tösku, m/framkasti. 20 blöð og vinkill fylgja
5245260
Verð áður 3.995
**1.995**



**995**
~~1.990~~

**Juðari, DWT**
140 W, 90 mm
5245284



**990**
~~3.245~~

**Vöfflujárn**
Bomann
1840842



**Sláttuvél, Murray 4HP**
20", 4 hestöfl.
5085247
**25.995**



**795**
~~2.495~~

**Verkfæratöskur**
Keter, 2 saman, 12,5" og 19"
5024489



**Hekkklippa GT 260**
**Black&Decker.** 380 W, 50 sm blað.
5083600
**5.995**



**Trampólín**
4 metrar í þvermál
3900563
Verð áður 19.999
**14.995**



**12.900**
~~17.900~~

Álstell

**50% afsláttur**
af reiðhjólahjálmum ef keypt er hjól

**Reiðhjól, 24"**
Shimano TY 21 gíra, demparí að framan og aftan. Álstell með diskabremsum að framan, V bremsur að aftan
3899941



## Pylsur, gos og ís
frá kl. 13-15



**Hoppukastali fyrir börnin. Allir krakkar frá glaðning frá Húsasmiðjunni.**

**Ný verslun í Grafarholti**

**Felix skemmtir kl. 13. Heimsins besti Kalli á þakinu kemur í Grafarholt kl. 14.**

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR Á LANDSFUNDI Í GÆR** „Á þessum fundi leggjum við niður allar deilur, hvort sem við höfum komið hingað sem liðsmenn Össurar eða Ingibjargar,“ sagði Össur í setningarræðu sinni á landsfundi Samfylkingarinnar í gær.

# Leggjum niður allar deilur

**Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, talaði fyrir sáttum fylkinga innan flokksins að loknum formannsslagnum. Tímabilið fram að næstu kosningum verði hið mikilvægasta í sögu flokksins. Flokkurinn ætli sér að verða stærsti flokkurinn í næstu kosningum.**



## Á VETTVANGI

SETNINGARRÆÐA ÖSSURAR SKARPHÉÐINSSONAR Á LANDSFUNDI SAMFYLKINGARINNAR

**SIGRÍÐUR D. AUÐUNSDÓTTIR**
BLAÐAMAÐUR

Sáttaumleitanir mátti greina í setningarræðu Össurar Skarphéðinssonar, formanns Samfylkingarinnar, við upphaf Landsfundar flokksins í gær.

„Á þessum fundi snúum við bökum saman, á þessum fundi er lokið harðri baráttu um forystu í hreyfingunni og á þessum fundi tökum við þeirri niðurstöðu sem fengin er í atkvæðagreiðslu allra flokksmanna. Á þessum fundi leggjum við niður allar deilur, hvort sem við höfum komið hingað sem liðsmenn Össurar eða Ingibjargar,“ sagði hann í upphafi ræðu sinnar.

Hann rifjaði upp sundrungina sem einkennt hefur vinstri vænginn í stjórnmálunum og sagði hana hafa dregið úr afli og áhrifum þeirra flokka sem Samfylkingin á rætur sínar til. „Samstaðan er það afl sem ekkert fær staðist,“ sagði Össur.

### Ekki sár til langframa

Hann sagði að kosningabaráttan í formannskjörinu hafi ekki vakið upp svo harkalegar deilur að þær skilji eftir sár til langframa. „Flokkadrættir hafa fráleitt verið slíkir að úr þeim geti ekki fljótlega jafnast. Lokaáhrifin velta hins vegar nokkuð á okkur sem vorum í framboði. Það er ákaflega brýnt að sá okkar frambjóðendanna sem ber sigur úr býtum kappkosti að verða formaður allrar Samfylkingarinnar,“ sagði Össur.

Hann sagði að flokkurinn og málstaður flokksmanna væri mikilvægari en persónuleg völd og vegsemd.

„Skilaboð okkar til þjóðarinnar af þessum fundi eiga því að vera um samstöðu, eindrægni, samheldni. Hvernig sem fer mun ég leggja mig allan fram til að tryggja það og ég veit að sama gildir um Ingibjörgi Sólrúnu,“ sagði Össur og var þessum orðum hans fagnað með lófataki landsfundarfulltrúa.

### Vantaði herslumuninn

Össur sagði að Samfylkingin útilokaði ekki samstarf í ríkisstjórn við neinn núverandi stjórnmálaflokk en Samfylkingin hljóti hins vegar að stefna að því í næstu þingkosningum að fella ríkisstjórnina sem þá hafi setið í tólf ár.

Hann sagði að ekki hafi vantað nema herslumuninn til þess að ríkisstjórnin væri felld í síðustu kosningum. „Það var skrumskæling á lýðræðinu að hrossakaup stjórnarflokkanna urðu til þess að augljós breytingavilji þjóðarinnar var hundsaður og ríkisstjórnin haltraði áfram,“ sagði Össur.

Hann sagði að Samfylkingin ætlaði sér meira en að vera næststærsti flokkurinn. „Við ætlum okkur að verða ráðandi afl. Við ætlum okkur að verða stærsti flokkurinn í næstu kosningum Þessi fundur er upphafið að því,“ sagði Össur og var enn fagnað með lófataki.

### Samfylkingin engin skyndibóla

Þá sagði Össur að andstæðingar Samfylkingarinnar hefðu lengi vel afskrifað flokkinn sem tímabundna bólu sem myndi hjaðna. „Bæði til hægri og vinstri biðu menn eftir því að þær systur sundrung og ósætti tækju völdin í okkar liði. En það hefur ekki gerst og það mun ekki gerast. Samfylkingin er engin skyndibóla. Sú kenning er fallin,“ sagði Össur.

Hann sagði að tímabilið fram að næstu þingkosningum gæti reynst eitt hið mikilvægasta í stuttri sögu flokksins. Tvenns konar verkefni bíði forystumanna flokksins, annars vegar að styrkja innviði flokksins og hins vegar að ná góðum árangri í sveitarstjórnarkosningunum 2006 og í þingkosningunum 2007.

### Norræna módelið fyrirmynd

Össur benti á að alþjóðlegir mælikvarðar sýni Norðurlöndin alls staðar í toppi. Einu gildi hvort litið sé til tekna á mann, framleiðni í atvinnulífi, heilsufars, lýðræðis, samkeppnishæfni, umhverfisgátar eða heiðarleika í stjórnmálum og viðskiptum. Hann sagði það enga tilviljun. Norðurlöndunum hafi tekist betur en öðrum að ná hinu vandfundna jafnvægi milli samkeppni og samvinnu, milli gróðasjónarmiða og félagslegs öryggis, milli kapítalisma og sósíalisma.

„Það er sérlega athyglisvert, ekki síst fyrir okkur jafnaðarmenn, að meðan norræna módelið nýtur vaxandi athygli og virðingar á alþjóðavettvangi er æ minna talað um bandaríska frjálshyggjumódelið, sem hefur mjög smitað inn í áherslur núverandi ríkisstjórnar. Áhersla bandaríska módelsins á síngirni, hámarksgróða, markaðstrú, ríkisfjandskap og skattleysi stenst ekki dóm reynslunnar,” sagði Össur.

Hann sagði að norræna módelið væri skilgetið afkvæmi jafnaðarflokkanna og verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlöndunum. Það spinni úr þráðum hinna gömlu og góðu gilda klassískrar jafnaðarstefnu nýjar lausnir á nýjum vandamálum þar sem samábyrgð og félagslegt velferðarnet ýti undir skapandi afl einstaklingsins.

### Fimm meginmarkmið

Össur sagði að vöxt þjóðartekna á næstu árum ætti að nýta til þess að ná fram fimm meginmarkmiðum sem byggja eigi upp í anda jafnaðarstefnunnar og norræna módelsins. Þau séu í fyrsta lagi efling velferðarþjónustunnar, þar sem sérstök áhersla verði lögð á að útrýma launamisrétti í samfélaginu. Í öðru lagi stórefling á fjárfestingu í menntun og heilbrigði. Í þriðja lagi leiðrétting á hlut sveitarfélaganna og undirbúningur að frekari tilfærslu á verkefnum til þeirra. Í fjórða lagi að búa frumkvöðlum, sprotafyrirtækjum, smáfyrirtækjum og einyrkjum skilyrði eins og best þekkjast í heiminum og í fimmta lagi umsköpun samfélagsins í sátt við landið okkar til þess að bregðast við yfirvofandi umhverfisvá.

Hann sagði að vissulega ríkti velsæld á Íslandi. „En við höfum vaxandi áhyggjur af því hve margir verða útundan í velsældinni á Íslandi,“ sagði Össur. Hann sagði að láglaunafólk, aldraðir og öryrkjar hafi dregist aftur úr í kjörum á valdatíma núverandi ríkisstjórnar miðað við aðra hópa í samfélaginu. „Við höfum mótað tillögur um hvernig bæta eigi úr því,“ sagði hann.

### Erum á réttri leið

Að lokum hvatti hann landsfundarfulltrúa til að vinna vel og vera virk á þessum þriðja landsfundi Samfylkingarinnar. „Við erum á réttri leið og við skulum ekki láta persónukjör hér á fundinum trufla um of þau mikilvægu verk sem hér þarf að vinna. Höfum það hugfast að við eigum innan skamms brýnt erindi við kjósendur. Við erum hér á næstu þremur dögum að leggja drögin að komandi sigrum. Það eru málefnin, sannfæringin og samstaðan sem munu færa okkur sigrana,“ sagði Össur.

„Sýnum samstöðu og eindrægni. Það eru mín helstu skilaboð til ykkar í upphafi þessarar sögulegu samkomu íslenskra jafnaðarmanna,“ sagði hann að lokum og var fagnað með standandi lófataki. ■




byggtogbúð Smáralind 554 7760 Kringlunni 568 9400



Sterling gasgrill 1104

**17.500 kr.**

Penninn Eymundsson



Matarást – 50% afsláttur

**7.990 kr.**

Jens



Hvítagullshjarta m/demöntum

**65.200 kr.**

byggtogbúð Smáralind 554 7760 Kringlunni 568 9400



Kitchen Aid hrærivél, matreiðslubók og svunta

**frá 35.910 kr.**

Jens



Steikarsett, silfur

**16.300 kr.**

ÚTILÍF



HIgh Peak Kira tjald fyrir 3

**8.990 kr.**

Hans Petersen



Kodak DX 7590 myndavél og prentstöð

**54.900 kr.**

byggtogbúð Smáralind 554 7760 Kringlunni 568 9400



Broil King Regal 20 XL

**52.500 kr.**

# Gjafadagar



ÚTILÍF

HANS PETERSEN

byggtogbúið Kringlunni 568 9400 Smáralind 554 7760









Char Broil Seguia gasgrill
**24.999 kr.**

Colorado Lady gönguskór
**14.990 kr.**

42” Samsung plasmaskjár
**199.900 kr.**

George Foreman snúningsgrill
**8.999 kr.**

byggtogbúið Kringlunni 568 9400 Smáralind 554 7760

Jens









Kitchen Aid brauðrist, 2ja sneiða
**frá 19.905 kr.**

George Foreman heilsugrill
**7.990 kr.**

Kitchen Aid blandari
**frá 15.580kr.**

Bindisnæla/ermahnappar
**7.800/8.600 kr.**

# 12. - 22. maí

## Veislustemning í göngugötu

Fallegri gjafavöru og veislubúnaði úr verslunum Kringlunnar stillt upp í göngugötu.

## Brúðkaupsgjafaleikur

Þú gætir unnið **glæsilega gjöf** úr einhverri af verslunum Kringlunnar og brúðhjónin sem þú ætlar að samgleðjast gætu unnið **ferð fyrir tvo til San Francisco** með Icelandair.




## Klakalistaverk

Íslandsmeistarinn í klakaskurði, Ottó Magnússon, sýnir listir sínar kl. 14 fyrir framan verslunina *Í húsinu*.

**Opið 10–18 í dag**

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| **Verslanir** | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| **Ævintýraland** | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

**Veitingastaðir** og **Kringlubíó** eru með opið lengur á kvöldin.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Hvernig stendur á verðstríði á matvörumarkaði? Ríkir ekki fákeppni og samþjöppun í íslenskri verslun?

## Fegurð fákeppninnar

Ef það hefur farið framhjá einhverjum þá er rétt að ítreka að þessa dagana geisar verðstríð á íslenskum matvörumarkaði. Frá því í janúar hefur verð á mat- og drykkjarvöru lækkað um tæplega 10 prósent samkvæmt vísitölu neysluverðs. Fyrir vikið er verðbólga hér heldur minni en ella hefði verið, og það er eitthvað sem íslensk heimili með sín verðtryggðu lán geta glaðst saman yfir fyrir utan augljósan ávinning af lægra vöruverði.

Lækkun á mat og drykk er reyndar miklu meiri en tíu prósentin sem vísitalan segir til um þegar aðeins er skoðað verðlag í þeim tveimur verslunarkeðjum sem takast á um hylli hagsýnna húsmæðra og annarra neytenda. Samkvæmt verðlagskönnunum ASÍ hefur verðlag í Bónus lækkað um 37 prósent og í Krónunni um 33 prósent frá því að Krónan skoraði Bónus á hólm á lágvöruverslunarmarkaðinum. Fæstir bjuggust við að það stríð myndi vara lengi en nú tæplega þremur mánuðum síðar sér ekki enn fyrir endann á því. Og við neytendur gleðjumst. Vonandi halda Bónus og Krónan áfram að berjast sem lengst og harðast. Áfram Bónus! Áfram Krónan!

En nú kann einhver að spyrja hvernig á þessu standi? Ríkir ekki fákeppni og samþjöppun í íslenskri verslun? Er ekki hættan af stóru viðskiptasamsteypunum einhver mesta vá sem þessi þjóð hefur staðið frammi fyrir? Eru stóru samsteypurnar á bak við Bónus og Krónuna, það er Hagar og Norvik, ekki þær hinar sömu og ætla að eignast allt Ísland? Jú, það passar. Rétti þeir upp hönd sem vilja stöðva þær og endurvekja alla litlu kaupmennina og gamla góða heildsalaveldið.

Fákeppni og samþjöppun þurfa ekki endilega að vera skammaryrði eins og svo margir vilja halda. Liggur ekki í augum uppi að fá mjög öflug fyrirtæki geta boðið fólki betra verð en mörg lítil og veik? Það er að minnsta kosti sá veruleiki sem starir í augun á okkur Íslendingum. Að minnsta kosti öllum þeim sem eru ekki með þau lokuð.

Hættan við fákeppnina er þegar fyrirtækin taka höndum saman og ákveða að níðast á viðskiptavinum sínum. Við þekkjum slík dæmi alltof vel. Olíufélögin stóðu í slíkum subbuskap og líka tryggingafélögin og þeim hefur verið refsað.

Við erum með samkeppnislög og þar er ekkert sem segir að fyrirtæki megi ekki þjappa sér saman, stækka, styrkjast og verða markaðsráðandi. Bæði Hagar og Norvik með allar sínar verslanir: Hagkaup, Nóatún, 10-11, 11-11, Krónuna og Bónus eru í markaðsráðandi stöðu. En baráttan þeirra á milli er líka hörð. Ef einhver slaki sést þar á kemur til kasta samkeppnisyfirvalda.

Mikið væri það gaman ef lögsaga samkeppnisyfirvalda næði líka yfir ríkið sjálft og landbúnaðarstefnu þess. Um 70 prósent af matarinnkaupum heimilanna í landinu eru íslenskar vörur og þar vigta landbúnaðarvörur þyngst og þær eru verndaðar gegn samkeppni með sérstökum lögum.

En þar til það breytist höldum við að minnsta kosti áfram að segja áfram Krónan! Og áfram Bónus! ■

Alltaf hagstætt
ÓB
ódýrt bensín
14 stöðvar!
www.ob.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Frekar við bændaskóla?

Skiptar skoðanir eru um þá ákvörðun stjórnenda Viðskiptaháskólans á Bifröst að kenna nýja prófessorsstöðu við skólann við hinn umdeilda stjórnmálamann Jónas Jónsson frá Hriflu. Sigurður Már Jónsson fjallar um þetta í pistli í Viðskiptablaðinu í gær og segir að „líklega hefði farið betur á því að setja prófessorsstöðuna upp við bændaskólana á Hólum eða Hvanneyri“. Hann segir að Jónas hafi verið „stjórnlyndismaður af þeirri gerð sem hneigðist til öfgastefna í upphafi síðustu aldar enda taldi hann að meginmarkmið þjóðarinnar ætti að vera að „göfga og efla íslenska kynþáttinn“. Þó vissulega hafi hann verið maður sinnar tíðar, mótaður af fátækt bændaþjóðfélagsins þar sem allt skorti og hertur í stéttaátökum þar sem allt var lagt undir, þá verður ekki undan því vikist að hann var pólitískur stríðsmaður umfram allt,“ skrifar Sigurður Már.

### Góðir skólar

Ekki vitum við hér á Fréttablaðinu nóg um námskrár bændaskólanna til að útskýra af hverju prófessorsembætti kennt við Jónas á frekar heima þar en í menntasetri Samfylkingarinnar á Bifröst. Við höldum að þetta séu góðir skólar sem ástæðulaust sé að tengja við stjórnmálamenn eða flokka. Og ekki vitum við til þess að þeir hafi sérstaklega á kennsluskrá sinni „að göfga og efla íslenska kynþáttinn“, svo verðugt verkefni sem það er nú annars.

### Of kurteis

Og Sigurður Már skrifar enn fremur: „Tungutak Jónasar og stíll var með þeim hætti að undan hlaut að svíða enda var honum tamt að tala um gróðapunga, braskara, síldargróssera, spekúlanta og Grimsby-liðið, svo fátt eitt sé nefnt“. Rétt er að Jónas frá Hriflu kvað fast að orði í stjórnmálasennum og notaði ýmsar óviðeigandi glósur um andstæðinga sína. En það er áreiðanlega misskilningur að hann hafi notað orðið „gróðapungur“. Til þess var hann of kurteis í ókurteisi sinni. Elsta heimild ritmálsskrár Orðabókar Háskólans um þetta orð er frá árinu 1990.



gm@frettabladid.is

## Júróvisjón í skólum og á spítölum

LAUGARDAGSBRÉF
RÍKISPOPP



GUNNAR SMÁRI EGILSSON

Er ekki hægt að skilgreina lögin í Júróvisjón sem ríkispopp? Þetta er vissulega poppmúsík – en samt sérstök deild innan hennar. Það má einna helst finna skyldleika við þá tónlist sem er spiluð í kvöldþáttum þýskra sjónvarpsstöðva; tónlist sem á að halda flestum innan fjölskyldunnar kjurum í sófanum. Til þess má ekki ganga fram af neinum. Halda öllum ekki endilega góðum – heldur aðeins kyrrum þar til lagið er búið og einhver birtist á skjánum til að segja eitthvað sniðugt. Ekki fyndið – en samt svolítið sniðugt.

Júróvisjón ber líka keim af sólarlandaferðum. Þar er tónlistin eins og maturinn; ber engin sérstök einkenni, ekkert sérstakt bragð, enga sérstaka angan eða lit – eins og meginlandsmorgunverður. Slíkan morgunverð borðar enginn heima hjá sér en allir sameinast um hann í fríinu. Meginlandsmorgunverður er einskismannsland; hlutlaust svæði – málamiðlun.

Júróvisjón er eina sameiginlega afurð evrópskra ríkissjónvarpsstöðva og því ágætt dæmi um getu og möguleika ríkisvaldsins til að stuðla að og byggja upp menningarafurðir – eða hvaða afurðir sem er ef því er að skipta.

*Júróvisjón er eina sameiginlega afurð evrópskra ríkissjónvarpsstöðva og því ágætt dæmi um getu og möguleika ríkisvaldsins til að stuðla að og byggja upp menningarafurðir – eða hvaða afurðir sem er ef því er að skipta.*

Til að skilja hvers vegna Júróvisjónlögin eru eins og vond og raun ber vitni þurfum við að skilja ákvarðanaferli innan ríkisvaldsins. Ríkisvaldið er stuðningsbatterí stjórnmálaflokka sem byggja stöðu sína á árangri í almennum kosningum – ekki ósvipuðum og stigagjöfinni í Júróvisjón. Þar sem fáir bera hlýjan hug til stjórnmálamanna, elska þá heitt eða treysta þeim fullkomlega, er markmið þeirra fremur að forðast að snúa almenningi gegn sér en að vinna fólk á sitt band. Það er heillavænlegra fyrir stjórnmálamenn að ýta undir vantrú almennings á andstæðingum sínum en að reyna að byggja upp traust á þeim sjálfum. Forsenda fyrir langri stjórnarsetu stjórnmálaflokka og langlífi stjórnmálamanna á valdastól er léleg stjórnarandstaða – ekki góð verk stjórna eða skörungsleg framganga ráðherra. Það er alltaf best fyrir stjórnmálamenn að gera sem minnst og vona að andstæðingarnir spili rassinn úr buxunum. Þeir stjórnmálamenn sem ætla að koma einhverju í verk lifa stutt og njóta aldrei ávaxtanna.

En þetta vita allir. Einnig að þessi afstaða hefur seytlað niður allt stjórnkerfi ríkisvaldsins, leikur um allar stofnanir þess og afurðir. Eins og hjá stjórnmálaflokkunum er markmið þjónustu á vegum ríkisvaldsins það að gera nóg til að forðast beina uppreisn viðskiptavinanna – það er ef viðkomandi stofnun er ekki lögvarin fyrir slíkum uppreisnum með heimild til einokunar eða annars konar vernd gegn vilja og væntingum almennings. Markmið starfseminnar er ekki að koma einhverju til leiðar, ná meiri árangri eða stefna hærra heldur að halda öllum góðum – ekki glöðum eða ánægðum – heldur góðum í sömu merkingu og notuð er um hunda. Góður voffi! Það er hundur sem gerir ekkert.

Þótt Júróvisjónlögin séu undirdeild í poppheimum og örsmátt skúmaskot í kjallara tónlistarheimsins eiga þau fullkomlega heima í ríkisvæddri veröld okkar. Þau eru sérstök af því að ríkið er lítill þátttakandi í poppinu. En Júróvisjónlögin eru meginstefin í menntakerfinu okkar og heilbrigðisþjónustu. Þar fær enginn að slá á nýjan streng og öll þjónusta er miðuð að því að styggja sem fæsta. Og þar sem við höfum ekki samanburðinn sitjum við öll kjur í sófanum. Hittumst í meginlandsmorgunverði skólanna og heilsugæslustöðvanna. Úr því að enginn annar fær neitt betra á diskinn sinn látum við þetta gott heita. Ef við heyrðum aldrei annan tón en Júróvisjóntón myndum við líka án efa dilla okkur við litháíska lagið og tékkneskan takt. ■



Sögukunnátta Íslendinga
Fann Leifur heppni Ísland?
Söguþjóðin virðist ekki alveg með söguna á hreinu



LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
vísir

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Ágúst Ólafur er forystumaður til framtíðar

**UMRÆÐAN**
VARAFORMANNSKJÖR SAMFYLKINGARINNAR



**ANNA SIGRÚN BALDURSDÓTTIR**

Þessa dagana er samfylkingarfólk um allt land að taka afstöðu til formannsefnanna tveggja, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og Össurs Skarphéðinssonar. Þegar kjöri formanns hefur verið lýst á landfundi í Egilshöll laugardaginn 21. maí verður kosið til embættis varaformanns. Nokkur umræða hefur skapast um að hugsanlegur varaformaður ætti e.t.v. að koma úr röðum stuðningsmanns þess formannskandídats sem í minni pokann má láta. Einhverjar raddir hafa verið um að nauðsynlegt sé að varaformaðurinn komi af landsbyggðinni. Enn aðrir telja æskilegt að varaformaðurinn verði ekki af sama kyni og formaðurinn. Ef sameina ætti þessi skilyrði í einni persónu væri viðkomandi úr „tapliðinu“, utan af landi og af óræðu kyni. Allt eru þetta þættir sem eðlilegt er að horfa til, en geta þó ekki ráðið úrslitum um val á varaformanni flokksins. Þar verður fyrst og fremst að taka mið af því hlutverki sem varaformaðurinn hefur í flokksstarfinu. Varaformaður Samfylkingarinnar ber m.a. ábyrgð á innra starfi flokksins. Það er hans að sjá til þess að málefnavinna sé öflug meðal almennra flokksmanna, einnig á milli kosninga. Það er varaformaðurinn sem ber ábyrgð á því alltaf sé til staðar frjór jarðvegur fyrir nýjar hugmyndir og fjöruga umræðu.

Við síðustu alþingiskosningar settist á Alþingi fjöldi nýrra og ungra þingmanna sem miklar vonir voru bundnar við. Ágúst Ólafur Ágústsson er nánast sá eini sem staðið hefur undir þeim væntingum. Dugnaður, þrautseigja og ákveðni hefur einkennt málflutning hans í öllum málum. Auk þess að vera öflugur málsvari fjölskyldunnar hefur hann beitt sér með eftirtektarverðum hætti í heilbrigðismálum og fleiri flóknum málaflokkum, sem þingreyndara fólk hefur forðast eða gefist upp á. Hógvær málflutningur Ágústar endurspeglar heiðarleika hans og einlægan vilja til að koma góðum málum til leiðar. Stuðningur minn við Ágúst Ólaf byggir þó fyrst og fremst á þeirri skoðun minni að hann sé sá forystumaður í flokknum sem hvað skýrast endurspegli viðhorf frjálslyndrar jafnaðarstefnu. Þetta hefur Ágúst sýnt með framgöngu sinni á þingi og flutningi athyglisverðra mála, s.s. um að heimila heilbrigðisstéttum og stofnunum að auglýsa þjónustu sína.

Sem áður segir ber varaformaður flokksins ábyrgð á innra starfi hans. Öflugt starf Ágústar í heilbrigðishópi Samfylkingarinnar og undirbúningi að stofnun félagsskaparins Jafnaðarmenn í atvinnurekstri, svo eitthvað sé nefnt, sýnir að þar fer maður sem staðið getur undir slíkri ábyrgð. Forsaga hans og reynsla úr starfi sem formaður UJ gefur honum sömuleiðis góða reynslu og forsendur til embættis varaformanns.

Ljóst er að hvernig sem formannskjör flokksins fer verður ekki skortur á reynsluboltum í forystusveitinni. Það er því mikilvægt að í þeirri sveit verði skírskotun til framtíðar og Ágúst Ólafur er augljós kostur til þess. Ég hvet því alla landsfundarfulltrúa til að kjósa Ágúst Ólaf Ágústsson varaformann Samfylkingarinnar um aðra helgi.

*Höfundur er framkvæmdastjóri og varaformaður Samtaka jafnaðarmanna í atvinnurekstri.*

**BRÉF TIL BLAÐSINS**

## Platverð á innfluttum bílum

**Ásgeir Karlsson skrifar:**

Í Fréttablaðinu þann 19. maí sl. birtist frétt þar sem talað var um platverð á innfluttum bílum frá Ameríku. Er vitnað í þá Snorra Pál Jónsson, framkvæmdastjóra hjá IB ehf á Selfossi, og Egil Jóhannsson, forstjóra hjá Brimborg. Þar segja þeir að altalað sé að nánast sé ekki fluttur inn bíll frá Ameríku nema að greiddir hafi verið 5.000 dollarar undir borðið og þetta er gert m.a. til að ná fram lægra vörugjaldi. Því viðgengst að um sé að ræða platverð á bílum frá Ameríku.

Þetta eru mjög alvarlegar ásakanir hjá þeim félögum og spurning hvort ekki sé rétt að gera þá kröfu að þeir komi með skýr dæmi þar sem þetta hefur verið gert eða er hér aðeins um gróusögur að ræða? Ég flutti nýverið inn nýjan bíl frá Ameríku þar sem ekkert platverð var um að ræða en þrátt fyrir það kostaði bíllinn mig mun minna hingað kominn en sambærilegur bíll hefði kostað í umboðinu hér á landi.

Fólk hefur verið að nýta sér lágt gengi dollarans að undanförnu og flutt sjálft inn bíla frá Ameríku og í flestum tilfellum hefur það hagnast á þessum viðskiptum miðað við að kaupa bílana frá umboðunum, því auðvitað taka þau eitthvað fyrir sinn snúð. Ég skil vel gremju þeirra umboða sem eiga þarna hlut að máli því auðvitað verða þau af þessum viðskiptum, en það er fulllangt gengið að væna allt fólk um lögbrot sem er að flytja inn bíla frá Ameríku.

Að lokum velti ég því fyrir mér, úr því almenningur er að gera svona góð kaup í Ameríku, hvort hugsanlegt sé að umboðin hafi ekki lækkað sína bíla í samræmi við gengi dollarans.

**AF NETINU**

**Það kvað vera fallegt í Kína**

Maður rekur upp stór augu ef maður sér kaupsýslumann í Reykjavík þessa dagana. Þeir eru allir komnir austur til Kína með Ólafi Ragnari vini sínum. Frændi minn er staddur í Kína sem óbreyttur ferðamaður og rakst hvarvetna á íslenska bisnessmenn með dollaraglampa í augum. Það er svosem ekki nema von að þeir séu spenntir. Í þrælakistum alþýðulýðveldisins er hægt að láta framleiða fyrir sig alls kyns góss fyrir ekki nema brot af því sem það kostar hér.

Annars vekur athygli að Davíð Oddsson utanríkisráðherra skuli ekki vera með í opinberri heimsókn sem er gert svona mikið úr. Hann fór til Póllands að messa um mannréttindi – og þykir sumum kyn eftir að hann lét skrúfa fyrir peninga til mannréttindaskrifstofunnar á Íslandi. Raunar gátu þeir ekki valið lágtsettari ráðherra í Kínaförina – Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra var sett í djobbið.

Kannski er talið að við getum ýmislegt lært af Kínverjum í umhverfisverndarmálum – ein ástæðan fyrir því að vestrænir kapítalistar eru svo spenntir yfir Kína er að þeir gefa skít í umhverfið.

**Egill Helgason á visir.is**

**LEIÐRÉTTING**

Þau leiðu mistök urðu í viðtali við Magnús Magnússon á forsíðu Allt blaðsins í gær að hann var í tvígang rangnefndur. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

Ert þú að tapa réttindum

Eftirtaldir lífeyrissjóðir hafa sent sjóðfélögum yfirlit um iðgjaldagreiðslur á árinu 2004:

Lífeyrissjóður Austurlands
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur
Lífeyrissjóður bænda
Lífeyrissjóðurinn Framsýn
Lífeyrissjóður Norðurlands
Lífeyrissjóður Rangæinga
Lífeyrissjóður sjómanna
Lífeyrissjóður Suðurlands
Lífeyrissjóður Suðurnesja
Lífeyrissjóðurinn Lífiðn
Lífeyrissjóður verkfræðinga
Lífeyrissjóður Vestfirðinga
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Lífeyrissjóður Vesturlands
Sameinaði lífeyrissjóðurinn
Samvinnulífeyrissjóðurinn
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Fáir þú ekki yfirlit,

en dregið hefur verið af launum þínum í einn eða fleiri af ofangreindum lífeyrissjóðum, eða ef launaseðlum ber ekki saman við yfirlitið, skalt þú hafa samband við viðkomandi lífeyrissjóð hið allra fyrsta.

Við vanskil á greiðslum iðgjalda í lífeyrissjóð er hætta á að dýrmæt réttindi tapist. Þar á meðal má nefna:




Gættu réttar þíns

Til þess að iðgjöld launamanna njóti ábyrgðar Ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota, skulu launamenn innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits ganga úr skugga um skil vinnuveitenda til viðkomandi lífeyrissjóðs. Séu vanskil á iðgjöldum skal launamaður innan sömu tímamarka leggja lífeyrissjóði til afrit launaseðla fyrir það tímabil sem er í vanskilum. Komi athugasemd ekki fram frá launamanni er viðkomandi lífeyrissjóður einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd, enda hafi lífeyrissjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna.

Helgarblað DV

Margrét Elíza í Ungfrú Íslandi

Var næstum 100 kíló eftir nauðgunartilraun






Hefur þú séð DV í dag?



MAÐUR VIKUNNAR

# Aðsópsmikill og fyrirmannlegur

ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON FORSETI ÍSLANDS

Kastljós fjölmiðla í Kína og á Íslandi hefur undanfarna daga beinst að Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, sem er á vikuferðalagi þar austur frá í boði stjórnvalda. Í heimspressunni er ekkert um heimsóknina að finna. Það þarf svo sem ekki að koma á óvart enda daglegur viðburður að þjóðhöfðingjar og stjórnmálaforingjar heimsæki hver annan. Áherslur þær sem forsetinn hefur lagt á mannréttindi og lýðræði í viðræðum við kínverska ráðamenn og í fyrirlestri í háskóla í Peking – og mega teljast fréttnæmar – hafa greinilega ekki spurst til vestrænna fjölmiðla enda gæta hinir kínversku þess að minnast ekki á þetta einu orði. Spurning hvort ekki væri viðeigandi að aðstoðarmenn forsetans kæmu ræðunni á framfæri.

En er ferð Ólafs Ragnars þá gagnslaus skrautsýning? Það er ekki víst. Fyrir Ísland – fyrir okkar þröngu hagsmuni – liggur gildi ferðarinnar öðru fremur í viðskiptanefndinni stóru – tvöhundruðmannanefndinni – sem fylgir forsetanum. Íslenskir kaupsýslumenn hafa verið í mikilli útrás á undanförnum misserum og vel má vera að þeir uppgötvi gull og græna skóga í Kína. Þar í landi býr milljarður manna og það verður að teljast dálaglegur markaður fyrir litla þjóð eins og Íslendinga. Það er Íslendingunum líklega til stuðnings í þessum áformum að Kínverjum virðist finnast betra að prófa sig áfram með viðskipti við Vesturlönd með samskiptum við litlar þjóðir eins og okkur. Ekki þurfa þeir að óttast yfirgang víkinganna í silkifötunum en telja sig ýmislegt af þeim geta lært.

Kínaferðin hefur heppnast vel og verður að teljast skrautfjöður í hatt Ólafs Ragnars Grímssonar.



TEIKNING: HELGI SIG. – HUGVERKA.IS

Áður fyrr komu hörðustu andstæðingar hans og gagnrýnendur úr röðum kaupsýslumanna. Fáir í þeirri stétt studdu hann í forsetakjöri 1996. En nú elta þeir hann á röndum og lofa hann og prísa, ekki bara í Kína heldur hvar sem hann fer. Enda hafa viðhorf Ólafs Ragnars gerbreyst. Sem stjórnmálamaður var hann ekki hliðhollur athafnamönnum og viðskiptalífi – svo vægt sé til orða tekið – en nú kveður við annan tón hjá honum. Nú eru helstu vinir hans og viðhlæjendur úr stétt auðmanna og framtaksmanna og mikilvægi frjálsra viðskipta, samkeppni og einkaframtaks er eitt helsta stefið í ræðum forsetans. Efasemdir um markaðinn og gagnrýni á viðskiptalífið heyrast helst frá Morgunblaðinu og Davíð Oddssyni utanríkisráðherra sem – nota bene – gætir þess að vera hvegi nálægur þar sem Ólafur Ragnar er á ferð eins og hefðin þó býður.

Þriðja kjörtímabil Ólafs Ragnars Grímssonar hefur verið viðburðaríkt og ber þar auðvitað hæst lagasynjunina í fyrrasumar, sem þá var af ýmsum talin hafa breytt eðli forsetaembættisins. Athyglisvert er hve lítið er um það efni talað nú og virðist margir vilji gleyma atvikinu. Jafnvel forsetinn sjálfur hefur ekki hátt um það. En hvaða skoðun sem menn hafa á því sögulega inngripi í starf Alþingis eða pólitískri fortíð og persónu Ólafs Ragnars Grímssonar er það almenn skoðun – og réttmæt – að hann standi sig vel í embætti og sé landi og þjóð til sóma á alþjóðavettvangi, aðsópsmikill, upplitsdjarfur og fyrirmannlegur í framgöngu. Lítil þjóð með stórar hugmyndir þarf slíka foringja. ■

# Við hvað eruð þið hræddir?

KRISTJÓN KORMÁKUR GUÐJÓNSSON RITHÖFUNDUR SKRIFAR OPIÐ BRÉF TIL BJÖRNS BJARNASONAR DÓMSMÁLARÁÐHERRA

Komdu sæll Björn Bjarnason!

Ég las að þú og þitt fólk hefðuð hafnað beiðni 45 ára gamallar konu, sem í dag er 47 ára, um að ættleiða barn frá Kína. Samkvæmt fréttum er líf þessarar konu rammað prýðilega inn. Hún á eigin íbúð, stendur ágætlega fjárhagslega og er með kennaramenntun sem og sérkennaramenntun. Hún hefur tök á að vera töluvert heima og hefur sýnt góðmennsku sína og hæfileika með því að sinna fötluðum bróður sínum. Þið hafnið henni svo sökum aldurs og þyngdar.

Mín fyrsta spurning er því: Hverskonar MTV-hugsunarháttur á sér stað í ráðuneytinu þínu, Björn? Nú er ég ekki viss um að þú vitir hvað ég á við. Á MTV-sjónvarpsstöðinni eru spiluð tónlistarmyndbönd. Í aðalhlutverki eru yfirleitt léttklæddar meyjar, smurðar olíu, sem dilla sér eggjandi í takt við tónlistina. Þar eru engar feitabollur eða aldraðar konur. Á hvaða sjónvarpsefni horfið þið í dómsmálaráðuneytinu?

Mér þykir höfnun þessi afar sérkennileg, svo ekki sé kveðið fastar að orði, því þó konan sé yfir kjörþyngd hefur hjartalæknir metið hana og niðurstaðan var að hann fann enga hafa hættu á hjarta – eða æðasjúkdómum. Það sniðgenguð einnig umsögn Barnaverndarnefndar á Akureyri, sem mælti eindregið með því að hún fengi að verða móðir. Við hvað eruð þið hræddir? Haldið þið kannski að það sé hætta á að hún setjist á barnið og þurfi að fá sér nýtt? Við fáránlegum ákvörðunum dettur manni í hug fáránleg svör.

Nú eignaðist Unnur Jökulsdóttir, frænka mín, dóttur er hún fékk barn frá Kína og er það ekkert leyndarmál, enda hafa þær mæðgur komið fram í fjölmiðlum. Hún var á svipuðum aldri og konan er núna þegar hún fékk afskaplega vel heppnaða litla telpu í hendurnar. Munurinn á Unni og þessari konu er sá að Unnur er ekki feit. Þær eru hinsvegar báðar einstæðar, á svipuðum aldri, fjárhagslega vel stæðar og hafa aðstöðu til að vera heima, þannig að rökin um að hún sé of gömul falla um sjálft sig. Eftir stendur líkamlegt ástand hennar og ákvörðunin hlýtur því að byggja á því, aldur hennar er aðeins afsökun sem gripið er til. Það sér hver maður.

Mér líst ekki á þessa þróun, Björn, sem þú ert að taka þátt í. Það er stöðugt verið að dæma fólk úr leik í þjóðfélaginu. Óþekkt í krökkum er orðin krankleiki, veiki, svipað og að vera með hita, fólk lætur lækna frekjuna í sér með Prósak og konur sem eru yfir kjörþyngd eiga svo ekki að ala upp börn. Það er vond lykt af þessu.

Að lokum vil ég bæta því við að hún amma mín átti fjórtán börn. Hún bjó á Hornströndum og þangað var ekki hægt að komast akandi. Hún sá um alla matseld, stórþvotta, mjólkaði kýr og rakaði hey og Guð má vita hvað. Öll börnin hennar eru á lífi, sjálf er hún að verða níræð. Hún var yfir kjörþyngd eins og svo margar mæður þessa lands. Og fyrst amma gat séð um alla þessa krakka treysti ég þessari konu fullkomlega til þess að sjá um eitt barn. Hvernig væri svo að skipta um sjónvarpsstöð, Björn Bjarnason? ■

# Eurovision Plan B

## Hvaða land vinnur Eurovision?

Veldu lagið sem þú heldur að vinni í Eurovision.
Ef þú hefur rétt fyrir þér þá færðu sjónvarpstækið endurgreitt.




## MEDION 27"

**Mynd í mynd**
Tækið er útbúið mynd í mynd tækninni sem er mjög þægileg fyrir þá sem vilja vita hvað er að gerast hverju sinni.

**Ótal tengimöguleikar**
Sjónvarpið er útbúið 2 scart tengjum sem auðveldar tengingar við DVD spilara, heimabíó eða afruglara. Einnig er tækið útbúið 2x S-VHS og RGB tengi.

**Tengdu við tölvuna**
Medion flatsjónvarpið er með inngang fyrir tölvur. Upplausnin býður uppá góða mynd jafnvel á 27" tæki.

**High Definition Ready**
Sjónvarpið er með 1280x720 dpi upplausn á meðan hefðbundinn sjónvörp eru með 640x480 dpi. Flatsjónvarpið getur því skilað skýrari mynd en þú átt að venjast.

WIDE SCREEN · HDTV READY

** 9.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
119.988

**MEDION 27" LCD TV**
MD41527
- 27" LCD Skjár • High Definition ready • Upplausn 1280x720 • Mynd í Mynd (PIP)
- Contrast 500:1 • Birta 500cd/m2 • Textavarp • Magnari 2x 10W RMS
- Tengi: 2 Scart/RGB/2 S-VHS/ 1 Component • PC-inngangur / Tengi fyrir heyrnatól
- Fjarstýring

Á sjónvarpsborðið eða upp á vegg!
Veggfesting ekki innifalin

**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

## Kaupaukar með öllum sjónvörpum

Kaupauki 1 – Subway partý platti
+ Kaupauki 2 – Fjórpakki af Coke
+ Kaupauki 3 – Eurovision diskurinn með Selmu
+ Kaupauki 4 – Möguleiki á endurgreiðslu

## MEDION

Kauptu núna byrjaðu að borga í ágúst

**Medion 42" Plasmasjónvarp**
MD35798
- Mynd í Mynd (PIP)
- Tveir sjónvarpsmóttakarar
- Mikil skerpa, 5000:1
- Birta 1000cd/m2
- Textavarp með 2100 síðna minni
- HDTV stuðningur, 720p, 1080i
- Innbyggðir víðóma hátalarar
- Styður PAL/NTSC/SECAM
- DVI-I tengi sem styður VGA og DVI búnað
- 2 EURO SCART tengi
- Composite video tengi (RCA)
- S-Video tengi (MINI DIN)

HDTV READY · WIDE SCREEN · 42" Plasmasjónvarp

Medion 42" Plasmasjónvörpin **eru uppseld.**
Kauptu núna og fyrsta greiðslan verður ekki fyrr en í ágúst.
Sjónvörpin verða afhend **16 júní.**

19.999 **
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
239.988 STAÐGREITT

## SONY

**Mynd í mynd**
Tækið er útbúið mynd í mynd tækninni sem er mjög þægileg fyrir þá sem vilja vita hvað er að gerast hverju sinni.

**Advanced 100HZ**
með Advanced 100 Hz Digital motion tækninni er myndflökt ekki til staðar.

**Picture Power**
Þessi tækni bæði eykur myndupplausn sem tryggir betri og skýrari mynd

**Fjölnota fjarstýring**
Með tækinu kemur forritanleg fjarstýring fyrir DVD spilara og myndbandstæki frá öðrum framleiðendum.

**SONY 32" SJÓNVARP100 HZ FQ86**
KV-32FQ86
- 32" FD Trinitron myndlampi
- Bjögunarlaus flatur myndlampi
- 100 Hz Picture Power
- Stafræn myndleiðrétting (DNR)
- Mynd í mynd
- Magnari: 2x20w og 30w bassi
- Virtual Dolby Surround BBE
- 3 Scart tengi
- Textavarp 2000 bls minni
- Fjarstýring f fjölda DVD og myndbandstæ

32" · WIDE SCREEN

** 9.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
119.988

SONY GÆÐI

## DENVER

**DENVER 28" SJÓNVARP**
DTN-2822
- 28" Black Matrix myndlampi
- Textavarp
- AV tengi að framan
- 2x Scarttengi/RGB
- Fjarstýring

28"

Gott verð

** 2.799
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
33.988

Verðstríð alla daga!

PlayStation 2 – singstar

2.399

BT

Singstar fylgir öllum sjónvörpum

FYLGIR

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

# KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.089 **+0,30%**

**Fjöldi viðskipta:** 299
**Velta:** 1.766 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Actavis** | 3,94% | **Kögun** | -2,20% |
| **Hampiðjan** | 3,08% | **Atorka** | -1,64% |
| **Burðarás** | 1,05% | **SÍF** | -1,58% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 44,80 +3,94% ... Atorka 6,00 -1,64% ... Bakkavör 34,30 +0,29% ... Burðarás 14,50 +1,05% ... FL Group 14,75 +0,34% ... Flaga 5,03 +0,60% ... Íslandsbanki 13,25 +0,38% ... KB banki 534,00 -0,19% ... Kögun 62,30 -2,20% ... Landsbankinn 16,50 – ... Marel 56,00 -0,88% ... Og fjarskipti 4,17 -0,71% ... Samherji 12,10 – ... Straumur 11,80 +0,43% ... Össur 80,50 +0,63%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Innheimtugjöld af símum

Tæknin lætur ekki að sér hæða og framþróun farsímanna heldur áfram. Telia Sonera í Svíþjóð hefur nú hafið sjónvarpssendingar í farsíma. Þessi nýja þjónusta skapar þó ýmis vandamál. Svíar eru, eins og Íslendingar, með afnotagjaldakerfi af sjónvarpstækjum. Samkvæmt reglum þar í landi er ekki talinn nokkur vafi á því að greiða beri afnotagjöld af símunum sem ná slíkum sjónvarpssendingum. Krafan er sú að símar sem seldir verða í Svíþjóð verði skráðir og eigendurnir greiði afnotagjöld. Þarna er augljóslega að verða til tekjustofn sem Rúv gæti nýtt sér til að rétta af tapið af stofnuninni. Svo gæti Markús komið sér upp eftirlitskerfi líkt og með sjónvarpstækjaeign þar sem gengið er að næsta manni og sagt: „Góðan daginn. Við erum frá innheimtudeild Rúv. Megum við skoða símann þinn." Er þá ekki nefskattur skárri?



### Sögusagnir um verðmiða

Annars gengur sú saga fjöllunum hærra að hæsta boð í Símann hljóði upp á 70 milljarða. Fyrir þá peninga getur ríkið gert ýmislegt. Byggt hátæknisjúkrahús eins og Davíð boðaði og borað fullt af óarðbærum göngum.

Ekki er vitað hver á að eiga þetta boð í Símann eða hversu hátt fjárfestahópur Almennings bauð. Gárungar hafa verið að leika sér með það að þetta sé fjölskylduvænn hópur, svona eins og bindindismótið í Galtalæk.

Þarna er Ólafur Jóhann á einum palli og KEA á þeim næsta og almenningur í tjöldunum.

Einn grínarinn spurði þegar hann sá hópinn: „Hvar eru Halli og Laddi?"

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Hagnaður **Opinna kerfa** á fyrsta ársfjórðungi var 57 milljónir. Á sama tímabili í fyrra var hagnaðurinn 58 milljónir.

Stjórn **Actavis** hefur samþykkt kaupréttaráætlun fyrir félagið en áætlunin mun taka til æðstu stjórnenda. Nánar verður kynnt um úthlutun á næstunni, þegar endanlega hefur verið ákveðið hverjir fái kauprétt.

Samræmd vísitala neysluverðs hækkaði um 1,6 prósent á Íslandi í síðasta mánuði. Þetta er töluvert undir meðaltali á Evrópska efnahagssvæðinu sem var 2,1 prósent. Þetta kom fram á vef **Hagstofu Íslands**.

Hlutabréf í Lundúnum hækkuðu í gær. **FTSE** vísitalan hækkaði um 0,18 prósent. Í Þýskalandi hækkaði **Dax** um 0,01 prósent en í Tókíó lækkaði **Nikkei** um 0,36 prósent.

# „Skandia er á góðu verði"

**Friðrik Jóhannsson, forstjóri Burðaráss, telur Skandia vera á hagstæðu verði. Burðarás keypti eitt prósent í Skandia eftir að það spurðist út að Old Mutual vildi ræða við stjórn Skandia um yfirtöku.**

Burðarás keypti eitt prósent í Skandia á föstudaginn fyrir hvítasunnu eftir að tilkynnt var um áhuga Old Mutual á að yfirtaka Skandia. Friðrik Jóhannsson, forstjóri Burðaráss, staðfestir þetta við Fréttablaðið. Kaupverðið fæst ekki gefið en gera má ráð fyrir því að Burðarás hafi greitt um 38-40 sænskar krónur á hvern hlut. Markaðsvirði hlutabréfa Burðaráss í Skandia er um sextán milljarðar króna.

„Við teljum að hlutabréf í Skandia séu á góðu verði," segir Friðrik. Burðarás hóf að kaupa í Skandia í janúar síðastliðnum og er nú næststærsti hluthafinn með 4,4 prósenta hlut. Friðrik vill ekki gefa það upp hvort Burðarás hyggi á frekari kaup í Skandia.

Bent hefur verið á það að tækifæri gætu legið í því að selja einstaka hluta félagsins og er talið að Old Mutual líti einkum til tryggingastarfseminnar í Bretlandi. Skandia hefur átt í töluverðum erfiðleikum á undanförnum árum en bréf félagsins hafa lækkað um 80 prósent frá árinu 2000 eftir að markaður með net- og fjarskiptafélög hrundi. Ekki bætti úr skák að Skandia var harðlega gagnrýnt fyrir að greiða stjórnendum háa bónusa og var forstjóri félagsins látinn taka pokann sinn í ársbyrjun 2004.

**- eþa**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FRIÐRIK JÓHANNSSON** Skandia er á hagstæðu verði að mati Burðaráss. Félagið keypti eitt prósent í sænska tryggingarisanum eftir að Old Mutual lýsti yfir áhuga sínum á að ræða við stjórn Skandia um yfirtöku.





G

Nýr Glæsibær

## Glæsibær býður þér í grillveislu í dag kl. 12-14

- Grillaðar pylsur frá **SS**, ís frá **Kjörís** og gos frá **Vífilfelli**.
- Lifandi **tónlist**.
- Freistandi **tilboð** í öllum verslunum.

**Fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna - láttu þig ekki vanta!**


# Actavis sækir inn á Bandaríkin

**Forstjórinn segir þetta vera stórt skref fyrir Actavis til að komast inn á markað í Bandaríkjunum, stærsta lyfjamarkað heims.**

Actavis steig í gær stórt skref á innreið sinni á bandaríska lyfjamarkaðinn, þann langstærsta í heimi, með kaupum á samheitalyfjafyrirtækinu Amide. Actavis kaupir félagið á hálfan milljarð Bandaríkjadala – um 33 milljarða íslenskra króna.

„Þetta er stórt og mikið skref fyrir okkur sem við höfum stefnt að í töluverðan tíma," segir Róbert Wessmann forstjóri. Hann segir að mörg félög í Bandaríkjunum hafi verið skoðuð áður en tekin var ákvörðun um að kaupa Amide en félagið hafi ekki verið til sölu þegar Actavis talaði við forsvarsmenn þess fyrst.

„Það sem skipti meginmáli þegar við skoðuðum félagið var að þeirra vörulína skaraðist mjög lítið við okkar," segir Róbert. Það þýðir að fjöldi lyfja sem Actavis-samstæðan býður upp á stækkar töluvert. Að sögn Róberts eru nú um 140 ný lyf í þróun hjá hinu sameinaða félagi og segir hann að staða Actavis hvað það varðar sé með því besta innan þessa geira.

Með kaupunum gefst Actavis kostur á því að setja öll lyf sín á Bandaríkjamarkað í framtíðinni að sögn Róberts. Amide hefur mikla reynslu af samskiptum við bandaríska lyfjaeftirlitið og segir Róbert það koma til með að gagnast Actavis. „Við höfum verið að byggja upp þessa þekkingu hjá Actavis síðustu árin og þetta kemur sem hrein viðbót og mun styrkja okkar eigin þróun," segir hann.

Róbert segir að verðið á Amide sé umtalsvert lægra en gengur og gerist á markaðnum í Bandaríkjunum sé tekið mið af kennitölum í rekstrinum. Amide er einkafyrirtæki en hagnaður á rekstrinum í fyrra, áður en skattar eru reiknaðir, var 42,3 milljónir evra (um 3,4 milljarðar króna) en hagnaður Actavis fyrir skatta var 78,5 milljónir evra (um 6,3 milljarðar).

„Reksturinn hefur verið gríðarlega góður. Félagið óx um tuttugu prósent milli áranna 2003 og 2004 og er að skila gríðarlega hárri framlegð. Þannig að reksturinn á Amide hefur verið í mjög góðum höndum," segir Róbert. Hann segir það mikið ánægjuefni fyrir Actavis að helstu lykilstarfsmenn í Amide hafi fallist á að halda áfram störfum.

Félagið mun selja hlutabréf og gefa út ný til þess að fjármagna kaupin. Að auki var tilkynnt um lánasamning sem gerður hefur verið um endurfjármögnun skulda Actavis.

**thkjart@frettabladid.is**



**RÓBERT WESSMANN OG DIVYA C. PATEL** Patel er forstjóri Amide og tekur sæti í framkvæmdastjórn Actavis.

# Kögun undir væntingum

Kögun hagnaðist um 105 milljónir króna fyrstu þrjá mánuði ársins. Það er mun minni hagnaður en spáð hafði verið. Samanburður við fyrsta ársfjórðung 2004 er erfiður þar sem samstæðan er gjörbreytt eftir kaupin á Opnum kerfum Group.

Hagnaður fyrir skatta og afskriftir var 337 milljónir króna og námu rekstrartekjur 4,1 milljarði króna sem er nokkuð undir væntingum. Framlegð var 8,2 prósent, sem er innan markmiða félagsins, þar af 15,7 prósent af hugbúnaði og 4,1 prósent af vélbúnaði og þjónustu. Stærstur hluti hagnaðarins verður til á Íslandi eða 94 milljónir króna. Framlegðin í Svíþjóð var ekki nema þrjú prósent og hagnaður þar um sex milljónir eftir skatta.

**- eþa**



FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Hagnaður Kögunar var 105 milljónir á fyrsta ársfjórðungi sem var undir væntingum. Veltan er minni en spáð hafði verið en framlegðin fyrir samsteypuna í heild er í takt við markmið félagsins.

**SPÁR OG AFKOMA KÖGUNAR**

| | |
|---|---|
| **Hagnaður** | **105** |
| Spá Íslandsbanka | 145 |
| Spá KB banka | 155 |
| Spá Landsbankans | 255 |
| Meðaltalsspá | 185 |

# Starbucks til Kína

Starbucks-kaffihúsakeðjan hyggst hefja innrás á Kínamarkað. Starbucks-menn, sem reka rúmlega 9 þúsund verslanir víðs vegar um heiminn, segja gríðarlega góð vaxtarskilyrði í Kína um þessar mundir og að landið rúmi mun fleiri Starbucks-verslanir en þær 120 sem fyrir eru.

Forseti Starbucks, Martin Coles, segir að Kínaævintýrið muni ekki bera ávöxt strax. Fyrst þurfi Kínverjar að breyta drykkjuvenjum sínum, en þeir hafa löngum verið þekktir fyrir mikla tedrykkju.

- jsk

# Útfluningur að mestu til EES-landa

## Íslendingar flytja mest út til Bretlands, Þýskalands og Hollands.

Evrópska efnahagssvæðið (EES) var stærsta markaðssvæði Íslands árið 2004. Fóru 78 prósent alls útflutnings landsins til þess svæðis, sem er talsverð aukning frá árinu 2000.

Skýrist það að mestu leyti af stækkun Evrópusambandsins, en það stækkaði úr fimmtán löndum í 25 á árinu. Lítilsháttar aukning varð á innflutningi frá svæðinu.

Árið 2004 voru fluttar út vörur fyrir 202 milljarða króna og flutt var inn fyrir 240 milljarða, sem þýðir að vöruskiptahallinn við útlönd nam tæpum 38 milljörðum króna.

Útflutningur jókst um ellefu prósent frá fyrra ári en innflutningur um tuttugu prósent.

Sjávarafurðir voru sextíu prósent alls útflutnings en skiptingin var öllu jafnari í innflutningnum. Mest var flutt út til Bretlands, Þýskalands og Hollands en innflutningur kom að stærstum hluta frá Þýskalandi, Bandaríkjunum og Noregi. Mest aukning varð á innflutningi bíla og annarra flutningstækja.

Inn- og útflutningur frá Bandaríkjunum og Japan minnkaði talsvert.

Þetta kemur fram í hefti Hagstofunnar, Utanríkisverslun með vörur 2004.

- jsk



**UTANRÍKISVERSLUN ÍSLENDINGA 2004***

| ÚTFLUTNINGUR 2004 | | INNFLUTNINGUR 2004 | |
|---|---|---|---|
| Fiskur | 108 | Flutningatæki | 28 |
| Ál | 37 | Jarðolía | 22 |
| Skepnufóður | 13 | Rafmagnstæki | 15 |
| Lyfja- og lækningavörur | 9 | vinnuvélar | 14 |
| Járn og stál | 6 | Ýmsar iðnaðarvörur | 11 |

***allar tölur í milljörðum króna.** **Heimild: Hagstofa Íslands**



**NÝBYGGINGAR** Mikill munur á byggingarkostnaði og húsnæðisverði leiðir til þess að margir sjá sér hag í að byggja.

# Hagstæðara að byggja

Vísitala byggingarkostnaðar, sem mælir kostnað við nýbyggingar, er 313,3 stig, reiknuð eftir verðlagi um miðjan maí. Hún hækkar um 0,16 prósent frá fyrri mánuði. Vísitalan gildir fyrir júní.

Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala byggingarkostnaðar hækkað um 4,5 prósent. Húsnæðisverð hefur hins vegar hækkað um 19,8 prósent á sama tíma. Þessi mikli munur leiðir til þess að fleiri sjá sér hag í að fara út í nýbyggingar.

- jsk



**VÍSITALA NEYSLUVERÐS LÆKKAR** Rakið til mikillar samkeppni á dagvörumarkaði.

# Vísitala lækkar

Samræmd vísitala neysluverðs á Íslandi var í apríl 129,2 stig og lækkaði um 0,5 prósent frá fyrra mánuði, aðallega vegna mikillar samkeppni á dagvörumarkaði. Á sama tíma var vísitalan fyrir EES-ríkin 117,5 stig og hækkaði um 0,4 prósent.

Á 12 mánaða tímabili frá apríl 2004 var verðbólgan 2,1 prósent að meðaltali bæði í ríkjum EES og á evrusvæðinu, og 1,6 prósent á Íslandi.

Mest var verðbólgan 7,1 prósent í Lettlandi og minnst 0,4 prósent í Svíþjóð.

- jsk




ÚTSÖLUSTAÐIR

**LJÓSIN Í BÆNUM,** Suðurveri / **RAFBÚÐIN ÁLFASKEIÐI,** Hafnarfirði / **BYMOS,** Mosfellsbæ / **RAFBÚÐ RÓ,** Keflavík / **BLÓMSTURVELLIR,** Hellissandi / **ÞRISTUR,** Ísafirði **KAUPF. HVAMMSTANGA** / **KH. BLÖNDUÓSI** / **RAFSJÁ,** Sauðárkrók / **RAFLAMPAR,** Akureyri / **ÖRYGGI,** Húsavík / **SVEINN GUÐMUNDSSON,** Egilsstöðum / **RAFALDA,** Neskaupstað / **HS RAF,** Eskifirði / **KLÖRUBÚÐ,** Djúpavogi / **LÓNIÐ,** Höfn / **KLAKKUR,** Vík / **GEISLI,** Vestmannaeyjum

# Ljóslifandi




Yfir 900 ljósmyndir og teikningar

Á annað hundrað gröf og skýringarmyndir

Hátt í 500 kort

243 efnisskiptar opnur um alla helstu þætti Íslandssögunnar frá landnámi til okkar daga

Ítarleg skrá um efnisatriði og nöfn

# Íslandssaga

**Íslandssagan í máli og myndum** lýkur upp sögu lands og þjóðar með samspili texta, mynda og korta.

Einstaklega skemmtilegt og heillandi verk sem sameinar kosti handbókar og yfirlitsrits. Bók sem er ánægjulegt að fletta og fróðlegt að lesa.

Tímabundið kynningarverð
17.980 kr.
Fullt verð 19.980 kr.




KOMIN Í VERSLANIR!

Loksins er Íslandssagan frá landnámi til okkar daga fáanleg í einu heilsteyptu verki sem hvert heimili í landinu verður að eiga.

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Eflaust hrífst margur fjölmiðlamaðurinn af fjölgun fjölmiðla, ekki síst ef hann hefur fengið í hendur alræðisvald yfir þeim. Sjálfbirgingslegt tal forsvarsmanna fjölmiðla sem fremur eru á yfirborðið en dýptina er hins vegar ekki sannfærandi. Einokun í útvarpi og sjónvarpi kemur ekki aftur. En verkefnið er að stuðla að aukinni dýpt og fjölbreytni. Það verður ekki gert með því að leggja Ríkisútvarpið niður og fjölga síðan þeim stöðvum sem allar framreiða ofan í okkur sama einsleita efnið.“*

***Ögmundur Jónasson um orð Gunnars Smára Egilssonar í Speglinum á RÚV, á vef sínum ogmundur.is, 20. maí.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

## Úr bakherberginu...

### Hræsni Kínverja

„Þetta er óskaplega hræsnisfullt tal,“ voru viðbrögð Einars K. Guðfinnssonar, þingflokksformanns Sjálfstæðisflokksins, af fréttum um að kínverskir ráðamenn hefðu sagt Ólafi Ragnari Grímssyni forseta að þeir vildu hefja milliliðalausar viðræður við þingmenn, frjáls félagasamtök og aðra áhugasama um mannréttindi.

Einar fór mikinn á heimasíðu sinni og sagði meðal annars: „Ekki hefur verið þverfótað fyrir kínverskum stórmennum hér á landi síðustu misserin. Ferðast þessir herramenn í mikilli fjölda fylgd og forðast eins og heitan eldinn að láta almenning fá færi á að ræða við sig. Hafa þeir jafnvel sniðgengið Alþingi til þess að þurfa ekki að hitta þá sem þeir telja óæskilega. Óhjákvæmilega hitta hinir kínversku ráðamenn ráðherra og þingmenn hér á landi, sem ætíð taka upp mannréttindamál við þá. Svörin hafa einlægt verið í þessum dúr. Lítið gert úr misgjörðum fortíðar en boðuð rósrauð og elskuleg framtíð! Það sem þeir segja núna er því í svipuðum dúr og fyrrum.“

### Hin eina rétta mynd



Þórunn Sveinbjarnardóttir virðist ekkert hrifnari á heimasíðu sinni. Þetta skrifar hún til þeirra sem fóru til Kína. „Mig langar að leggja til við þetta góða fólk að það líti vel í kringum sig á ferðalagi sínu um Kína. Að það geri sér ferð út úr borgunum og fimm stjörnu hótelunum og tali við einhverja aðra en forskrifaða kínverska leiðsögumenn. Leiðsögumenn hins opinbera munu ekki segja íslenskum ferðalöngum frá afleiðingum menningarbyltingarinnar; frá ódæðinu á Torgi hins himneska friðar; frá ástandinu í Tíbet eða í Xinjiang-héraði; frá ömurlegum afleiðingum eins-barnsstefnunnar í landi þar sem allir vilja eignast son; frá dauðarefsingum og mannréttindabrotum. Að sjálfsögðu sjá kínversk stjórnvöld sér engan hag í að draga upp neikvæða mynd af stjórnarfarinu í Kína. Þau, rétt eins og hin íslensku, vilja að ferðamenn fái „hina einu réttu mynd“ af landi og þjóð. Við verðum að vona að hið íslenska gests auga sé glöggt.“




Ágæti lóðarhafi, hefur þú tekið frá stæði fyrir hreyfihamlaða?

Og merkt það rétt?

Við stærri byggingar þarf að gera ráð fyrir aðgengi hreyfihamlaðra. 1% bílastæða skal vera sérstaklega merkt og gert fyrir hreyfihamlaða, þó aldrei minna en eitt stæði.

Bílastæðasjóður ...svo í borg sé leggjandi



2

ÚRSLIT KOSNINGA TIL FORMANNS SAMFYLKINGAR

Í beinni útsendingu kl. 12 í opinni dagskrá

Viðtöl við Ingibjörgu Sólrúnu og Össur Skarphéðinsson eftir úrslit.




# Varaformannskosning í skugga formannskjörs

**Fulltrúar á landsfundi Samfylkingar kjósa í dag varaformann, eftir að tilkynnt hefur verið hver verður formaður. Ágúst Ólafur Ágústsson og Lúðvík Bergvinsson hafa þegar gefið kost á sér en fleiri kunna að bætast í hópinn og kunna úrslit í formannskjöri að hafa sitt að segja um niðurstöðuna.**



**ÁGÚST ÓLAFUR MEÐ DÓTTUR SINNI** „Ég býð mig fram sem einstaklingur og er ekki undir öðrum hvorum frambjóðandanum á neinn hátt.“

Ágúst Ólafur Ágústsson:

## Málsvari allra kjördæma

Fyrir landsfund Samfylkingarinnar var nokkuð rætt um það manna á meðal að ungliðar styddu Ágúst Ólaf Ágústsson þingmann í embætti varaformanns, en kjörið fer fram eftir hádegi í dag. Jafnvel, að ungliðar hefðu unnvörpum gengið í Samfylkinguna til þess að styðja Ágúst Ólaf.

„Ég hef ekki hugmynd um hvort svo sé,“ segir Ágúst. „Ég færi að sjálfsögðu ekki í þennan slag ef ég hefði aðeins stuðning frá ungliðunum. Sjálfur er ég brattur og bjartsýnn og ætla að gera mitt besta.“

Í varaformannslagnum er það einmitt talið Lúðvíki Bergvinssyni mótframbjóðandanum til tekna að vera af landsbyggðinni og það haft gegn Ágústi Ólafi. Það kunni að draga úr möguleikum hans.

„Ég lít á mig sem málsvara allra kjördæma og treysti mér til þess að gæta hagsmuna allra kjördæma, landsbyggðarinnar sem og höfuðborgarbúa. Ég hef gert það hingað til. Ég fæ góðan stuðning af landsbyggðinni og þetta virðist ekki vefjast fyrir mönnum þar. Þetta snýst um viðkomandi frambjóðanda og gagnvart flokksmönnum, sem velja sér varaformann, snýst þetta vonandi um hæfni og hæfi þeirra,“ segir Ágúst Ólafur.

Almennt er talið að forysta Samfylkingarinnar þurfi að endurspegla ákveðna breidd. Þetta getur vísað til búsetu, kyns og jafnvel arma innan Samfylkingarinnar. Ágúst hefur haldið fram hlutleysi sínu gagnvart frambjóðendunum tveimur í formannskjörinu eftir að hann bauð sig fram til varaformanns. Til eru þeir sem telja að hann hafi þar með fallið frá opinberum stuðningi við Össur Skarphéðinsson.

„Ég býð mig fram á eigin forsendum og hef aldrei lýst yfir stuðningi við annan hvorn frambjóðandann í formannskjörinu. Ég býð mig fram sem einstaklingur og er ekki undir öðrum hvorum frambjóðandanum á neinn hátt. Ég vona að menn meti það. Ég tek ekkert mark á svona sögum en þær fara alltaf af stað.“ ■



**LÚÐVÍK MEÐ FJÖLSKYLDU SINNI** Segir það ekki hafa áhrif á framboð sitt þó að rætt sé að hugsanlegir málamiðlunarframbjóðendur kunni að gefa kost á sér eftir því hvernig formannskjörið fer.

Lúðvík Bergvinsson:

## Spurning um reynslu og bakgrunn

„Ég tel mig hafa þá reynslu, þekkingu og getu sem þarf til að takast á við þetta verkefni. Ég tel að hún muni nýtast mjög vel,“ segir Lúðvík Bergvinsson þingmaður, sem hefur gefið kost á sér í embætti varaformanns Samfylkingar.

„Hlutverk varaformannsins er auðvitað fyrst og fremst að vera annar tveggja forystumanna flokksins, í öðru lagi að vinna að stefnumótun flokksins og í þriðja lagi að koma fram fyrir hönd flokksins,“ segir Lúðvík aðspurður hvernig hann sjái fyrir sér að starfa nái hann kosningu í embættið. „Síðan er náttúrlega þátttaka í uppbyggingu flokksins, þannig að það eru næg verkefni.“

Þó að Lúðvík og Ágúst Ólafur séu báðir í hópi ungra þingmanna er bakgrunnur þeirra að nokkru leyti ólíkur, Ágúst er úr Reykjavík en Lúðvík upprunalega úr Vestmannaeyjum, þar sem hann leiddi V-listann í síðustu bæjarstjórnarkosningum.

Þar sem stundum hefur verið bent á að komi formaður flokks úr Reykjavík sé heppilegt að varaformaðurinn komi af landsbyggðinni var Lúðvík spurður hvort hann teldi þetta skipta máli.

„Ég held að það sem skipti sköpum í þessu, alveg sama hver er, sé hver reynsla og bakgrunnur manna er, og þ. á m. hvaðan þeir koma. Ég hef sagt að forysta flokks sem ætlar að vera í forystu í stjórnmálum á Íslandi verður að hafa breiða skírskotun.“

Lúðvík hefur frekar verið talinn til Ingibjargararms Samfylkingar en Össurar. Hann gefur þó lítið fyrir slíkar merkingar. „Ég er á eigin forsendum í mínu framboði, ég hef verið það allan tímann.

Ég hef starfað með Össuri í fimm ár og það hefur gengið vel. Ég hef líka sagt að fáir hafa afrekað það sem Ingibjörg hefur gert.“ Hann kveðst reiðubúinn að starfa með hvoru sem er. „Þetta er bara spurning um hverja flokkurinn vill kalla til verka.“ ■



20" REIÐHJÓL
7500 KR.
Góð fjölskylduhelgi
ALI úrbeinaður svínahnakki
1049 KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1498kr.
EKKERT BRUÐL
20"
SÉRVÖRU VERSLANIR
NORÐANFISKUR FROSINN LAX
699 kg KR
BITAR BEINLAUSIR MEÐ ROÐI
NORÐAN fiskur
5 TÖSKUR KLÁRAR Í LEIFSSTÖÐ
Töskutilboð ársins!
Leonardo
5 TÖSKU FERÐASETT
5999 KR.
FROSINN NORÐANFISKUR
Laxabitar
BEINLAUSIR MEÐ ROÐI
Svínahnakki
ÚRBEINAÐ ALI GRILL
ALI GRILLKÓTELETTUR
1049 KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1498kr.
Steinbítur
MARINERAÐUR FRÁ Í.S.
MARINERAÐUR STEINBÍTUR
719 KR.
40% AFSLÁTTUR
40% afsláttur við kassann
ÍSLENSKT SJÁVARFANG
Svínakótelettur
ALI GRILLKRYDDAÐAR
24 golfboltar MEÐ REYNSLU!
1299 KR.
I. FLOKKUR FROSINN
HUMAR nýveiddur
I. FLOKKS HUMAR
3790 kg KR.
5% afsláttur við kassann
Merkt verð 3990kr.
2 lítrar
89 KR.
99 KÍLÓ KR.
Franskar
FRIAND - 1 KÍLÓ
33cl Coca Cola
49 33cl KR.
139 270g KR.
95 350g KR.
BÓNUS UNG naut 115g x10
10 stykki 115g frosnir ungnautahamborgarar
1099 KR.
GREAT TEXAS
99 300g KR.
-byrjar vissulega í Bónus...

**RAJIV GANDHI (1944-1991)**
Fyrrverandi forsætisráðherra Indlands lést þennan dag.



*„Í nokkra daga hefur fólk talið Indland leika á reiðiskjálfi, en það fylgja því alltaf skjálftar þegar stór tré falla.“*

***Rajiv Gandhi var forsætisráherra Indlands frá árinu 1984 þangað til hann tapaði kosningum árið 1989. Hann var sonur Indiru Gandhi og tók við af henni sem forsætisráðherra þegar hún lést. Rajiv var ráðinn af dögum árið 1991, þá 46 ára að aldri.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÍSLENDINGABÓK

Á sínum tíma sendu starfsmenn Íslendingabókar bréf til fullorðinna Íslendinga sem voru ekki tengdir í Íslendingabók. Þó var ekki hægt að senda bréf til þeirra sem voru búsettir erlendis, þar sem heimilisfang þeirra var ekki skráð í Þjóðskrá. Margir Íslendingar sem búsettir eru erlendis eru því ennþá ótengdir.

**Núna leitum við að upplýsingum um foreldra og maka eftirfarandi einstaklinga:**

Elna O. Sigurðsson (1940), Leif Ellert Sölvason (1935),
Gunnar Karl Þorvaldsson (1928), María Jóhanna Jóhannesdóttir (1916),
Irmingaard Gunnlaugsson (1931), Merle Audrey Hermannsdóttir (1940),
Ívar Elíasson (1937), Sibilla Eiríksdóttir (1938),
Svend Aage Guðbrandsson (1931).

Þeir sem kunna að hafa upplýsingar um viðkomandi eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við starfsfólk Íslendingabókar með tölvupósti á netfangið **islendingabok@islendingabok.is,** í síma **540 7496** eða með því að skrifa bréf til Íslendingabókar, Þverholti 18, 105 Reykjavík.

## MERKISATBURÐIR

**1881** Ameríkudeild Rauða krossins er stofnuð í Washington, höfuðborg Bandaríkjanna.

**1927** Charles A. Lindberg lendir í París eftir að hafa flogið fyrstur manna einsamall milli New York og Parísar.

**1929** Fyrsta kvennastúkan innan Oddfellow-reglunnar á Íslandi er stofnuð.

**1945** Leikarinn Humphrey Bogart giftist leikkonunni Lauren Bacall.

**1955** Chuck Berry tekur upp lagið Maybellene, sem síðar átti eftir að slá rækilega í gegn.

**1983** Ásmundarsafn, safn Ásmundar Sveinssonar við Sigtún í Reykjavík, er opnað.



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar tengdamóður, ömmu og langaömmu*

**Helgu Friðriksdóttur**
frá Krithóli.

Sérstakar þakkir til alls starfsfólks deildar fimm á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks.

**Guðríður Björnsdóttir** **Jónas Kristjánsson**
**Kjartan Björnsson** **Bára Guðmundsdóttir**
**Bára Björnsdóttir**
**Ólafur Björnsson** **Anna Ragnarsdóttir**
**Ömmubörn og langaömmubörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hrönn Jónsdóttir**
Krummahólum 29, Reykjavík,

andaðist á Landakotsspítala 18. maí sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Fylkir Þórisson** **Bärbel Valtýsdóttir**
**Helga Þórisdóttir**
**Jens Þórisson** **Hrafnhildur Óskarsdóttir**
**Konráð Þórisson** **Margrét Auðunsdóttir**
**Jón Þórisson** **Ragnheiður Steindórsdóttir**
**Vörður Þórisson**
**Þorgjörg Þórisdóttir** **Ólafur Pálsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín,*

**Erla Kristjánsdóttir**
ástkær móðir og uppeldismóðir okkar, til heimilis að Bakkastöðum 5a, áður að Hjallalandi 22,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi á Hvítasunnudag 15. maí síðastliðinn.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeir sem vilja minnast hennar er bent á stuðning við eitthvað af eftirfarandi verkefnum Húmanistarhreyfingarinnar: 1) Vinir Afríku, reikningsnúmer: 313-26-67003, kt. 670599-2059, 2)Vinir Indlands, reikningsnúmer: 582-26-6030, kt. 440900-2750, 3) Lestrarátak á Haiti, reikningsnúmer: 1195-05-403072, kt. 480980-0349.

**Hafsteinn Erlendsson**
**Eyrún Björg Hafsteinsdóttir** **Neil Clark**
**Þórður Hafsteinsson**
**Jón Grétar Hafsteinsson** **Dóróthea Siglaugsdóttir**
**Sigrún Hafsteinsdóttir** **Úlfar Finnbjörnsson**
**Ásta Einarsdóttir**
**ömmubörn og langömmubarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

**TÍMAMÓT:** ANDRI FREYR VIÐARSSON, ÚTVARPSMAÐUR, 25 ÁRA

# Fer í nudd með Bogga

„Þetta er stórafmæli, ekki spurning,“ segir Andri Freyr Viðarsson, umsjónarmaður þáttarins Capone á X-FM. Andri var áður betur þekktur sem útvarpsmaðurinn Freysi en hann segir þann hluta af sér ekki sýnilegan núna. „Hann er ekki gleymdur, en hann er einhvers staðar vel grafinn,“ segir Andri, sem virðist njóta þess að geta verið útvarpsmaður í eigin nafni.

Afmælisdagurinn er annars vel skipulagður. „Ég ætla að byrja á því að sofa út, fara síðan í nudd með Bogga vini mínum, sem er snillingur, svo fer ég út að borða með kærustunni minni. Síðan tekur við gott dauðarokkspartí um kvöldið, það verður algjör snilld,“ segir Andri og bætir því við að hann muni sennilega enda á Kaffisetrinu í góðum gír. „Þar er gríðarlega góð stemmning, mikil gleði og karókísöngur fram eftir öllu,“ bætir Andri við.

Annars ætlar Andri sér að sinna tónlistinni af meiri krafti á næstunni. Hann hefur verið í nokkrum hljómsveitum í gegnum tíðina, eins og Fídel, Bisund og Botnleðju. Hann ætlar þó einungis að vera einn með sjálfum sér að þessu sinni, notast við hljóðsmala (sampler) og aðrar tæknigræjur. ■



**ANDRI FREYR VIÐARSSON** Andri er ánægður með sjálfan sig þó Freysa njóti ekki við lengur.



*Okkar elskulega móðir, tengdamóðir, amma, systir og fyrrum eiginkona,*

**Edda Sólrún Einarsdóttir**

lést af slysförum laugardaginn 14. maí. Útför fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 24. maí klukkan 14:00.

**Davíð Viðarsson** **Helga María Harðardóttir**
**Þórir Viðarsson** **Dís Gylfadóttir**
**Ágúst Davíðsson**
**systkini og Viðar Oddgeirsson**


## Blóm á grafreiti

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð við Suðurgötu, Gufuneskirkjugarð og Fossvogskirkjugarð



Upplýsingar alla virka daga frá kl. 9 - 16 í síma 585 2703

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA


## ANDLÁT

**Aðalheiður Jónsdóttir**, Munkaþverárstræti 5, Akureyri, lést laugardaginn 14. maí.

**Ingimundur Elimundarson**, frá Stakkabergi, lést mánudaginn 16. maí.

**Guðrún Vilmundardóttir**, Steinnesi, Austur-Húnavatnssýslu, lést þriðjudaginn 17. maí.

**Hrönn Jónsdóttir**, Krummahólum 29, Reykjavík, lést miðvikudaginn 18. maí.

**Guðni Jóhannes Ásgeirsson**, Kirkjubraut 35, Akranesi, lést miðvikudaginn 18. maí.

**Þorsteinn Stefánsson**, frá Vattanesi við Reyðarfjörð, Hrafnistu, Reykjavík, lést fimmtudaginn 19. maí.

## JARÐARFARIR

11.00 **Guðmundur Einarsson**, Veðramóti, Skagafirði, verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju.

14.00 **Guðrún María Eiríka Egilsdóttir** verður jarðsungin frá Eskifjarðarkirkju.

14:00 **Erla Sigmarsdóttir**, frá Vestmannaeyjum, verður jarðsungin frá Landakirkju í Vestmannaeyjum.

14.00 **Helga Sveinsdóttir**, fyrrverandi símstöðvarstjóri, Vík í Mýrdal, verður jarðsungin frá Víkurkirkju.

14.00 **Guðlaug Valgerður Friðbjarnardóttir**, Hauksstöðum, Vopnafirði, verður jarðsungin frá Hofskirkju.

14.00 **Valgerður Finnbogadóttir**, Bolungarvík, verður jarðsungin frá Hólskirkju í Bolungarvík.

14.00 **Teresa Hallgrímsson**, Túngötu 2, Grindavík, verður jarðsungin frá Grindavíkurkirkju.


Sumartískan
frá ICHI®
ICHI
Gallajakki
blár
st. XS-L
TILBOÐ
5.999kr
Verð áður 6.999-
ICHI
Toppur
koral, hvítur,
svartur
st. XS-L
TILBOÐ
2.499kr
Verð áður 2.999-
ICHI
Skyrta
græn, koral, hvít
st. XS-L
TILBOÐ
2.999kr
Verð áður 3.999-
ICHI
Buxur
hvítar, svartar
st. XS-L
2.999kr
ICHI
Gallabuxur
þvegnar
bláar
st. 26-32
TILBOÐ
4.999kr
Verð áður 5.999-
ICHI
Pils
margir litir
st. XS-L
TILBOÐ
2.499kr
Verð áður 2.999-
ICHI
Hlýrabolur
margir litir
st. XS-L
1.299kr
bullboxer
4.999kr
Bandaskór m/korksóla
grænir, st. 36-41
bullboxer
TILBOÐ
2.999kr
Verð áður 4.999-
Kanvas ballerínuskór
grænir, st. 36-41
TAXI®
TILBOÐ
3.999kr
Verð áður 4.999-
Ballerínuskór
margir litir, st. 36-41
999kr
Kanvas ballerínuskór
hvítir, svartir, rauðir, st. 36-40
Gildir til 23. maí eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer
800 6680
sími
568 2255
HAGKAUPA

# Makleg málagjöld eða pólitískt uppgjör?

**Búist er við að réttarhaldinu yfir Mikhaíl Khodorkovskí ljúki með sakfellingu fyrir skattsvik og auðgunarglæpi. Margir segja það pólitískt uppgjör Pútíns Rússlandsforseta við auðjöfurinn, aðrir maklegan dóm í sakamáli.**



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**STRANGLEGA GÆTT** Liðsmenn öryggissveita rússneska innanríkisráðuneytisins ganga hjá fólki fyrir utan dómhúsið í Moskvu sem heldur á lofti áróðri gegn sakborningnum. Stuðningsmönnum hans var haldið fjarri.

Á mánudaginn var hófst dómsuppkvaðning í umfangsmesta réttarhaldi síðari tíma í Rússlandi, réttarhaldinu yfir kaupsýslumanninum Mikhaíl Khodorkovskí, sem um hríð var auðugasti maður landsins. En þótt upplestur þúsund blaðsíðna dómsorðsins hafi haldið áfram alla vikuna var honum ekki lokið er vikan var á enda. Er jafnvel líkum að því leitt að uppkvaðningin kunni að dragast enn á langinn, allt upp í hálfan mánuð til viðbótar. Verjendur Khodorkovskís halda því fram að yfirvöld hagi þessu svona vísvitandi til að fjölmiðlar og almenningur missi áhugann á málinu áður en það er til lykta leitt.

Að vísu velkist enginn í vafa um að sakborningurinn verði sakfelldur – eins og tilfellið er í um 99 af hundraði allra réttarhalda í Rússlandi – en hugsanlega þó ekki fyrir öll ákæruatriðin og því kunni refsingin að verða eitthvað mildari en sá tíu ára fangelsisdómur sem ákæruvaldið krefst.

Sakirnar sem bornar eru á Khodorkovskí, sem var aðaleigandi og forstjóri olíurisans Yukos, varða skattsvik og fjármálamisferli. En allt frá því er sérsveitarmenn handtóku Khodorkovskí á flugvelli í Síberíu haustið 2003 hefur því verið haldið fram að allur málareksturinn sé af pólitískum rótum runninn; ráðamenn í Kreml með Vladimír Pútín forseta í broddi fylkingar séu að ná sér niðri á Khodorkovskí fyrir að rjúfa óskrifað samkomulag um að auðjöfrar landsins fengju að hafa misjafnlega fengið fé sitt í friði svo lengi sem þeir héldu sig frá stjórnmálaafskiptum. Nánar tiltekið létu það vera að styðja „röng“ stjórnmálaöfl.

Nýjum eigendum rússneskra (áður sovéskra) ríkisfyrirtækja sem einkavædd voru á tíunda áratugnum, þar með talið fjölmiðla, lærðist að eignarhaldinu fylgdi sú óskrifaða skuldbinding að storka ekki þeim sem réðu ríkjum í Kreml. Grun um að hann hefði brotið þessa reglu vakti Khodorkovskí er hann hóf að styrkja nær alla stjórnmálaflokka fjárhagslega, ekki aðeins stjórnarflokkinn. Undir þennan grun ýttu kaup hans á útgáfuréttinum að dagblaðinu Moskovskiye Novosti eftir aldamótin og ráðning þekkts rannsóknarblaðamanns sem kunnur var fyrir gagnrýna umfjöllun um gerðir Pútín-stjórnarinnar.



**FRÉTTASKÝRING**
KHODORKOVSKÍ-MÁLIÐ

AUÐUNN ARNÓRSSON
BLAÐAMAÐUR

Í orði kveðnu vísa talsmenn Kremlar því alfarið á bug að málareksturinn gegn Khodorkovskí sé svona vaxinn. En þó hefur efnahagsmálaráðherrann í rússnesku ríkisstjórninni, German Gref, látið svo ummælt að réttarhaldið sé „að vissu leyti pólitískt“.

Stuðningsmenn Khodorkovskís, þar á meðal skákmeistarinn Garrí Kasparov, kalla réttarhaldið pólitískan skrípaleik og sönnun þess að langt sé í land með að réttarríki sé við lýði í Rússlandi.

### Hátt fall

Fyrir aðeins fáeinum árum virtist Khodorkovskí hafa örugg tök á auði sínum og áhrifastöðu í Rússlandi. Eignir hans voru metnar á allt að fimmtán milljarða Bandaríkjadala, andvirði tæplega 1.000 milljarða króna. Yukos var annað stærsta olíufyrirtækið í landinu og dældi upp um fimmtungi allrar olíu sem flutt var út þaðan. Eins og aðrir ofurríkir Rússar komst Khodorkovskí í álnir er stærstu fyrirtæki landsins voru einkavædd um miðjan tíunda áratuginn. Munaði þar mestu um þau fyrirtæki sem höfðu ráðstöfunarrétt yfir ríkulegum náttúruauðlindum hins víðlenda ríkis. Um það leyti sem einkavæðingin stóð sem hæst, í forsetatíð Borís Jeltsín, var hann meira að segja í svo góðum tengslum við ráðamenn í Kreml að hann sat um skeið í embætti aðstoðarráðherra olíumála.

Khodorkovskí komst í aðstöðu til að auðgast á einkavæðingunni með því að vera meðal fyrstu Sovétborgaranna sem spreyttu sig á kapítalískum áhætturekstri. Sem forystumaður í ungliðahreyfingu sovéska kommúnistaflokksins, Komsomol, hóf hann í lok níunda áratugarins að reka fyrirtæki sem flutti inn tölvur; efnahagsumbóta- og opnunarstefna Gorbatsjovs gerði þetta mögulegt.

Árið 1987 stofnaði Khodorkovskí Menatep-bankann, sem var eitt fárra fjármálafyrirtækja á þeim tíma sem höfðu leyfi yfirvalda til að versla með erlendan gjaldeyri. Með gróðanum gat hann keypt ríkiseignir er þær voru einkavæddar eftir hrun Sovétríkjanna. Yukos-olíufyrirtækið keypti Menatep árið 1995 fyrir 300 milljónir dollara, en yfirtók í kaupunum tveggja milljarða dollara skuldir, sem lét verðið líta út fyrir að vera sanngjarnara. Sex árum síðar var markaðsvirði Yukos orðið hærra en 20 milljarðar dollara. Nú eru hlutabréf þess hins vegar lítils virði. Í kjölfar handtöku Khodorkovskís hafa yfirvöld fengið fyrirtækið dæmt í milljarðasektir fyrir meintan skattundandrátt á liðnum árum, tekið flestar eignir þess eignarnámi og selt arðbærustu einingar þess ríkisolíufyrirtækinu Rosneft, á gjafverði.

### Ekki sá fyrsti sem tekinn er fyrir

Það hvernig Khodorkovskí komst yfir Yukos-hlutabréfin er hvergi nefnt í ákæruskjalinu. Né heldur sá ógagnsæi skógur skúffufyrirtækja í skattaparadísum sem hann og viðskiptafélagar hans notuðu á sínum tíma til að eignast sem flest hlutabréf í einkavæðingarferlinu. Það vill nefnilega svo til að allir aðrir auðmenn Rússlands, svonefndir ólígarkar, eiga auð sinn sams konar aðferðum að þakka. Yrði hulunni svipt af skúffufyrirtækjabraskinu og peningaþvættinu sem því fylgir kynnu að koma fram í dagsljósið nöfn manna sem það gæti komið illa; manna sem eru í aðstöðu til að hindra að rótað verði í þessum grugguga pytti. Enn þann dag í dag er talið að um tíu milljarðar Bandaríkjadollara streymi frá rússneskum aðilum inn á erlenda bankareikninga árlega.

Khodorkovskí er reyndar ekki fyrsti rússneski auðmaðurinn sem yfirvöld hafa tekið fyrir. Skemmst er þess að minnast hvernig Borís Beresovskí, sem var um hríð einn umsvifamesti athafnamaður Rússlands, hraktist í útlegð eftir að hann komst upp á kant við Pútín. Þá var Vladimír Gúsinskí handtekinn eftir að sjónvarpsstöð í hans eigu gerðist gagnrýnni í garð Pútínstjórnarinnar en hún gat liðið. Hann flúði síðan land og fékk hæli í Ísrael. ■


OPIÐ Í DAG

10-14.30

Grillspjót......................................1.690,-

Humar...........................................3.900,-

Risarækjur....................................1.990,-

Hunangsleginn lax........................1.290,-

Rauðvínlegin lúðusteik.................1.690,-

Steinbítssteik picante...................1.290,-

Verið velkomin!

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70




**BAK VIÐ LÁS OG SLÁ** Mikhaíl Khodorkovskí í fangaklefa sínum.

## Óligarkar í ólgusjó

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA AF ÞEKKTUSTU AUÐJÖFRUM RÚSSLANDS?

**Mikhaíl Khodorkovskí,** olíubaróninn sem hefur verið í gæsluvarðhaldi síðan haustið 2003, bíður þess að dómstóll í Moskvu ljúki við að lesa upp dóm yfir honum. Búist er við að hann verði sakfelldur fyrir skattsvik og auðgunarbrot. Hann er einn þekktasti og áhrifamesti maðurinn í hópi svonefndra ólígarka, Rússa sem auðguðust gríðarlega á umdeildri einkavæðingu sovéskra ríkisfyrirtækja. Hér verður litið á hvar nokkrir aðrir þekktustu „ólígarkanna“ eru staddir í lífsins ólgusjó.

**Roman Abramóvitsj** er nú talinn ríkasti maður Rússlands. Samkvæmt mati Forbes Magasine er auður hans um 13,3 milljarðar dollara, andvirði um 860 milljarða króna. Alþjóðlega er hann þekktastur fyrir að hafa fyrir tveimur árum fest kaup á enska knattspyrnufélaginu Chelsea, sem Eiður Smári Guðjohnsen spilar með. Hann er héraðsstjóri Tsjúkotka-héraðs í Síberíu, í norðausturhorni Rússlands. Sibneft-olíufyrirtæki hans er skráð þar og nýtur við það góðs af skattfríðindum sem gilda um fyrirtæki þar. Sjálfur býr hann að mestu í Bretlandi og forðast kastljós fjölmiðla.

**Mikhaíl Fridman** Auður hans er metinn á um sjö milljarða dollara og er hann þar með talinn næstríkasti maður Rússlands eins og er. Hann stýrir Alfa-Group-samsteypunni sem á hlut í fjölda fyrirtækja, aðallega á sviði olíu- og bankaviðskipta og fjarskipta.

**Boris Beresovskí** var álitinn ríkasti maður Rússlands á tíunda áratugnum og var ótvírætt þekktasti ólígarkinn á þeim áratug. Þann orðstír skapaði hann sér bæði fyrir hörku í viðskiptum, en ekki síður fyrir mikil umsvif í fjölmiðlarekstri og góð tengsl við ráðamenn í Kreml í forsetatíð Borís Jeltsín. Hann réð yfir sjónvarpsstöðinni ORT, sem studdi Pútín dyggilega í forsetakosningunum 2000, en eftir þær kastaðist í kekki með þeim. Beresovskí var ákærður fyrir viðskiptasvik og endaði með því að flýja til Bretlands, þar sem hann fékk hæli. Hann segist nú ætla að flytja til Úkraínu eftir að þar komst til valda ríkisstjórn sem hyggst koma landinu út úr segulsviði Moskvuvaldsins.

**Vladimír Gúsinskí** hóf ferilinn í bankaviðskiptum og varð kunnur eftir að hann stofnaði sjónvarpsstöðina NTV, en fréttaflutningur hennar af stríðinu í Tsjetsjeníu hafði mótandi áhrif á almenningsálitið í Rússlandi gagnvart því. Stjórn Pútíns lét handtaka Gúsinskí og sundraði fjölmiðlaveldi hans. Hann flúði til Ísraels og fékk þar ríkisborgararétt.

**Viktor Vekselberg** á eignir í olíu- og málmvinnslufyrirtækjum sem eru metnar á fjóra milljarða dollara.

**Anatolí Tsjúbajs** var aðalhöfundur hins umdeilda kerfis sem farið var eftir við einkavæðingu ríkisfyrirtækja á tíunda áratugnum. Hann er nú forstjóri rússneska raforkueinokunarfyrirtækisins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 3.53 | 13.24 | 22.58 |
| AKUREYRI | 3.15 | 13.09 | 23.06 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

# allt

**bílar** o.fl.
Nissan Pathfinder reynsluekið
BLS. 2



FRÉTTABLAÐIÐ

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

*Góðan dag!*
Í dag er laugardagur 21. maí, 141. dagur ársins 2005.

KRÍLIN




**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR Á 995 KR.
ÞÚ GETUR PANTAÐ ÞÆR Á visir.is
vísir



Davíð Smári segir jeppann sérlegan hentugan þegar hann flytur hey fyrir hrossin sín.

# Draumurinn að eignast amerískan pallbíl

***Söngvarinn Davíð Smári Harðarson er tveggja bíla maður. Honum finnst gott að vera á jeppa í sveitinni.***

„Ég á Nissan Terrano II árgerð '95 og svo á ég líka eina gamla Toyotu sem ég nota í hallæri,“ segir Davíð, sem hefur ekki hugmynd um af hverju hann á tvo bíla. „Þannig er það bara. Ég nota Toyotuna þegar ég er einn og jeppann þegar fleiri eru með mér eða þegar ég er með mikið dót.“

Davíð stundar hestamennsku af kappi og segir gott að eiga jeppa í því sporti. „Ég er svo sem ekki í neinum torfærum en stundum þarf maður að keyra í snjó og drullu uppi í sveit og þá er gott að vera á jeppanum. Hann er örlítið upphækkaður á grind og kemst næstum allt. Það er líka gott að vera á jeppa þegar maður þarf að fara með hey í hrossin eða fá lánaða hestakerru.“

Davíð segist ekki kunna neinar skemmtilegar sögur af bílunum sínum en viðurkennir að hafa einu sinni óvart sett bensín á jeppann, sem er að sjálfsögðu dísilbíll. „Það dældist voðalega hratt á bílinn og ég skildi ekkert í því hvað þetta væri öflug dísildæla. Algjör sauður, en bílnum varð ekki meint af.“

Aðspurður um draumabílinn segist Davíð alltaf hafa verið hrifinn af Chevrolet Silverado og GMC Sierra. „Þetta eru góðir amerískir pallbílar sem mig langar mikið í. Mjög hentugir fyrir alls konar ferðalög því maður kemur öllu dótinu sínu á pallinn. Það kemur sér til dæmis vel þegar maður er að spila og þarf að taka græjurnar með sér. Svo eru þetta öruggir og stórir bílar þannig að maður kemst allt sem maður vill fara. Það er draumurinn að kaupa einn svona amerískan í framtíðinni.“

Davíð Smári hefur ekki setið auðum höndum síðan Idol-stjörnuleit lauk og er þessa dagana að undirbúa plötu sem kemur út í júní.

*thorgunnur@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU
### *í bílum*

**Hyundai** var með fimm bíla á lista yfir þá sem taldir eru vera „besti kosturinn“ í Bílabókinni í Ameríku 2005. Hyundai-bílarnir sem um ræðir eru Santa Fe, Sonata, Accent, Elantra og Coupe. Bílabókin eða „The Car Book“ hefur komið út árlega síðastliðinn aldarfjórðung og er mest notaða handbók bandarískra bílakaupenda.

**Citroën C1** er kominn á markað í Evrópu og er hann einn af þremur smábílum sem Toyota og PSA Peugeot Citroën hafa þróað í sameiningu. Sá fyrsti sem kom á markað var Toyota Aygo, en síðastur verður Peugeot 107. Citroën-bíllinn hefur hlotið góða dóma í reynsluakstri og er honum sérstaklega hrósað fyrir það hversu rúmgóður hann er og fallegur í útliti.

**Toyota Corolla** með dísilvél er á teikniborðinu í Japan og er áætlað að bíllinn komi á markað árið 2007 þegar næsta kynslóð af Toyota verður kynnt. Líklega verður boðið upp á tvær útgáfur af Corollu með 2,2 lítra dísilvél. Toyota er að fylgja því fordæmi sem Skoda Fabia setti í þessum efnum en æ fleiri framleiðendur eru að setja millistóra bíla á markað með dísilvél.



**Citroën Picasso** er nú í öryggisprófum en ný útgáfa af honum er væntanleg á markað. Miklar vonir eru bundnar við að hann nái hæstu einkunn á þessum prófum en forveri hans, Citroën C4, fékk nýverið fimm stjörnur í Euro NCAP. Í nýju útgáfunni hefur rýmið verið aukið til muna í bílnum auk þess sem innréttingin er mun betri. Auk þess er von á spennandi nýjungum.

*bilar@frettabladid.is*

Stilling – betri en bestir
Bílavarahlutir
THULE® SWEDEN SPIRIT
Ferðabox






**Dual-Side**
Dual-Side boxin er hægt að opna frá hvorri hliðinni sem vill, en það auðveldar hleðslu og afhleðslu.

**Dual-Force**
Fjaðurkerfi sem auðveldar að opna og loka boxinu.
*Aðeins frá Thule.*

**Miðlæsing**
Ný öryggislæsing. Ekki er hægt að ná lyklinum út nema boxið sé læst.
*Aðeins frá Thule.*

**Power-Grip**

**Power-Grip**
Með einu handtaki er einfalt og auðvelt að festa boxið. Engir lausir hlutir.
*Aðeins frá Thule.*

Stilling
AÐALNÚMER · SÍMI 520 8000
SKEIFUNNI 11 RVÍK. · SÍMI 520 8001
DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003
www.stilling.is
SMIÐJUVEGI 68 KÓP. · SÍMI 520 8004
BÍLDSHÖFÐA 16 RVÍK. · SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. · SÍMI 520 8006

**Reynsluakstur**
Mikilvægt er að vanda valið við kaup á nýjum bíl og nauðsynlegt að fá að reynsluaka honum. Sniðugt getur verið að koma aftur nokkrum dögum seinna og fá að reynsluaka honum aftur áður en endanleg ákvörðun er tekin.



TOYOTA-þjónusta
BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
CABAS Verkstæði
Tjónaskoðun fyrir tryggingafélögin
Réttum og málum allar tegundir bíla
GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI AF BÍLGREINASAMBANDINU
Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510 - 554 2590 · www.bilasprautun.is

Sláttuvélarnar eru komnar í hús
Flottar vélar – frábær verð
SENTINEL
Allir þekkja hina landsfrægu vara-hluta- og viðgerðaþjónustu okkar.
HVELLUR.com
.. í einum grænum
G. Tómasson ehf • Súðavogur 6 • sími: 577 6400 • www.hvellur.com • hvellur@hvellur.com

GH RÉTTINGAR ehf.
Bílaverkstæði Gísla Hermannssonar
Vagnhöfða 12 - 110 Reykjavík
Tjónaskoðun
Við réttum og málum fyrir þig
CABAS verkstæði

VINNUM EFTIR CABAS-KERFINU
www.muli.is
CABAS verkstæði
MÚLI
Bílaréttingar og sprautun

VÉLASTILLING S.F.
AUÐBREKKU 16 - 200 KÓPAVOGI
SÍMI 554 3140 - FAX 564 4460
Vélastillingar - Hjólastillingar
Tímareimar - Almennar viðgerðir
Framkvæmum véla og hjólastillingar
með fullkomnum stillitækjum

Tjónaskoðun, bifreiðaréttingar og sprautun
CABAS
• Alhliða réttingar og sprautun
• Þjónustuaðili Heklu
BIFREIÐAVERKSTÆÐI JÓNASAR
Skemmuvegur 46 • 200 Kópavogur
Sími 557 1430 & 587 1430 • Fax 567 0087
Netfang: jonasar@jonasar.is

ALLT Á EINUM STAÐ
• SUMARDEKK • HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
• HEILSÁRSDEKK • RAFGEYMAÞJÓNUSTA
• OLÍS SMURSTÖÐ • BREMSUKLOSSAR
• BÓN OG ÞVOTTUR • PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

REYNSLUAKSTUR



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nissan Pathfinder er verklegur bíll og alls ekki ólaglegur.

# Jeppi á þjóðvegi og fjöll

***Höfuðkostur nýja Nissan Pathfinder-jeppans er að hann er framúrskarandi ferðabíll, óháð því á hvers konar vegi ferðast er. Þetta á bæði við um aksturseiginleika og þægindi í búnaði bílsins.***

Nýr Nissan Pathfinder var kynntur hjá Ingvari Helgasyni fyrir skömmu. Pathfinderinn tekur við af Terrano II sem aftur tók við af gamla Pathfindernum um miðjan síðasta áratug. Pathfinder er jeppi af millistærð, á Patrolinn fyrir stóra bróður en er til muna stærri og öflugri en þeir bílar sem í daglegu tali eru kallaðir jepplingar. Bíllinn fæst nú eingöngu með díselvél en verður í haust fáanlegur með 270 hestafla V6 bensínvél.

Nissan Pathfinder er afar vel búinn bíll, ekki síst þegar komið er upp fyrir grunnútfærslu (XE). Meðal skemmtilegs búnaðar í bílnum má nefna áttavita í baksýnisspegli regnskynjara (SE), loftkælingu í aftursæti og minni í sæti og speglum (LE) og bakkmyndavél (IT pakki).

Reynsluekinn var Nissan Pathfinder LE IT. Í þeim bíl eru til dæmis leðursæti, skynvæddur lykill, topplúga og leiðsögukerfi með litaskjá en sá búnaður nýtist ekki nema farið sé til Evrópu, að minnsta kosti ekki að sinni.

Bíllinn er þægilegur í allri umgengni. Hann er vel búinn geymsluhólfum og glasahöldurum, sem er hlutur sem ekki skyldi vanmeta í ferðabíl. Skottið er aðgengilegt og rúmgott og þriðja sætaröðin jafnast alveg við gólf, sé hún ekki í notkun. Miðstöðin er tvískipt þannig að farþegi getur kosið annað hitastig en bílstjóri, auk þess sem aftursætisfarþegar geta sjálfir stýrt hitastigi hjá sér. Allt þetta hjálpar til við að gera Nissan Pathfinder að þeim góða ferðabíl sem hann er.

Bíllinn var hinn ljúfasti í meðförum og öll þægindi og búnaður framúrskarandi. Nissan Pathfinder er fyrsta flokks ferðabíll. Ekki má á milli sjá hvort hann nýtur sín betur á malbiki þar sem hann steinliggur, á malarvegi þar sem ökumaður finnur vel fyrir því að vera á stöðugu og öruggu ökutæki eða á grófum vegi þar jeppaeiginleikarnir njóta sín. Þessir góðu eiginleikar eru þó ögn á kostnað lipurleika sem margir leggja upp úr í innanbæjarakstri. Nissan Pathfinder er því bíll sem hentar þeim best sem leggja meira upp úr góðum eiginleikum ferðabíls en lipurs innanbæjarbíls. ■

Nissan Pathfinder kemur í einni grunnútfærslu hvað varðar stærð og afl en ýmsar útfærslur eru varðandi búnað.
Lengd 4.740 mm
Breidd 1.850
2,5 l 174 hestafla díselvél
XE beinskiptur 3.990.000 kr.

SE beinskiptur 4.450.000 kr.
SE sjálfskiptur 4.650.000 kr.

LE IT sjálfskiptur 5.350.000 kr.

Bíllinn er sjö manna.









olís smurstöð
SMURSTÖÐIN Vogar
20 ára reynsla - Fljót og örugg þjónusta
Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • sími 553 2205

VÍKURVAGNAKERRURNAR ÞESSAR STERKU
Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is



## Áfram veginn

**Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar**

## Reglustikureglugerðin

Það er ekki tekið út með sældinni að vera jeppamaður. Í fyrsta lagi er það kostnaðarsamt að uppfylla þessa ástríðu sína, í öðru lagi eru malbiksbúar oft með ranghugmyndir og fordóma í garð okkar og í þriðja lagi er maður aldrei heima um helgar og getur því ekki verið fullur niðri í bæ að berja fólk, eins og sumum finnst gaman að gera.

Og nú er það opinberlega staðfest að stjórnvöldum er líka illa við jeppafólk.

Fyrir utan óhóflegar álögur á dísilolíu, sem taka gildi í sumar, er nú ætlunin að útiloka alveg vetrarferðir um hálendið. Innan tveggja vikna mun umhverfisráðherra undirrita reglugerð þess efnis að jörð verði að vera þakin 50 cm snjólagi til að keyra megi á henni. Það sama gildir um til dæmis vélsleðaumferð en ekki um hesta, sem þó skilja víða eftir sig ljótari sár en ökutæki eru fær um.

Í dag er akstur utan vega bannaður, að undanskildum akstri á jöklum og jörðu sem er frosin og snævi þakin. Og þessu fara flestir eftir. Þeir sem ekki gera það munu ekki virða nýja reglugerð frekar en þau lög sem nú eru í gildi.

Við hin erum hins vegar í vondum málum. Af hverju 50 cm? Sá sem stakk upp á því virðist ekki vita mikið um snjó eða íslenskt veðurfar. Og allra síst hálendið.

Til að byrja með er alveg sama hvaða leið maður keyrir – maður getur aldrei komist frá A til B án þess að vera einhverntíma á grynnri snjó en 50 cm. Ofan á það blása stundum vindar á Íslandi. Segjum sem svo að mér takist að keyra á Hveravelli í metradjúpum púðursnjó og gisti þar yfir stormasama nótt. Daginn eftir er aðeins 20 cm lag af grjóthörðum og frosnum snjó eftir á hálendinu. Hvað á ég þá að gera? Ég veit að mér væri óhætt að keyra heim án þess að það hefði áhrif á undirlagið... en ég mætti það ekki.

Ekki veit ég hvernig ætlunin er að framfylgja þessari reglugerð en viðurlög við brotum eru allt að tveggja ára fangelsi.

Auðvitað er sjálfsagt að hugsa vel um hálendið okkar en þetta ákvæði er stórfurðulegt og virkar á mig sem farið sé offari gegn útivistarfólki. Og það á sama tíma og hálft hálendið er undirlagt af virkjunarframkvæmdum og tilheyrandi þungaumferð.

Ég veit um marga jeppaeigendur sem sjá fram á að selja bílana sína og fara að stunda miðbæjarbarsmíðar í staðinn. Sjálfur er ég svoddan písl að ég hef ekkert í það að gera. Ég er því að hugsa um að bæta frekar við einu sæti í jeppann til að geta tekið kerfiskarl með reglustiku með mér í ferðir sem passar að ég sé alltaf hálfum metra yfir jörðu. ■

# Tveggja hjóla tryllitæki

***Mótorhjól eru nú til sölu í fyrsta sinn í Bílabúð Benna.***

Bílabúð Benna hefur hafið sölu á mótorhjólum og öllum þeim vörum sem tengjast þeim, og af því tilefni var efnt til mótorhjólasýningar á dögunum sem var vel sótt af áhugamönnum um mótorhjólaíþróttina.

Bílabúðin verður aðallega með Kawasaki og Yamaha-hjól en önnur merki munu einnig slæðast inn. Áhersla er lögð á að veita sérfræðiþekkingu og geta útvegað viðskiptavinunum allt sem til þarf til að takast á við mótorsportið, en Bílabúðin býður upp á sérpöntunarþjónustu. „Við ákváðum að blanda okkur í slaginn og bæta þessu við hjá okkur," segir Ragnar Ingi Stefánsson hjá Bílabúð Benna.

Að hans sögn er verið að mæta kröfum viðskiptavina auk þess sem þetta er eitthvað sem viðskiptavinir og starfsfólk Bílabúðarinnar hefur sýnt mikinn áhuga.



Bílabúð Benna selur nú mótorhjól.



Ragnar Ingi Stefánsson situr fákinn.

## KIA í Reykjavík

SÖLUUMBOÐ OPNAÐ VIÐ HLIÐ HEKLU EN VERÐUR LÍKA ÁFRAM Í GARÐABÆ.

KIA-umboðið á Íslandi opnar á mánudaginn næstkomandi söluumboð að Laugavegi 172 við hlið Heklu hf., en Hekla keypti rekstur KIA-umboðsins fyrr á þessu ári. KIA er einnig með sýningarsal að Flatahrauni í Hafnarfirði og mun verða þar áfram. KIA er sú tegund sem einna mest hefur vaxið hér á landi á þessu ári en sala KIA-bíla hefur fjórfaldast og er markaðshlutdeild KIA nú um 3%.

Kia Motors Corporation er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti á heimsvísu. Fyrirtækið var stofnað árið 1944 og er elsta bílasmiðja Kóreu.







Nýi Discover 3 jeppinn frá Land Rover hefur slegið í gegn.

## B&L í Eyjum um helgina

ÁHERSLA LÖGÐ Á BREIDDINA Í ÚRVALI.

B&L verður með bílasýningu í Eyjum nú um helgina, í samstarfi við Bíla- og vélaverkstæði Harðar og Matta. Yfirskrift sýningarinnar er „Gerðu eitthvað skemmtilegt um helgina – komdu í reynsluakstur".

„Áherslan er lögð á breiddina sem einkennir úrvalið hjá okkur og mun sýningin því vonandi höfða til sem flestra. Sem dæmi get ég nefnt 5 dyra bílinn Getz og nýja fjölskyldubílinn Sonata, sem eru báðir frá Hyundai, auk sportjeppanna Tucson og Santa Fe og 7 manna fjölnotabílinn Trajet. Úr úrvalsdeildinni verður að sjálfsögðu mættur nýi Discovery 3 jeppinn frá Land Rover ásamt nýju 1 línunni frá BMW, auk þess sem Megane-línan frá Renault mun eiga sinn fulltrúa," segir Helga Guðrún Jónasdóttir, kynningarstjóri hjá B&L.

B&L bílasýningin verður opin frá klukkan 12 til 16 bæði í dag og á morgun.


Traust dráttarbeisli
Ásetning á staðnum.





VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

olís SMURSTÖÐ
SMURSTÖÐIN Vogar
20 ára reynsla - Fljót og örugg þjónusta
Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • sími 553 2205







RÉTTINGAVERKSTÆÐI HJARTAR
Hágæða verkstæði með nútíma tækjabúnaði.
• Réttum og málum allar tegundir bíla.
• Þjónustum öll tryggingafélögin.
• Útvegum bílaleigubíla.
• Tjónaskoðun.
TOYOTA ÞJÓNUSTA
Viðurkennt CABAS verkstæði





Smiðjuvegi 56 (rauð gata) • 200 Kópavogi
Sími 587 9020 • Fax 587 9021 • rettingar@rettingar.is

Hágæða Polyurethane húðun í öllum litum
Rhino Linings
Mjög sterk, endingagóð og 100% vatnsheld
Sprautað á flötinn í öllum mögulegum litum





Mjög hagstæð og góð lausn sem hentar vel fyrir pallbíla, báta, iðnaðargólf, hestakerrur, hesthús og margt fleira
Plastver - Drangahrauni 6a - s: 565 0506 - www.plastver.com





SX-85
KTM 85 SX Verð: 529.900,-
Frábært hjól, fáanlegt á 14"/17" og 16"/19" dekkjastærðum.





859.900,- EX-250
KTM 250 EXC Verð: 899.900,-
Frábært til að byrja á.
Bifhjólaskráning = hvít númer.





879.900,- EX-450
KTM 450 EXC Verð: 939.900,-
Eitt vinsælasta Enduro hjólið.
Bifhjólaskráning = hvít númer.





899.900,- EX-525
KTM 525 EXC Verð: 969.900,-
Fyrir þá sem vilja meiri kraft
Bifhjólaskráning = hvít númer..

KTM Ísland ehf
Nethyl 1
110 Reykjavík
S: 586-2800
moto@ktm.is
www.ktm.is
KTM
Öll verð eru staðgreiðsluverð m/ skráningu. Miðast við gengi Evru 1. febrúar 2005

ADALBÍLASALAN VIÐ GRENSÁS


Honda CRV Executive 05/2005 ek 0 km, beinsk,leður,topplúga, Verð 2,950 þús. S:551-7171


Honda CRV Advance 05/2002 ek 37 þ.km,ssk, Verð 2.390 þús. S:551-7171


Honda CRV Advance 04/1999 ek 100 þ.km,ssk, Verð 1,390 þús. S:551-7171


Honda CRV Advance 10/2003 ek 37 þ.km,ssk,leður, Verð 2,590 þús. S:551-7171


Mazda 6 09/2004 ek 6 þ.km,ssk, Verð 2,090 þús. S:551-7171


Nissan X-trail Sport 05/2002 ek 18 þ.km,ssk, Verð 2,190 þús. S:551-7171


Honda CRV Advance 10/2000 ek 65 þ.km,ssk, Verð 1.690 þús. S:551-7171


Subaru Impreza GX Wagon 4wd 09/2002 ek 83 þ.km,beinsk, Verð 1,350 þús. S:551-7171


Peugeot 307SW m/glerþaki 01/2003 ek 54 þ.km,beinsk, Verð 1,480 þús. S:551-7171

ADALBÍLASALAN VIÐ GRENSÁS


Toyota Rav-4 VVTI 05/2002 ek 32 þ.km,ssk,5 dyr, Verð 2,185 þús. S:551-7171


Toyota Rav-4 VVTI 04/2003 ek 34 þ.km,ssk,5 dyr, Verð 2,360 þús. S:551-7171


Honda Jazz LS 1,4i 05/2004 ek 22 þ.km,beinsk,5 dyr, Verð 1.320 þús. S:551-7171


Honda HRV Smart 06/2004 ek 28 þ.km,beinsk,5 dyr, Verð1,850 þús. S:551-7171


Honda Accord 2.0 Comfort 08/2004 ek 7 þ.km,beinsk, Verð 1,990 þús. S:551-7171


Honda Stream V-tec ESI Steptronic 05/2004 ek 12 þ.km,7 manna, Verð 1,990 þús. S:551-7171.


Peugeot 307 XR 10/2004 ek 1 þ.km,beinsk,sýningarbíll, Verð 1,650 þús. S:551-7171


Volvo 960 GL 2,3 Turbo 08/1997 ek 68 þ.km, ssk,Verð 950 þús. S:551-7171


Suzuki Baleno GL 1/1997 ek 120 þ.km,beinsk,ný tímareim, Verð 350 þús ÚTSALA 250 þús !!! S:551-7171

ADALBÍLASALAN VIÐ GRENSÁS


Peugeot 206 Présence 06/2004 ek 21 þ.km beinsk Verð 1,290 þús. S:551-7171


Peugeot 206 RC 180 Hö 09/2004 ek 5 þ.km,beinsk, verð 1,290 þús. S:551-7171

**Aðalbílasalan**
**Grensásvegi 11, 108 Reykjavík**
**Sími: 551 7171**
**www.abs.is**

BÍLASALAN HÖFÐA HÖLLIN
Vagnhöfða 9 · Sími 567-4840 og 660-0065


Toyota Landcr 90 GX 38" Dísel Árg. '00. Ek. 166 þ. km. Álfelgur, dr.kúla, loftdæla ofl ofl. Verð kr. 3790.000. Ath skipti ódýrari.


BMW 318 I. Árg '02. Ek 105 þ.km. Kastarar, fjarst samlæs, innspýting. Verð kr. 2350.000.

**Höfðahöllin**
**Vagnhöfða 9, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

MASTER


Mercedes Benz E 230 Avantgarde árgerð 1996 ek. aðeins 69 þkm. Sjálfskiptur, topplúga, leðurinnrétt. ofl. Verð kr. 1.950.000


Mercedes Benz 280 CE árgerð 1982 ek. 197 þkm. Sjálfskiptur, leðurinnrétting ofl. Einn eigandi í 20 ár, uppgerður 2002 Í fullkomnu standi Verð kr. 1.950.000

**Master ehf**
**Glæsibær Álfheimar 74, 104 Reykjavík**
**Sími: 5402200**
**www.masterbill.is**

MAGNÚSSON EHF

**Innflutningur á notuðum og nýjum bifreiðum frá Þýskalandi og USA. www.bilasolur.is/magnusson**


M.BENZ E 200 K CLASSIC (W211) 2005 módel 06/2004 .Ek.29.þús km ,Silber-metallic 1800cc 163 hö Sjálfskiptur- ABS - 16" Álfelgur - ESP stöðugleikakerfi - CD - Glertopplúga - Hiti í sætum, Leiðsögubúnaður (Navigation), Verð 3.990.000 Ágúst 862-2000 E-mail magnusson@internet.is


(NEW) JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO 4x4 4,7 L USA , Ár 2005 Ek 3.500 km, ABS - Geislaspilari - Glertopplúga - ljósgrátt leður innnan - Dráttarkúla - Vél: 4,7 L "Power Tech V8", Skipting: 5 þrepa, Drif. "Quadra-Drive", - DVD ofl. Verð 4.890.000 Ágúst 862-2000 magnuson@internet.is


BMW 520 I E60 8/2004 ek.24.þús schwarz-metallic Sjálfskiptur 2200cc 171 hö, ABS - 16" Álfelgur - ESP -CD - Glertopplúga - Hiti í sætum - Xenon aðalljós - Aðalljós hreyfast í akstursstefnu, "Bluetooth" ofl. Verð 4.690.000 Ágúst 862-2000 magnusson@internet.is Afhendingartími um 3 vikur.frá Þýskalandi. Fleiri litir fáanlegir með og án leðurs.


VW TOUAREG 4.2 V8 Ár 2004 Ek 31 þ.km 310 hestöfl ABS hemlar - ESP stöðugleikakerfi - CD - Glertopplúga - Hiti í sætum - Hleðslujafnari - Leðuráklæði - Xenon aðalljós- Þjónustubók - Hleðslujafnari -ofl Í, Verð 5.990.000 Ágúst 862-2000 E-mail magnusson@internet.is

BMW 525 IA Ár 04/ 2004 Steingrár Ek 27.þús 192 hö 2500cc Sjálfsk - ABS - ASR spólvörn - 16" Álfelgur - ESP - Geislaspilari - Glertopplúga - Hiti í sætum -Leðuráklæði- Xenon aðalljós - Þjónustubók - Aðalljós hreyfast í akstursstefnu, "Bluetooth" fyrir síma ofl. Verð 5.200.000 Ágúst 862-2000 magnusson@internet.is


BMW 520 I 4/2004 ek.34.þús Svartur.Sjálfskiptur 2200cc 171 hö, ABS - 16" Álfelgur - ESP stöðugleikakerfi -Geislaspilari - Glertopplúga - Hiti í sætum - Xenon aðalljós - Aðalljós hreyfast í akstursstefnu, "Bluetooth" fyrir síma ofl. Verð 4.490.000 Ágúst 862-2000 magnusson@internet.is


Tilboð!!! MITSUBISHI PAJERO LANGUR GDI GLS Ek.31 þús 06.2002 Sjálfskiptur - 3500 - Bensín - 7 manna - Glertopplúga - Leðuráklæði - Þjónustubók -ofl. Verð 3.450.000 Ágúst 862-2000 magnusson@internet.is

**Magnússon ehf.**
**Sími: 862 2000**
**a.magnusson**

HEIMSBÍLAR
www.heimsbilar.is


Volkswagen Polo 1.4., nýskr 07/01., ek 96 þ.km., rauður., kastarar., rafmagn í rúðum og speglum., Verð 690.000.-., Heimsbílar eru staðsettir á nýja stóra bílasölusvæðinu við Klettháls 11.


Chevrolet Camaro Z-28 V8., árgerð 1998., ek 140 þ.km., dökkblár., álfelgur., spoiler., spólvörn o.fl., Verð 1.790.000.-., Heimsbílar eru staðsettir á nýja stóra bílasölusvæðinu við Klettháls 11.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 11a, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**

SPARIbíll


50% afsláttur ! Nýr 2004 Landrover Discovery S V8 4,0L. Sjálfskiptur, álfelgur, Sjálfvirk loftkæling, ofl. Litir: Gullsans, Vínrauður og Dökkblár. Aðeins þrír bílar á þessu frábæra verði. Verð: 3.600 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

## Bílar til sölu


Toppurinn í flotanum, til afhendingar strax. Ford Mustang Premium árg. 2005 m. aukahl. Uppl. í s. 864 1202 allan daginn & 566 6898 eftir klukkan 18:00.


Toyota Tacoma 4wd, skr. 01/01/'98 E58000m, 3400cc, sjálfsk, topplúga, cruise, A/C, þjófav. V. 1.490.000. S. 864 6230.


WV Passat 1.8 Turbo. Flottur bíll á felgum með skyggðum rúðum. Áhv. 270 þús. Verð 1.050 þús. eða tilboð. Jóna í s. 894 4262.


VW Golf Highline 1,6 07/04 ek. 20 þ. Spoiler, 16" álfelgur, allur samlitur, sportinnrétting, CD, topplúga. Virkilega fallegur og góður bíll. Uppl. í síma 697 4295.


BMW 318IS árgerð '96, ekinn 138 þús. km. Uppl. í síma 847 0348.


Pajero '97 2.8 tdi, ssk. Ek. 165 þús. 33" breyting. 7 manna. Tilboð óskast. Áhv. 600 þús. 893 0557, Agnar.


Toyota Corolla árg. '95 ek. 195 þús. Í toppstandi. Uppl. í s. 898 5541 e. kl. 12:00.

Til sölu Ford f150 xlt 4,6 árg. 2000 verð 1.890 þús. Skoða skipti. Sími 893 6868.

Solubilar.cjb.net

solubilar.cjb.net Fullt að fínum bílum á öllum verðum og með góðum stgr afslætti.

Mitsubishi Pajero (Montero) Limited árg. 2002. Ek. 67 þ. m, mjög vel búinn. 3,5l bensín, 5 gíra ssk. Ásett verð 2.990 þús. Uppl. í s. 895 1655.

VW Polo árg. 2003 til sölu. Ekinn 34þ. km. Uppl. í síma 693-7206

Touareg 2004 ekinn 20.000. Silfurlitur, leðurinnrétting, sóllúga og margt fleira. Verð kr. 4.500.000. Upplýsingar í síma 8244790.

Mazda Pick-up B2600 4x4 '95. 4 manna, ekinn 235 þús. Mikið yfirfarinn, nýskoðaður '06. Verð 280.000. Sími 820 7383.

Nýr Ford 350 Harley Davidson, árg. '05, dökkblár, 6 lítra dísel, 4x4, sjálfsk. ek. 1500km. Leður, rafmagn, sóllúga, 20" álfelgur... einn m.öllu, pottþéttur f. fellihýsið, camperinn, sleðana eða hjólin. Verð 4,5 millj. engin skipti. Uppl. í s. 893-4576



Til sölu Smart Roster 2004, ekinn 12 þús. M. leðri.Verð 2190 þús. S. 898 4848.



M. Benz C200 Compressor '05. Ekinn 0. Svartur metallic. Með öllu. Gott verð ef samið er strax. Uppl. í s. 847 5000.



Mjög fallegur Civic '98 ek. 130 þ. km 5g, Reyklaus Sumar og vetrard. á felgum CD, Viper og ný tímareim v. 570 þ. Stgr. Svavar 616 6049.



Kvartmíla í dag Kl 1400 Tímataka hefst Kl 12. Kvartmíluklúbburinn.

Til sölu Ford Econoline '79. Þarfnast body-viðgerðar. Mótor 6,9 diesel. Framdrif, innréttaður af Ragnari Valssyni. Kramið mjög gott. Sími 898 9324.

Bens 500 SEL '86 m. öllu til sölu. Sk. '05 Tilboðsv. 399 þ. Suzuki Dakar hjól óskast. S. 820 8191.

Lancer árg. '99, 4x4, ek. 76 þús. Verð 850 þús. Volvo 460 árg. '97, ek. 114 þús., ssk. Verð 450 þús. Stór tengdamamma lítið notuð. Verð 25 þús. Uppl. í s. 694 7788.

Til sölu Toyota Hiace árg. '99, 2,7 bensín, bs., ek. 155 þús., sk. '06. Í mjög góðu ástandi. Verð 550 þús. Uppl. í s. 861 9337.

ATH!! Golf '97 til sölu. e.128þ. 5d. Þarfnast létt viðhalds. Skoða öll skipti. s.8950057

Til sölu Ford Econoline '91. 7,3 diesel á 44" dekkjum. 350 bíll. 14 manna. Tilvalið að breyta í húsbíl. Verðhugmynd 700-800.000. Sími 616 9090.

Toyota Corolla '88, góð vél, nr.laus á 50 þús. Mazda 323 F '91, í góðu standi, v/sumardekk á 390 þús. S. 699 5817.

DAIHTSU TERIOS '99 EK.55000 VERD 600ÞÚS. FORD ESCORT '96 EK.100þús VERÐ 190ÞÚS. SÍMI 6983212.

Útsala !!! Á 2 góðum bílum. VW Golf '93 1,8 vél með aukad., glerl., ný tímar., nýtt púst og fl. Opel Astra '96 m. aukad., ný tímar., nýtt púst, nýjir bremsukl. ofl. Fyrstur kemur, fyrstur fær. S. 690 8304.

Saab 9000i '91. Ek. 160 þús. Cd. Fæst gegn yfirtöku á láni gr.b. 10 þús. pr. mán. Eftirstöðvar 36 mán. ca. 260 þús. Uppl. í s. 866 9599.

## 0-250 þús.



BMW 520 árg. '89. Ek. 265 þús. 2000cc, sjálfskiptur. Verðhugmynd 190 þús. S. 898 3446.



Hyundai Accent árg. '95 ek. 125 þ. V. 145 þ. Nýjar bremsur ofl. Skoðaður '06. Uppl. í s. 861 0001. Skipti á tjaldvagni ok.



Wolksvagen Golf 1995 til sölu. Mikið nýtt, m.a. kúpling, spyrnugúmí, púst ofl. Verð 240 þúsund. Upplýsingar í síma 822 0929.



### Útsala 95 þús.

Nissan Primera 17.12'91, 2.0 vél, ssk, CD, krókur, gott eintak. Uppl. í s. 893 8068.




solubilar.cjb.net Fullt að fínum bílum á öllum verðum og með góðum stgr afslætti.



Subaru árg. '91 verð 50 þús. Upplýsingar í síma 899 9100 milli kl. 13 og 22.



Hyundai Accent '95, ek. 119 þús. km. Sumar og vetrardekk. Verð 230 þús. Verðtilboð 180 þús. S. 698 4503.



Dihatsu Feroza '89 ek. 185 þ. Vel með farinn, dráttarkúla, smurbók. Verð 105 þ. (tilboð) S. 696 4072.



Útsala! Accent árg. '98, 1,5, ek. 116 þús., sk. '06. V. 285 þ. Uppl. í s. 820 3286.



70 þ. kr!! VW Polo árg. '97, til sölu á 70 þ. Fyrstur kemur fyrstur fær. Uppl. í s. 692 2178.



Benz 230E, árg. '87, keyrður 235. þús. km. Skoðaður '06. Verð 250 þús. Uppl. í síma 660 1576.



Til sölu Ford Escord árg. '98, 1600, 16 ventla, ek. 164 þús. Í mjög góðu lagi, vetrardekk á felgum fylgja með, cd. Ásett verð 280 þús. Fæst fyrir 220 þús. Uppl. í s. 856 2794.



Golf '94 ek 146þ. 3d, bsk, vinrauður, sumar+vetrardekk. Verð 180þús. S 822-2244



Mazda 626 '88, ek. 112 þús. Góð vetrar og sumardekk. 120 þús. stgr. Góður bíll. S. 848 6923.



Cherokee Limited 4x4. '88, leður, rafmagn, Skoðaður '06, Fallegur bíll, verð 180 þ. Uppl. í síma 869 2187.



Pajero árg. '90 Verð 100 þús. þarfnast lagfæringar. Uppl. í síma 895 1540.

Hef til sölu bodyhluti í Nissan Primera '91, hurðir, bretti og húdd. Sími 660 1680.

Toyota Tooring 4X4 '93, dekk á felgum og krókur fylgja. Verð 100 þús. Uppl. í s. 844 8315.

Subaru Station árg. '88 ekinn 192 þús. mótor í góðu standi. Þakbogar og ný loftbóludekk. Upplýsingar í síma 660 0029.

Til sölu V.W Golf station árg '94, ek. 147 þús., ný kúpling og tímareim. Verðhugmynd 190 þús. S. 869 3290.

Toyota Corolla '90. Ekinn 173 þús. Skoðaður '06. Nýyfirfarinn. Verð 75.000. Sími 566 6615 & 696 6000.

Lancer 4wd '92 til sölu. Mikið yfirfarinn. Ek. 200 þ. Vetrar/sumard. á felgum. Skoðaður. V. 130 þ. Uppl. í s. 822 0501.

Volkswagen Vento GL, árgerð 1994, ekinn 145.000 km, bensín 1800cc, beinskiptur, 5 gíra, 4ra dyra, 4 vetrardekk, 4 sumardekk, hvítur. Fylgihlutir: Höfuðpúðar aftan, plussáklæði, samlæsingar, útvarp, veltistýri, vökvastýri, þakbogar. Ástand: Yfirfara þarf kveikjukerfi og bremsur. Óskoðaður 2005. Selst ódýrt - verð 120.000 kr. eða tilboð. Upplýsingar í s. 861 3861, Ólafur.

MMC Galant 4x4 árg. '91, nýyfirfarinn, sk. '06, cruise, rafmagn í öllu, hiti í sætum, góður bíll. Sími 690 2520.

Til sölu M. Benz 230 E árg. '84, góð sumardekk og vetrardekk á felgum. Í góðu lagi, frambretti léleg. Verð 150 þús. Uppl. í s. 820 5469.

Daihatsu Charade '93, ek. 160.þús v. 130.000 s: 861-8790

D. Cuore árg. '00 sjálfsk. Ek. 28 þ. 400 þ. Swift árg. '97. V. 200 þ. S. 824 5203.

Til sölu Nissan Sunny GFI '92, ekinn 190 þús. Ný kúpling, 14" álfelgur, cd. Þarfnast smá lagfæringar. Fæst á 150 þús. Fyrstur kemur fyrstur fær. S. 821 9065.

Suzuki Baleno 1300 árgerð 2000. 3ja dyra, keyrður 50.000. Lítilega beyglaður. Verð 240.000. Sími 661 9219.

LITLA TRÖLLIÐ FYRIR AÐEINS 65 ÞÚS. Suzuki Vitara '89 til sölu, þarfnast lagfæringa fyrir skoðun, breyttur fyrir 33" en er á 31" dekkjum. Uppl. í s. 8661993

Útsala. Bíll til sölu af sérstökum ástæðum. Ford Monteo árg. 99 á 100 þús. S. 534 2997 & 821 8570, Yngvi.

30.000 kr., Lancer hatchback 1990, minnih. athugas. í skoðun, góð dekk. 6912665

WV Golf árg. '96 ek. 139 þúsund. Með topplúgu, álfelgum og dráttarkrók. Góður bíll. Uppl. í s. 696 1820.

Til sölu Volvo 460, árg. 1994. Bill í þokkalegu standi, mikið endurnýjaður. Uppl. í síma 847 3089

Græn Toyota Corolla '93, ekinn 196 þús. Ný vetrar og sumardekk. Biluð vél. Sjálfsk. 120 þús. S. 894 2009.

Nissan Sunny '94 Verð 130 þús. BMW 316 '89 Verð 150 þús. VW Vento '91 Verð 120 þús. M. Benz 240 '93 Verð 240 þús. Allir nýskoðaðir. Óska eftir gömlum Compi Camp. Uppl. í s. 896 2552.

Til sölu Toyota Extra Cap árg '89, ek. 100 þús., mílur. Verð 130 þús. Uppl. í s. 664 3393.

Til sölu Sunny station 4x4, árg.'95, ek. 154 þús. Uppl. í s. 862 1299.

Corolla XL '88. Ný tímareim og fl. Bíll í toppstandi. Verð 65.000. Upplýsingar í síma 869 6156.

## 250-499 þús.



Svartur Golf '97 1600 með vindskeið, 15" álf., vetrard. á felgum, CD, ek. 148 þús., sk. '06. Uppl. í s. 895 9959.



Opel Astra '97. Ek. 95 þ. Sk. '06. Nýyfirfarinn, tímareim o.fl. V. 350 þ. S. 822 6676.



Renault Megane árg. '98 ek. 113 þ. V. 495 þ. Skoðaður '06. Uppl. í s. 861 0001. Tjaldvagn upp í greiðslu ok.



Toyota Yaris 11/'99, ek. 160 þ. km. Sumar-vetrardekk, ný dekk. Góður bíll. Verð 420.000. stgr. Uppl. í s. 899 3939.



Toyota Hilux E/C V-6, 35" árgerð 1991, ekinn 120 þ.mílur. Plasthús, rafmagn, cruise. Verð 390.000. Skipti ath. S. 820 0866 Gylfi.



300-350 þús. Til sölu Opel Vectra árg. 2000, ssk., álf., cd, ný skoðaður án ath. góður bíll. Uppl. í s. 847 7826 & 467 1511.



MMC Lancer STW,GLXI 4X4 árg 6/1997 ekinn 138þús km,álfelgur og vetrardekk á felgum, dráttarbeisli, toppbogar,þjónustubók, spoiler, 2eigendur, verð 690,000.TILBOÐ 490,000þús.uppl sími 825-2205.



Toyota corolla 1,3 XLI árg 1995,ekinn 184þús km 4dyra sedan beinskiptur,rafmagn í rúðum,verð:430,000- TILBOÐ 290.000- STGR.upplýs í síma 825-2205.



VW Golf Grand, árg. '96 Ekinn 90 þús. Beinskiptur Álfelgur, CD Gullmoli Verð: 490 þús. Uplýsingar í síma: 844-2215.



Gullmoli Nissan árg. '94. Ek. 71 þ. Nýsk. Ný dekk. V. 380 þ. Uppl. í s. 566 7899 & 863 8123.



Golf 1400, 3ja d. Ný skoð., sumar-vetrard. Ek. 90 þ. Verð 290 þ. S. 899 6113.



Corolla XLI '94 árg. Ek. 192 þ. Ryðlaus, fallegur bíll. Nýsk. Skipti mögul. dýrari t.d. VW Golf. Uppl í s. 848 5156.



Hyundai Accent '97. ek 130 þús. Flottur bíll. verð: 270-290 þús. S: 6950180



Opel Astra árg '97, sk. '06, beinsk., + vetrardekk, ekinn 95 þ.km. Verð 300 þús. Sími 568 4446 og 866 3200.



Subaru Legacy '95 Nýskoðaður. Góð vetrar- og sumardekk, dráttarkúla. Ekinn 190 þús. 80 þús á vél. Verð 420 þús. Uppl. í s. 896 6724.



Nissan Almera SLX 1600 árg. 97 sjálfsk ek. 75 þús. Litur vel út. V. 450 þús. Uppl í s. 6630769



Chrysler Cirrus 2,5 árg '95. Ek. 160þkm. Mjög góður bíll. Vetrar og sumardekk. + 16" króm. Verð 450 þús. S. 867 1033.



Applaus árg. '99, 1600cc, ssk., ek. 106.000 km. Margt nýtt. V. 480 þús. Uppl. í s. 846 2713.



Suzuki Sidekick (hvítur) í flokk 250-499. Birta í Fbl. á mánudaginn: Suzuki Sidekick JX árg. '96, ekinn 108 þ.km, 5 gíra, 1600 vél, dráttarkrókur, aukadekk á felgum. Verð 460 þús. Uppl. í síma 896-6612.

Toyota Corolla xli árg. '94. Keyrður 152 þús. Sjálfskiptur og litur mjög vel út. Verð 300 þús. Stgr. Uppl. í s. 897 3744.

Nissan Almera 1,6 árg. '97. Álf. dráttarkúla. Gott stgr. verð. Uppl. í s. 699 2234.

Til sölu svartur Ford Ka árg. '98, keyrður 65. þús. km. Skoðaður '06. Verð 360 þús. Uppl. í síma 692 0149.

### Útsala

Mazda '97, beinsk., ek. 153 þús. Sk. '05. Verð 300 þús. stgr. Uppl. í 847 0012.

VW Golf árg. '95, ek. 148 þús., ný tímareim. Ásett verð 350 þús. Verðtilboð. Uppl. í síma 865 3909.

Honda Civic '97, dökkgrænn, ekinn 175 þ. toppástandi. Verð 490 þ. Áhvílandi 250 þ. upplýsingar í síma 699 7897 aðeins á sunnudag.

Ford Explorer árg. '91 ekinn 56 þús. mílur. Sk. '06. Verð 250 þús. Upplýsingar í síma 862 3316.

Vw golf 1,4 gl Grand 1996, blár 4 dyra, ek 92000km, verð 350þús stgr. ný tímareim, púst, geymir, álfelgur, glæsilegur bíll, s:5811003

Peugeot 306 '96. Ek. 114 þús. Sumar- og vetrad. Tilboð 300.000. Sími 864 7447.

## 500-999 þús.



Renault Clio 1600 '99, 2 spoilerar, litaðar rúður, kastarar, CD, álf. og ný dekk 195x45x16". Ekinn 92 þ. Ný tímareim. Tilboðsv. 550 þ. S. 866 6120.

Til sölu Ford Econoline 150 húsbíll '85. Gasmiðstöð, ísskápur og WC. Verð 590.000. Uppl. í GSM 897 2950 & 551 2394.

Peugeot 206 '01, ek. 62 þ. 5 dyra, topplúga, CD, 15" álfelgur, vetrard. á felgum, áhv. 765 þ. Verð 950 þ. Arnar s. 866 6500.

Til sölu BMW 320 árgerð 1995. Ekinn 153.000 km. Sjálfskiptur. Uppl. í s. 847 3029.

Nissan Patrol árg. '85 3,3 diesel 35" breyttur, nýjar bremsur, body ný tekið í gegn. Nýjar spindillegur ofl. Verð tilboð. Upplýsingar í síma 862 8629.

Impressa 2,0 GL '99 ekinn 146 þús. Ný dekk, 4x4, ásett verð 900 þús. Uppl. í s. 894 6200.

Honda Civic Aerodeck '99. 1.5L V-tec, Ek. 94 þús. 5 g. Toppbíll. V. 600 þ., 550 stgr. Uppl. í s. 820 0621.

### Gullmoli á 100% láni!

Toyota Corolla 1.6 ekinn 96 þús. Sk. '06, árg. '01. 100% lán. CD og vetrardekk. Mjög sparneytinn og góður bíll. Uppl. í s. 845 9614.


glys & glaumur í Kænugarði
Eurovision
SONG CONTEST
KYIV 2005
FRÉTTABLAÐIÐ


Eurovision
KÆNUGARÐI 2005
21. MAÍ
SJÓNVARPIÐ

# Eurovision lambalærið: 12 stig!

Sláðu upp Eurovision-pítupartíi og sláðu í gegn. Þetta er frábær og frumleg uppskrift.



## Pítu partí

1 meðalstórt lambalæri
4 hvítlauksgeirar, skornir í þrennt
2 msk. dijon-sinnep
4 timjangreinar
salt og pipar
pítubrauð

Skerið raufar hér og þar í lærið og stingið hvítlauksbitum og timjangreinum í raufarnar. Smyrjið dijon-sinnepi vel á lærið og kryddið með salti og pipar. Setjið lambið í 200°C heitan ofn og bakið í 45–50 mín. (miðað við u.þ.b. 1,5 kg)

**Jógúrt-sósa**

1 dós hrein jógúrt
rifinn börkur af 1/2 sítrónu
1 msk. sítrónusafi
1 tsk. kummin
(ath. ekki kúmen)
1 tsk. hunang

**Meðlæti**

Iceberg eða lambhagasalat
rauðlaukur
tómatar
steinlausar ólífur
chiliolía, t.d. sambal oelek
hummus

Ristið pítubrauðin í brauðrist eða ofni. Stillið lærinu upp á fat eins og sýnt er í myndinni og skerið þunnar sneiðar utan af jafnóðum og fólk fær sér pítu. Raðið skálum með meðlæti í kring og hver og einn útbýr síðan sína pítu eftir húmor og smekk.

Fíton/SÍA

lambakjöt – léttur réttur
Uppáhald íslensku þjóðarinnar
Fjöldi uppskrifta á www.lambakjot.is


# ÞAÐ ER KOMIÐ AÐ ÞVÍ!



**Ungverjaland** Hljómsveitin Nox er þjóðlagarokksveit sem vakið hefur feikilega athygli í heimalandi sínu og nágrannalöndum þess. Það er þá ekki síst fyrir hina lögulegu söngkonu, hina tuttugu og tveggja ára gömlu Sylvíu. Lagið sem þau flytja er sungið á ungversku og heitir Spin World.



**Bretland** Fyrir hönd Bretlands í ár keppir hin hæfileikaríka Javine Hylton en hún samdi bæði lag og texta lagsins Touch My Fire. Hylton er ekki nema 23 ára og tók þátt í Pop Idol keppninni á Bretlandseyjum árið 2002 en datt mjög óvænt úr keppni. Síðan þá hefur hún hins vegar átt glæstan feril í heimalandinu og hefur meðal annars átt fjögur lög á topp tíu listum á Bretlandi.



**Malta** Ferill söngkonunnar Chiara, sem keppir fyrir hönd Möltu, hefur verið þyrnum stráður. Hún spratt fram á sjónarsviðið árið 1998 þegar hún tók þátt í keppninni. Þá lenti hún í þriðja sætinu en vakti mikla athygli fyrir kröftugan flutning. Því miður sviku hana allir sem gátu og ferillinn fór beinustu leið niður. Hún kemur tvíefld til baka og flytur lagið Angel.



**Rúmenía** Luminita Anghel er enginn nýgræðingur á sviði tónlistar. Hún hefur verið að síðan hún var átta ára og hefur á sínum ferli unnið til fjölda verðlauna fyrir söng sinn og lagasmíðar. Atriðið hennar á fimmtudaginn vakti mikla athygli þar sem meðal annars slípirokkar voru notaðir á ruslatunnur. Anghel flytur lagið Let Me Try.



**Noregur** Hljómsveitin Wig Wam var stofnuð árið 2001 og voru sveitarmeðlimir ákveðnir í að gera það gott. Það gekk þó hálf brösulega til að byrja með en eftir að sveitin rúllaði upp Eurovision-keppninni í Noregi urðu vinsældir þeirra ótrúlegar. Þeir syngja lagið In My Dreams.



**Tyrkland** Söngkonan Gulseren fluttist aðeins sjö ára til Frakklands og hefur búið í París síðan þá. Hún er vist mikil fagmanneskja og elskar að vera á sviðinu. Hún hefur ferðast um alla Evrópu en verið mest í Frakklandi og Tyrklandi. Gulseren flytur lagið Rimi Rimi Ley.



**Moldóva** Það verður seint logið upp á moldóvsku sveitina ZDOB ZDUB. Hún hefur verið allsráðandi á moldóvsku rokksenunni undanfarin ellefu ár og er með eindæmum vinsæl í sínu heimalandi sem og annars staðar í Austur-Evrópu. Lagið sem hún flytur heitir Boonika Bate Dopa eða Amma ber trommuna.



**Albania** Albönsku þokkadísinni Ledina Çelo er margt til lista lagt og hefur meðal annars unnið sem fyrirsæta í London. Hennar ástríða er þó engu að síður tónlistin og hefur hún sótt nám í klassískri tónlist, bæði heima og að heiman. Hún flytur lagið Tomorrow I Go.



**Kýpur** Kýpurbúinn Constantinos Christoforou er stærsta stjarnan á þessari sólarparadís. Plötur hans seljast iðulega í bílförmum. Hann tók fyrst þátt í Eurovision árið 1996 í Osló þar sem hann flutti lagið Only for Us. Hann var síðan aftur á ferðinni í Tallinn árið 2002 þegar hann, ásamt strákasveit sinni One, flutti lagið Gimme sem náði 6. sætinu. Constandinos syngur lagið Ela Ela.



**Spánn** Stúlknasveitin Son de Sol samanstendur af þremur systrum frá borginni Sevilla sem er í Andalúsíu. Þær þykja með eindæmum færir dansarar og reka sinn eigin dansskóla í heimaborg sinni. Þær systur syngja lagið Brujería.



**Ísrael** Shiri Maimon er ísraelsk þokkagyðja sem hefur sungið frá barnæsku. Hún tróð fyrst upp aðeins tíu ára gömul og því má kannski segja að hljóðneminn hafi verið hennar fyrsta leikfang. Hún lenti í öðru sæti ísraelsku idolkeppninnar og náði miklum vinsældum í kjölfarið. Shiri flytur lagið Hasheket Shenishar.



**Serbía-Svartfjallaland** No Name strákasveitin var stofnuð árið 2003 af sex ungum strákum. Þeir þykja allir mjög hæfileikaríkir á sínu sviði og slógu strax í gegn heima fyrir. Þeir höfðu allir einhverja reynslu af tónlist áður en leiðir þeirra lágu saman en þeir syngja lagið I Will Reach Out for You.



**Danmörk** Jakob Sveistrup var óþekktur kennari í skóla fyrir börn með sérþarfir. Hann ákvað engu að síður að taka þátt í Eurovision-keppninni enda höfðu félagar hans haft það á orði að hann væri góður söngvari. Það kom á daginn því að Sveistrup heillaði dönsku þjóðina upp úr skónum og vann hann meðal annars hina dönsku Olsen-bræður sem sigruðu árið 2000. Sveistrup syngur í kvöld Talking to You.



**Svíþjóð** Svíar hafa löngum þótt sigursælir í Eurovision og nægir þar að nefna Abba með Waterloo. Sá sem syngur fyrir hönd sænsku þjóðarinnar heitir Martin Stenmarck og er mikill gullkálfur í Svíþjóð. Hann stofnaði sína fyrstu hljómsveit fjórtán ára og hefur síðan þá verið á kafi í tónlist. Hann á sér dyggan hóp aðdáenda víðsvegar um Evrópu, Brasilíu og Kína. Stenmarck flytur lagið Las Vegas.



**Makedónía** Martin Vucic er þekktur heima fyrir og kemur af miklum tónlistarættum. Afi hans er einn þekktasti sekkjapípuleikari Makedóníumanna. Vucic mun stíga á sviðið í kvöld ásamt sínum léttklæddu dönsurum og flytja lagið Make My Day.



**Úkraína** Fáir hafa sennilega farið varhluta af atburðunum í Kænugarði á síðasta ári þegar þjóðin mótmælti í appelsínugula litnum sínum forsetakjörinu. Það er hljómsveitin Greenjolly sem flytur baráttusönginn We Won't Stand This – No, en enska útgáfan verður hófsamari að sögn meðlima hljómsveitarinnar.



**Þýskaland** Það var mikil taugaspenna í þýsku Eurovision-keppninni þar sem baráttan um miðann til Kænugarðs stóð milli Nicole & Marco og Gracia. Það var síðan lagið Run & Hide sem bar sigur úr býtum með Gracia. Minnstu mátti þó muna að Gracia hefði misst brjóstin út úr þröngum leðurgallanum í öllum fagnaðarlátunum en sem betur fer tókst að koma í veg fyrir það í tæka tíð.



**Króatía** Boris Novkovic fékk tónlistina í vöggugjöf. Faðir hans er einn þekktasti popp-tónlistarmaður Króatíu og móðir hans er tónlistarkennari. Boris er mjög afkastamikill tónlistarmaður og hefur á tuttugu ára ferli sínum gefið út einar fjórtán breiðskífur. Hann fékk einnig verðlaun sem mikilvægasti tónlistarmaður Króatíu. Boris flytur lagið Wolves Die Alone.



**Grikkland** Gríska þokkagyðjan Helena Paparizou þykir mjög sigurstrangleg og hefur verið spáð sigri í keppninni hjá mörgum veðbönkum. Hún var aðeins sautján ára þegar hún sló fyrst í gegn heima fyrir en þetta er í annað skiptið sem hún tekur þátt í Eurovision, söng í Kaupmannahöfn árið 2001 ásamt æskuvini sínum Niko. Þau slógu í gegn svo um munaði og höfnuðu í þriðja sæti. Helena syngur lagið My Number One.



**Rússland** Hin 23 ára gamla Natalia Podolskaja er fyrrverandi laganemi við háskólann í Hvíta-Rússlandi og er einnig klassískt menntuð í píanóleik. Hún þykir hafa mjög góða söngrödd og hafa lagahöfundar keppst við semja lög handa henni. Nataliu bauðst að taka þátt fyrir hönd Bretlands árið 2004 en hún hafnaði því. Hún keppir með laginu Nobody Hurt No One.



**Bosnía og Hersegóvína** Söngflokkurinn Feminnem var stofnaður í fyrra í kjölfar vinsælda stúlknanna í króatísku Idol-keppninni. Sannkallað Feminnem-æði hefur gengið yfir heimaland þeirra og allt sem þær snerta breytast í gull. Stúlkurnar þrjár eru á aldrinum 20 til 25 og þær flytja lagið Call Me.



**Sviss** Eistneska stúlknahljómsveitin Vanilla Ninjas flytur svissneska lagið í ár. Sviss er ekki að brjóta blað í sinni sögu með því að fá erlenda tónlistarmenn til þess að taka þátt því eins og Eurovision-aðdáendur ættu að muna var það einmitt sjálf Celine Dion sem söng fyrir landið árið 1988. Vanilla Ninjas syngur lagið Cool Vibes.



**Lettland** Strákarnir tveir, þeir Walter og Kasha, hafa verið vinir síðan þeir voru tveggja ára. Þeir eru miklar stjörnur í heimalandinu og hafa í raun verið þjóðareign frá barnsaldri. Strákarnir brugðu á það ráð á fimmtudaginn að flytja viðlagið einnig með táknmáli, sem virðist hafa heppnast vel. Þeir flytja lagið The War Is Not Over.



**Frakkland** Hin franska þokkadís Ortal hefur sungið í tæp tíu ár. Hún er af spænskum ættum en er fædd í Ísrael. Þegar hún var tvítug kynntist hún hljómsveitinni Gypsy Sound og ferðaðist með henni í tvö ár. Þá hitti hún Bruce Willis, leikarann góðkunna, sem kom henni í samband við tónleikahaldara í Las Vegas. Ortal syngur lagið Chacun pense à soi.

MYNDIR/NORDIC PHOTOS/GETTY

Virk sam- keppni

# KRÓNAN

VIRK SAMKEPPNI

**Verðkönnun Morgunblaðsins á ýmsum matvörum**
fimmtudaginn 19. maí 2005, milli kl. 14 og 15

| | Nettó Mjódd | | Bónus Laugavegi | | Kaskó Vesturbergi | | Krónan Lágholtsvegi | | Meðal-verð | verð | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Hilla | Kassi | Hilla | Kassi | Hilla | Kassi | Hilla | Kassi | | | | | |
| Rauðlaukur, 1 kg | 39 | 39 | 22 | 20 | 39 | 39 | 21 | 20 | 29,50 | 39 | 20 | | |
| Íslenskir tómatar í pakka, 1 kg | 559 | 559 | 169 | 167 | 499 | 499 | 168 | 163 | 347,00 | 559 | 163 | 396 | [illegible] |
| Lárperur (avocado), 1 kg | 279 | 279 | 159 | 154 | 179 | 179 | 155 | 150 | 190,50 | 279 | 150 | 129 | 86% |
| Appelsínur, í lausu, 1 kg | 129 | 129 | 65 | 63 | 99 | 99 | 64 | 62 | 88,25 | 129 | 62 | 67 | 108% |
| Bananar, 1 kg | 159 | 159 | 79 | 79 | 149 | 149 | 78 | 76 | 115,75 | 159 | 76 | 83 | 109% |
| Drykkjarjógúrt, með jarðarberjum, 250 ml | 79 | 79 | 53 | 53 | 59 | 59 | 40 | 39 | 57,50 | 79 | 39 | 40 | 103% |
| Skyr.is, m/bláberjum, 500 g | 199 | 199 | 144 | 144 | 177 | 177 | 145 | 141 | 165,25 | 199 | 141 | 58 | 41% |
| Nýmjólk, 1,5 l | 113 | 113 | 91 | 91 | 107 | 107 | 92 | 89 | 100,00 | 113 | 89 | 24 | 27% |
| Fjörmjólk, 1 l | 89 | 89 | 70 | 70 | 85 | 85 | 71 | 69 | 78,25 | 89 | 69 | 20 | 29% |
| Rjómi, 1 peli, 250 ml | 169 | 169 | 134 | 134 | 150 | 150 | 135 | 131 | 146,00 | 169 | 131 | 38 | 29% |
| Ísl. fetaostur m/sólþ. tóm og ólífum, 250 g | 289 | 289 | 190 | 190 | 267 | 267 | 191 | 198 | 236,00 | 289 | 190 | 99 | 52% |
| Sýrður rjómi, 18%, 200 g | 149 | 145 | 96 | 96 | 133 | 133 | 97 | 94 | 117,00 | 145 | 94 | 51 | 54% |
| LGG, m/perum og eplum, 6 flöskur | 259 | 258 | 190 | 190 | 233 | 233 | 191 | 185 | 216,50 | 258 | 185 | 73 | 39% |
| Mix, 2 l | 189 | 189 | 140 | 140 | 179 | 179 | 141 | 137 | 161,25 | 189 | 137 | 52 | 38% |
| Pepsi max, 2 l | 169 | 169 | 93 | 93 | 149 | 149 | 94 | 91 | 125,50 | 169 | 91 | 78 | 86% |
| Kóka kóla, 2 l | 169 | 119 | 114 | 114 | 159 | 159 | 115 | 112 | 126,00 | 159 | 112 | 47 | 42% |
| Heimilisbrauð, 1 stk, heilt | 155 | 155 | 120 | 120 | 139 | 139 | 123 | 117 | 132,75 | 155 | 117 | 38 | 32% |
| Úrvals flatkökur, 1 pakki | 79 | 79 | 40 | 39 | 65 | 65 | 41 | 39 | 55,50 | 79 | 39 | 40 | 103% |
| Hveiti, Pillsbury's best, 2 kg | 157 | 157 | 130 | 130 | 149 | 149 | 131 | 127 | 140,75 | 157 | 127 | 30 | 24% |
| Kaffi, Maxwell house, blár pakki, 500 g | 339 | 339 | 202 | 202 | 329 | 329 | 203 | 197 | 266,75 | 339 | 197 | 142 | 72% |
| Kaffi, Gevalia, [illegible] pakki, 550 g | 189 | 319 | [illegible] | 259 | 289 | 289 | 349 | 339 | 301,50 | 339 | 259 | 80 | 31% |
| Ávaxtastan[illegible]ness, 10 stk. | 239 | 239 | [illegible] | 184 | 229 | 229 | 185 | 179 | 207,75 | 239 | 179 | 60 | 34% |
| Ajax, double action, úði, 500 ml | 199 | 198 | 139 | 139 | 167 | 167 | 165 | 160 | 166,00 | 198 | 139 | 59 | 42% |
| SAMT[illegible] | [illegible]395 | [illegible] | 2.79[illegible] | [illegible] | [illegible] | [illegible] | 2.99[illegible] | [illegible] | | | | | |

# ÓDÝRAST Í KRÓNUNNI!

# 20 AF 23 VÖRUM

skv. verðkönnun Mbl. 19. maí 2005



REYÐARFJÖRÐUR / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / HÖFN / ÞORLÁKSHÖFN

11-19 11-24 11-19 11-19 11-19

virkir dagar 11-20
laugardagar 11-18
sunnudagar 11-16

SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT

11-19 10-19 11-21 11-21 11-21 11-19



***ABBA*** Sigraði árið 1974 með besta Júróvisjónlagi allra tíma; Waterloo.

# WATERLOO

## BESTA JÚRÓVISJÓNLAGIÐ

Rannsakendur við Bristol-háskóla hafa komist að því að sjö mikilvægir þættir séu ómissandi til að semja besta Júróvisjónlag allra tíma. Þessir sjö þættir eru meðal annars taktur og hraði, það þarf að vera auðvelt að muna lagið, viðlagið verður að vera fullkomnlega grípandi og endirinn vel skilgreindur, auk þess sem dans og búningar skipta sköpum.

„Það ætti ekki að koma neinum á óvart að Waterloo er hið fullkomna Júróvisjónlag," segir dr. Harry Witchel, sem er ábyrgur fyrir rannsókninni. „Krafturinn í laginu felst í orðinu Waterloo, sem er aðeins þrjú atkvæði og því hlaðið tækifærum til að verða bæði minnisstætt og vekja með fólki tilfinningar. Lagið er gjörólíkt flestum öðrum lögum þegar kemur að takti og hljómrænni uppbyggingu. Ég reikna ekki með að sjá neitt í líkingu við Waterloo næstu fimmtíu árin í Júróvisjón."

Í öðru sæti rannsóknarinnar lenti lag Celine Dion, Ne Partez Pas Sans Moi, sem sigraði í keppninni árið 1988, og í þriðja sæti var sigurlagið frá 1967, Puppet on a String með Sandie Shaw.



***Flottur*** Páll Óskar Hjálmtýsson var eftirminnilegur í leðrinu. Þú gætir reynt að hringja í hann og fengið búninginn lánaðan ef hann verður ekki í honum sjálfur.



FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES O.FL.

***Flottur*** Johnny Logan sigraði 1980 í hvítum jakkafötum. Fataleigurnar ættu að luma á einum slíkum.

# Leiktu þitt Júróvisjón-idol



***Eftirminnileg*** Táningsstúlkan Sandra Kim var engri lík þegar hún sigraði árið 1986.

Á Júróvisjónkvöldum er ekkert annað viðeigandi en að klæðast í stíl við keppnina. Í búning skaltu vera. Það er ekkert jafn hallærislegt og að mæta í gallabuxum, í sandölum með fylltum hæl og í mussu við. Það er algerlega úr karakter þetta kvöld. Flestir eiga sín Júróvisjón-idol og því er ekki úr vegi að leika þau þessa kvöldstund. Ef þú finnur ekki rétta fatnaðinn í fataskápnum þínum er um að gera að reyna að fá lánuð föt hjá vinum og ættingjum. Það má líka leigja sér kjóla og þess háttar. Ef þú ert handlagin er ráð að sauma sinn eigin búning. Ef háraliturinn er ekki í stíl við Júróvisjón-idolið þitt getur þú leigt þér hárkollu á Hárgreiðslustofunni Klapparstíg. Förðunin þarf líka að vera í stíl við fötin. Ef þú ferð að þessum fyrirmælum er pottþétt að þú eigir ennþá ánægjulegra Júróvisjónkvöld. Mundu bara að detta ekki úr karakter.



***ABBA*** Sænski kvartettinn sigraði 1974. Þið getið klæðst lúðrasveitarbúningum í Júróvisjónteitinu enda svipar þeim til búninga ABBA.

# FJÖLDI EUROVISION-SLAGARA



Plöturnar SVONA ER EUROVISION og EUROVISION SONG CONTEST KIEV 2005 eru komnar út. Á fyrrnefndu plötunni eru 44 þekkt Eurovision-lög, bæði innlend og erlend sem flestir Íslendingar ættu að kannast við. Á meðal þeirra eru **If I Had Your Love, Eitt lag enn, Waterloo, J'aime la vie, Fly on the Wings of Love** og **Gleðibankinn.** Á síðarnefndu plötunni eru öll lögin sem keppa í Eurovision í Úkraínu í ár, þar á meðal If I Had Your Love í flutningi Selmu. Einnig er þar að finna lag Grikklands, **My Number One**, sem Selmu þykir vera eitt af bestu lögum keppninnar.



# Úrslitakvöld EUROVISION

STIGATALA

| | UNGVERJALAND | BRETLAND | MALTA | RÚMENÍA | NOREGUR | TYRKLAND | MOLDOVA | ALBANÍA | KÝPUR | SPÁNN | ÍSRAEL | SERBÍA OG SVARTFJ.L | DANMÖRK | SVÍÞJÓÐ | MAKEDÓNÍA | ÚKRAÍNA | ÞÝSKALAND | KRÓATÍA | GRIKKLAND | RÚSSLAND | BOSNÍA OG HERSEG. | SVISS | LETTLAND | FRAKKLAND |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| UNGVERJALAND | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| BRETLAND | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| MALTA | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| RÚMENÍA | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| NOREGUR | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| TYRKLAND | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| MOLDÓVA | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| ALBANÍA | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| KÝPUR | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| SPÁNN | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| ÍSRAEL | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| SERBÍA OG SVARTFJ.L | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| DANMÖRK | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| SVÍÞJÓÐ | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| MAKEDÓNÍA | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| ÚKRAÍNA | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| ÞÝSKALAND | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| KRÓATÍA | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| GRIKKLAND | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| RÚSSLAND | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| BOSNÍA OG HERSEG. | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| SVISS | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| LETTLAND | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| FRAKKLAND | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| SAMTALS | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |

# Best klædda sjónvarpskonan

Maria Yefrosinina verður aðalkynnir Eurovision-keppninnar í Kiev. Maria, sem er kölluð Masha, fæddist 25. maí árið 1979 og heldur því upp á 26 ára afmælið sitt skömmu eftir keppnina.
Maria er ein þekktasta sjónvarpskona Úkraínu og hefur meðal annars tvisvar sinnum verið kjörin best klædda sjónvarpskona landsins. Hún hóf störf í sjónvarpi 19 ára gömul og stjórnaði þá þættinum UT-1. Maria talar ensku og spænsku reiprennandi auk þess sem hún hefur stundað nám við þýðingar við ríkisháskólann í Kiev. Hún ætti því varla að lenda í vandræðum með það að koma réttu skilaboðunum á framfæri til þeirra milljóna sem munu fylgjast með úrslitakvöldinu.
„Masha er mikil atvinnumanneskja í starfi sínu. Hún talar ensku fullkomlega auk þess sem hún er mjög þekkt í Úkraínu," sagði Mykhalio Krupiyevsky, upptökustjóri Eurovision-keppninnar.
DJ Pasha, sem er þekktur útvarps- og sjónvarpsþáttastjórnandi í Úkraínu, verður aðstoðarkynnir. Hann talar meðal annars spænsku, ítölsku og rússnesku og ætti því að verða Mariu mikil stoð og stytta uppi á sviðinu í Kiev.
Auk Mariu og DJ Pasha munu Ruslana, sigurvegari keppninnar í fyrra, og hnefaleikakappinn heimsfrægi Vladimir Klitschko stíga á stokk í Kiev sem sérstakir gestir. Ruslana átti upphaflega að vera aðalkynnir keppninnar en þar sem hún hafði ekki tíma til að læra enskuna sína betur var ákveðið að fá nýja manneskju í starfið.



Úkraínska söngkonan Ruslana mun stíga á stokk á úrslitakvöldinu.



***BIRGITTA HAUKDAL*** Birgitta náði 9. sæti fyrir tveimur árum með lagið Open Your Heart.

## ÍSLENSKU EUROVISION LÖGIN:

| ÁR | LAG | FLYTJANDI | SÆTI |
|---|---|---|---|
Pípulagningamenn óskast til starfa sem fyrst. Mikil vinna framundan og góðir tekjumöguleikar. Faglagnir. Sími 517 0240 & 824 0240.

### Pylsuvagninn í Laugardalnum

Okkur vantar gott starfsfólk til vaktavinnu strax. Þarf að vera röskt, stundvíst, heilsuhraust og snyrtilegt. 18 ára og eldri. Uppl. í s. 588 5445 eða 864 9862.

Kjötsmiðjan ehf óskar eftir að ráða kjötiðnaðarmann eða aðila vanan úrbeiningum, framtíðarstarf. Uppl. gefur Birgir í síma 894 4982.

Matreiðslumann/konu vantar á veitingastað í miðborginni. Einnig vantar aðstoðarfólk í sal. Einungis fólk með reynslu kemur til greina. Áhugasamir sendi upplýsingar um aldur og fyrri störf á netfangið postur@andarunginn.is

### Byggingarfélagið Grunnur ehf.

Smiðir óskast eða menn vanir mótauppslætti. Upplýsingar veitir Högni í síma 847 3330.

Sumarvinna. Stórt húsfélag í miðborginni óskar eftir að ráða starfsmann í sumarvinnu. Starfið felst aðallega í garðvinnu ásamt ýmsum tilfallandi störfum innan- og utanhúss. Æskilegur aldur er 18-20 ár. Áhugasamir hafi samband í síma 863 9756.

### Sumarvinna

Vantar duglegt fólk í garðslátt með bílpróf á aldrinum 17-25 ára. Hægt er að sækja um á www.gardlist.is

Heimir og þorgeir ehf óska eftir að ráða vanann meiraprófsbílstjóra til starfa nú þegar. Mikil vinna. Umsóknir sendast í: heimir@hogth.is

Sumarstarf. Óskað er eftir starfskraft í sumarstarf á svæði 110, almenn verkamannastörf, góð laun fyrir duglegan og stundvísan mann. Uppl. í s. 692 7878, Stefán.

Óska eftir duglegum starfskröftum í ræstingar kvöld og helgar. Uppl. í s. 867 9026.

### energia - Ristorante / Smáralind

Óskum eftir röskum matreiðslumanni. Einnig vantar starfsfólk í sal. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi einhverja reynslu og er ekki yngri en 20 ára. Áhugasamir sendi uppl. um aldur og fyrri störf á energia@energia.is eða í síma 864 6600 Guðmundur.

Papinos Pizza. Okkur vantar fólk til starfa, nánari uppl. í Núpalind 1 og Reykjavíkurvegi 62.

### Brautarstöðin

Skyndibiti og sjoppa. Starfsfólk óskast. Vinnutími 11-17 virka daga. Ath. ekki sumarvinna. Viljum bara kraftmikið fólk með ábyrgðartilfinningu. Upplýsingar gefur Hinrik á staðnum. Brautarstöðin Ármúla 42.

### Járnamenn

Óska eftir járnamönnum til starfa strax, á Suðurnesjum. Upplýsingar í síma 896 1074.

Óska eftir að ráða starfskraft á gistiheimili í ca., 6 vikur frá 1. júlí. Þarf að geta sinnt öllum almennum heimilsstörfum og öðru tilfallandi. S. 893 7704

### Ræstingar

Nostra hreingerningar óskar eftir að ráða starfsfólk til starfa. Í boði eru tvö 100% störf á daginn.Starfsmenn verða á bíl frá fyrirtækinu. Ráðið verður strax í störfin. Óskum einnig eftir fólki á skrá til að vinna kvöld- og helgarvinnu. Allar upplýsingar um störfin gefur Stefán í síma 824 1450 lau. og sun. milli 13-18.

### Matreiðslumaður óskast

til starfa á nýjum matsölustað úti á landi. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Uppl. í síma 895 1639.

### Kvöld og næturvinna

Subway Austurstræti, vantar fólk í kvöld og helgarvinnu.. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is Nánari upplýsingar í síma 696-7006. Aðeins 18 ára og eldri.

Ótrúlega einföld leið til að búa til góðar tekjur á netinu. www.2in7days.com/anna

### Ræsting/dagvinna

Vantar fólk í ræstingu í sumar. Umsóknir í síma 897-1012 og 533-6020 og á netfanginu rosa@raestir.is

### Fiskvinnsla

Óska eftir vönu fólki í fiskvinnslu í snyrtingu og pökkun. Reglusemi og stundvísi skilyrði. Uppl. í s. 698 7120 eftir kl. 16.

### Fyrsti Vélstjóri.

Óskast til afleysinga á Svan RE-45 sem er á kolmunnaveiðum. Uppl í Síma 858-1041 Reynir Árnason.

Ótrúlegt tækifæri.... ef þú ert ófeimin/nn, opin/nn og hagar þér oft eins og fífl, þá höfum við ævintýralegustu sumarvinnu fyrir þig! Ekki eyðileggur fyrir ef einhver reynsla er í leiklist, íþróttum og tjáningu Skilirði snyritmenska og líkamlega hraust æskilegur aldur 15 - 25. Aukavinna. Uppl. í s. 692 2178.

## Atvinna óskast

23ja ára strákur óskar eftir sumarvinnu. Frábær tölvukunnátta og mögulega bíll til umráða. Frekari upplýsingar í 868 5448.

### Ráðskona

Óska eftir ráðskonustarfi í sveit eða borg. Vön með víðtæka starfsreynslu. Upplýs. í síma 865 7727.

17 ára drengur óskar eftir vinnu. Margt kemur til greina. Uppl. í s. 586 1339 & 699 4397.

17 ára stúlka óskar eftir sumarvinnu, getur byrjað strax. Reyklaus. Uppl.í s. 869 6690.



## SJÓNARHORN



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Kvennaskólapiltar sýna snilli sína í grjónabolta.


KOLAPORTIÐ

ÓKEYPIS ÍS UM HELGINA

Í dag gefum við gestum okkar Snickers ís topp milli klukkan 16 og 17.

Á morgun sunnudag gefum við gestum okkar ís í brauðformi milli klukkan 11 og 13.



emmessís

OPIÐ UM HELGINA FRÁ KL. 11-17





fm 98,9 BYLGJAN

Lífsaugað

Þriðjudagskvöld 22-24


### Vissir þú ...

... að heiðurinn af fljótustu þrennu í fótboltalandsleik á Masahi „Gon“ Nakayama, liðsmaður japanska landsliðsins. Gon skoraði á 1. mínútu, 2. mínútu og 3. mínútu í undankeppni Asíubikarsins í febrúar 2000.

... að félagar í MH Mönchengladbach í Þýskalandi náðu besta tíma í að hanna ullarjakkaföt frá rúningu og þar til fötin eru tilbúin. Alls tók verkefnið 1 klst., 2 mínútur og 36 sekúndur.

... að Ginger Rogers ferðaðist ekki létt þegar hún fór einhverju sinni til London þar sem hennar beið 14 mánaða leikverkefni. Farangurinn reyndist vera 118 ferðatöskur en þess má geta að Ginger ferðaðist með skipi.




Jói Fel

Englakaka að hætti Jóa Fel

- himnesk eftirréttasæla

Kleppsvegi 152 | Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.
Smáralind | Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 - 18. Sun. 12 - 18.

FABRIKAN





Mynd eftir Sossu

Velkomin í Gallerí Fold í dag

Í dag höldum við myndlistarveislunni áfram í Galleríi Fold við Rauðarárstíg og í Kringlunni.
Allir listunnendur eru hjartanlega velkomnir.

Sérstök kynning verður á vaxtalausu listmunalánunum.
Allir sem ganga frá umsóknum um listmunalán í dag fá grafíkverk eftir Kristján Davíðsson að gjöf.

Sjáumst í Galleríi Fold

Opið laugardag, 11-14

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstíg 14-16, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is



Trúlofunar hringar



Jón & Óskar

Laugavegi 61 • Sími 552 4910
www.jonogoskar.is

úrval • gæði • góð verð





Jói Fel

Tiramisu að hætti Jóa Fel

- með ekta ítölskum mascarpone

Kleppsvegi 152 | Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.
Smáralind | Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 - 18. Sun. 12 - 18.

FABRIKAN

VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Smáborgaraháttur og snobb

**SPURNING: HVER ER MUNURINN Á SMÁBORGARAHÆTTI OG SNOBBI?**

**Svar:** Ýmislegt er skylt með snobbi og smáborgarahætti en þó er munur á. Hvort tveggja ber vott um ákveðið ósjálfstæði í hugsun og gildismati. Snobbarinn lætur stjórnast af því sem þykir fínt, til dæmis af ákveðinni „elítu", það er að segja einhvers konar úrvalshópi í samfélaginu, en smáborgarinn stjórnast hins vegar af almennum, ríkjandi viðhorfum. Hinn smáborgaralegi leggur áherslu á að hverfa í fjöldann eða þóknast fjöldanum en hinn snobbaði reynir að hefja sig yfir fjöldann með því að sýnast „fínni" en aðrir.

Þessir tveir eiginleikar geta stundum farið saman, til dæmis ef fólk snobbar fyrir hlutum sem almenningur er samdóma um að séu fínir. Í sumum tilfellum reynist það nefnilega fjöldanum þóknanlegt að ákveðnir einstaklingar séu hafnir yfir hann.

**Óttinn við að skera sig úr fjöldanum**

Sá sem er smáborgaralegur er, samkvæmt Íslenskri orðabók (Mörður Árnason 2002), „smámunalegur, þröngsýnn (og hégómlegur) í háttum og viðhorfum." Þetta orð er gjarnan notað um þá sem óttast það mest að skera sig úr fjöldanum. Hinir smáborgaralegu eru yfirleitt gagnrýnislausir á viðtekin gildi eða viðhorf í umhverfi sínu og haga lífi sínu samkvæmt þeim. Á hinn bóginn geta þeir verið fljótir að dæma þá sem hafna þessum viðteknu gildum og skera sig úr hópnum.

**Höfðingjasleikjur**

Orðabókin segir hins vegar að snobbarinn sé „sá sem smjaðrar fyrir hærra settum, höfðingjasleikja; maður sem lætur bera á áhuga sínum á því sem þykir fínt eða gerir sér upp slíkan áhuga". Höfðingjasleikjan smjaðrar fyrir höfðingjunum eingöngu vegna þess að þeir eru höfðingjar en ekki vegna þess að henni líki vel við þá sem manneskjur. Áhugi snobbarans á því sem þykir fínt ristir ekki djúpt heldur stafar hann eingöngu af því að viðkomandi hlutir þykja fínir.

Þannig getur hinn snobbaði sýnt, að minnsta kosti um tíma, svipaða hegðun og einhver sem ekki er snobbaður. Listasnobbarinn sækir til dæmis myndlistarsýningar og sinfóníutónleika í þeim tilgangi að láta sjá sig á viðkomandi stöðum án þess að hann hafi nokkurn raunverulegan áhuga á því sem þar fer fram. Aðrir geta svo sótt sömu listviðburði af einlægum áhuga á viðfangsefninu. Svo er þriðji möguleikinn til, að einhver sem hefur einlægan áhuga á listum sé líka haldinn listasnobbi þannig að hann telji sig yfir aðra hafinn vegna þessa áhuga síns og smjaðri fyrir listamönnum, listfræðingum og frægum listunnendum.

**Fjöldinn og smærri hópar**

Hinn smáborgaralegi speglar sig í augum fjöldans og leggur metnað sinn í að þóknast fjöldanum. Snobbarinn speglar sig hins vegar í augum ákveðins hóps sem hann af einhverjum ástæðum telur merkilegan. Hann getur látið sig álit fjöldans litlu varða á þeim forsendum að almenningur kunni ekki gott að meta. Sjálfsmat hans veltur á því hvernig hann er (eða telur sig vera) í augum þeirra sem hann telur mega sín mikils, á



**SNOBBAÐUR** Dæmi um fræga snobbara eru þeir bræður Frasier og Niles Crane úr sjónvarpsþáttaröðinni Frasier.

hvaða sviði svo sem það er. Snobb getur birst á ólíkum sviðum; einn snobbar kannski fyrir kvikmyndaleikurum, annar fyrir stjórnmálamönnum og sá þriðji á sviði hönnunar og húsbúnaðar og leggur metnað sinn í að verða „annálaður fagurkeri". Því getur sama manneskjan sjálfsagt verið smáborgaraleg á sumum sviðum en snobbuð á öðrum.

**Frægir snobbarar**

Dæmi um fræga snobbara eru þeir bræður Frasier og Niles Crane úr sjónvarpsþáttaröðinni Frasier. Þeir eru þó ekki miklir smáborgarar þar sem þeir hafa yfirleitt ekki áhyggjur af að skera sig úr fjöldanum. Þeir leggja metnað sinn í að vera álitnir fínni en fjöldinn, sérstaklega hvað snertir smekk, gáfur og tengsl við lista- og menningarspírur. Hins vegar má segja að faðir þeirra, Martin, sé að vissu leyti smáborgaralegur þar sem gildismat hans er að mörgu leyti gildismat fjöldans og frávik sona hans frá meðalmennskunni fara í taugarnar á honum.

**Sine nobilitate**

Orðið snobb er tökuorð úr ensku, „snob". Því heyrist oft haldið fram að orðið sé þannig til komið að í fínni skólum á Englandi hafi nemendur án aðalstignar verið skráðir sem „s. nob." sem er stytting á „sine nobilitate" sem merkir „án aðalstignar". Erfitt reynist þó að finna áreiðanlegar heimildir þessu til staðfestingar og víða er þessi kenning véfengd.

**Snobbaðir skósmiðir**

Samkvæmt traustari heimildum þýddi orðið snob upphaflega „skósmiður" og vitað er um notkun orðsins í þeirri merkingu á 18. öld. Síðar var farið að nota orðið um fólk af lægri stigum þjóðfélagsins, eins og skósmiðir voru yfirleitt. Árið 1840 skrifaði rithöfundurinn William Makepeace Thackeray greinaflokkinn The Snobs of England by One of Themselves. Þar er orðið snob notað nokkurn veginn í núverandi merkingu.

Þótt sagan um „sine nobilitate" sem uppruna orðsins snob sé ósennileg má benda á að hugsanlegt er að orðið hafi verið tekið í notkun í skólum Englands um nemendur af almúgaættum einmitt vegna þeirrar tilviljunar að það féll vel að styttingu á „sine nobilitate". Einnig er talað um að nemendur við Cambridge hafi snemma tekið upp notkun á orðinu snob en ef til vill notað það um alla sem ekki voru nemendur við skólann, fremur en til að gera grein fyrir ætterni nemenda. Þannig er ekki óhugsandi að sannleikskorn leynist í kenningunni þótt smáatriðin kunni að vera röng.

*Eyja Margrét Brynjarsdóttir, doktorsnemi í heimspeki við Cornell-háskóla.*

Vísindavefurinn fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem nefnast, allt frá stjörnufræði til handrita og frá sameindalíffræði til sálarfræði. Af hverju glitrar snjórinn, hvað er snefilspíra, af hverju hafa úlfaldar hnúð á bakinu og hvernig myndast þurrís? Hægt er að lesa svörin við þessum spurningum með því að slá inn viðeigandi leitarorð á forsíðu Vísindavefsins www.visindavefur.hi.is.






**BARREL** stórt og fallegt garðborð með 2 stækkunarplötum,ál/tekk, B100 x 150/240 cm. kr. **34.980 TONGA** stóll, ál/náttúrulitað petan efniKr. **7.980.** Einnig til **TONGA** sessa, svört eða natur kr. **3.980** áður kr. ~~**4.980**~~





**BORÐ** 9.980 VERÐ ÁÐUR **14.980**  **STÓLL** 6.980 VERÐ ÁÐUR **9.980**

**COPENHAGEN** kaffiborð silfur/tekk, Ø 70 x H 72 cm. Kr. **9.980**
Kaffistóll silfur/tekk, 54,7 x 54 x 81 cm. Kr. **6.980**



**BORÐ** 7.980 VERÐ ÁÐUR **9.980**  **STÓLL** 4.980 VERÐ ÁÐUR **5.980**

**CAFE** borð ál/grátt plast, Ø 70 cm kr. **7.980**
**CAFE** stóll úr áli/gráu plasti kr. **4.980**



**25%**
**AFSLÁTTUR**

**BORÐ** 19.980 VERÐ ÁÐUR **27.980**  **STÓLL** 7.980 VERÐ ÁÐUR **11.980**

**TONGA** borð, ál/tekk, Ø 110 cm. kr. **19.980** fæst einnig 150 x90 cm kr. **24.980**
Áður ~~29.980~~ **TONGA** garðstóll ál/grátt petan efni kr. **7.980.**



**BORÐ** 9.980 VERÐ ÁÐUR **14.890**  **STÓLL** 4.980 VERÐ ÁÐUR **6.980**

**STAMPE** borð með granitplötu og álstelli Ø 60 cm kr. **9.980**
CATTIE svartur fléttustóll með álfótum kr. **4.980**

**OPIÐ ALLA DAGA**  Mánudaga - föstudaga 10-19 • Laugardaga 10-18 • Sunnudaga 12-18

# SUMAR
## HÚSGÖGN&SMÁVARA

HÚSGAGNAHÖLLIN



290
VERÐ ÁÐUR **390**
**KRUKKA** með loki 9,2 cm kr. **290**




GLAS MEÐ LOKI
390
VERÐ ÁÐUR **490**



1.990
VERÐ ÁÐUR **2.490**
**ÁVAXTAPRESSA**
3 litir kr. **1.990**



GLÓS 4 stk.
290
VERÐ ÁÐUR **390**



CINAS ST LL
3.980
Verð áður 5.980

30%
AFSLÁTTUR

**BORÐ** 8.980
VERÐ ÁÐUR **12.980**

**CINAS** fellíborð Ø 90 cm Nyatoh **8.980**. **CINAS** leikstjórastól Nyatoh kr. **3.980 CINAS** sólhlíf Nyatoh kr. **5.980**
Granit fótur fyrir sólhlíf ekki innifalinn, verð frá: **5.980.** Áður kr. ~~7.980~~

# Sæmd *hefndarinnar*

Hefnd er mannskepnunni í blóð borin, fyrirbæri sem fylgt hefur mannkyni frá upphafi. Á þjóðveldisöld voru blóðugar hefndir viðurkenndar sem eðlilegur hluti íslensks samfélags, snerust um æru og sæmd. ***Þórdís Lilja Gunnarsdóttir*** fékk að heyra um hefndir að fornu og nýju hjá **Rán Ingvarsdóttur**, sem mun útskrifast sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands í júní næstkomandi.

Hafnarfjarðarmærin Rán Ingvarsdóttir hefur nýlokið við útskriftarritgerð sína í lögfræði þar sem hún fjallar um hefnd að fornu og nýju á Íslandi. Rán segir markmiðið hafa verið að greina frá lagalegum rétti þjóðveldismanna til að hefna harma sinna, en þjóðveldisöldin er blóði drifin, oftast vegna hefnda á hefndir ofan.

„Ég vildi skoða hvort finna mætti leifar af þessum forna rétti í nútímanum og hvort nútímamaðurinn samþykki ef til vill hefndarþörfina á einhvern hátt. mér þótti forvitnilegt að vita hvort samfélagið hafi í raun breyst svo mikið að löggjafinn sniðgangi hefndarþörfina algjörlega í dag,“ segir Rán, sem upphaflega ætlaði að læra sagnfræði áður en hún valdi lögfræði.

„Ég hef örugglega hefnt mín einhvern tímann, en ekkert í líkingu við það sem menn gerðu á þjóðveldisöld,“ segir hún hlæjandi, en á þeim tímum mátti samkvæmt lögum hefna grimmilega fyrir litla sök, allt þar til hefndin hvarf úr lögunum.

„Ljóst er að kristnin og sú staðreynd að Ísland gekk undir konungsvald átti stóran þátt í því að hefndin hvarf úr réttinum sem lögleg viðurlög við afbrotum, þótt fólk héldi áfram að hefna sín utan við lög og reglur. Mér þótti athyglisvert hve lítið þurfti til, svo talið væri réttmætt að veita mönnum lagalegan rétt til hefnda. Menn áttu von á blóðhefnd fyrir það eitt að segja illmæli um aðra eða reyna að valda þeim minniháttar líkamssári. Hefndin þurfti því ekki að vera sniðin eftir verknaðinum. Vega mátti þótt enginn hefði verið veginn og hin svokallaða Talionsregla; auga fyrir auga og tönn fyrir tönn, gilti ekki hjá Íslendingum þess tíma, eins og var meginregla hjá ýmsum öðrum þjóðum.“

**Eftirminnilegar hefndir**

Rán segir ríkjandi siðaskoðun nútímans gjörólíka þeirri sem á þjóðveldisöld ríkti.

„Nú mega menn ekki að láta undan löngun til að hefna sín, en á þjóðveldisöld þótti siðferðislega ámælisvert ef menn hefndu sín ekki þegar það þótti eiga við. Menn voru álitnir aumingjar ef þeir hefndu sín ekki, og reynt var að hefna með sem eftirminnilegustum hætti til að skapa ógnun svo enginn myndi þora að hefna þeirrar hefndar,“ segir Rán, en stærsti hluti ritgerðarinnar fjallar um lagaákvæði Grágásar um hefndir auk dæma úr nútímasakamálum.

„Menn hefna sín í dag eins og þá, þótt réttarkerfið vilji ekki viðurkenna hefndir í lagabókstafnum. Hins vegar taka menn stundum lögin í sínar hendur og hefna sín, og þess dæmi má sjá í ritgerðinni.“

Rán komst að þeirri niðurstöðu að við ákvörðun refsinga væru hefndarsjónarmið viðurkennd upp að vissu marki og nefnir nokkra hæstaréttardóma því til stuðnings í ritgerð sinni.



**RÁN INGVARSDÓTTIR, VERÐANDI LÖGFRÆÐINGUR** „Ég hef örugglega hefnt mín einhvern tímann, en ekkert í líkingu við það sem menn gerðu á þjóðveldisöld.“

„Að sjálfsögðu er ekki um að ræða samskonar viðurkenningu og var á þjóðveldisöld. Í dag hafa hefndir ekki sömu samfélagslegu þýðingu og áður fyrr og eru ekki jafn gagnlegar, hvað þá nauðsynlegar eins og þegar þær bættu úr þörf sem ekki var bætt með öðru móti, þar sem þjóðfélagið skorti alla miðstýringu, framkvæmdavald og ríkisvald, auk löggæslu til að taka á brotamanninum og enginn fór með það hlutverk að framfylgja dómum svo fólk gerði það sjálft. Hefnd virkaði þá sem nokkurs konar réttarvarsla; nauðsynleg vörn í baráttunni fyrir tilverunni. Samt var hún varhugaverð sem slík þar sem brotaþoli sjálfur dæmdi í eigin sök, auk þess sem sá sem varð fyrir hefndinni gat skoðað hana sem tilefnislausa árás og eitt hefndarverkið gat leitt til annars. Hefndir gátu því orðið uppspretta ófriðar og óróa í stað þess að stuðla að réttaröryggi,“ segir Rán, sem tekur ýmis dæmi úr Íslendingasögunum í ritgerð sinni.

„Margir sjá hetjur Íslendingasagnanna sem rómantískar, stórar og sterkar, en margir voru hræddir og vildu lifa í friði. Margir leyndu sárum sínum til að þurfa ekki að ganga til hefnda, en menn hefndu sín aðallega þegar sæmd þeirra hafði verið skert sem og mannorðið.“

**Hefnigirni lifir enn**

Rán nefnir í ritgerð sinni nokkra hæstaréttardóma úr nútímanum þar sem refsing brotamanns hefur verið lækkuð, til dæmis vegna þess að ákærði hefur orðið fyrir alvarlegu kynferðisbroti af hálfu þess sem hann svipti lífi, vegna þess að sambúð ákærða og kæranda hefur verið mjög stormasöm og jafnvel vegna þess að kærandi hefur haft uppi klúryrði um móður ákærða.

„Hefnigirni lifir enn meðal manna og hefndarverk eru iðulega unnin, eins og sjá má í stríðsátökunum fyrir botni Miðjarðarhafs í dag. Í því samhengi nefni ég ýmis dæmi, en meðal annars morðið á hollenska kvikmyndagerðarmanninum Theo van Gogh í nóvember þar sem morðinginn vildi ekki aðeins drepa heldur vekja ótta og óhug, sem svipar óneitanlega til hefnda þjóðveldisaldar.“

## Ákvæði Grágásar um hefnd

Ákvæði Grágásar um hefnd eru dreifð, en með því að safna þeim saman og gera samanburð má fá allskýra mynd af því hvenær hefnd var leyfileg og hverjar voru takmarkanirnar á henni.

Hefna mátti fyrir brot í fjórum flokkum: **Líkamsárásir**, **legorð**, **meiðyrði** og **brot gegn fjárréttindum**, en fyrir önnur brot mátti ekki hefna. Hefndarréttur takmarkaðist af ýmsum ástæðum: Hægt var að beiða sér griða, hefndarréttur var tímabundinn, stundum mátti einungis hefna á vettvangi og aðeins fáir aðilar máttu hefna. Fleiri takmarkanir voru, til dæmis ef kona sem hafði unnið verk sem mátti hefna fyrir samkvæmt lögum var barnshafandi svo að barn var orðið kvikt í kviði hennar, mátti ekki koma fram hefndum á henni fyrr en hún var staðin upp af barnssæng. Hefndir voru því ekki aðeins upplausn og blóðsúthellingar. Um þær giltu stífar reglur.

*Úr ritgerð Ránar*

## Hefnd í Njálu

Á tímum þjóðveldismanna var það ekki grimmdin sem stjórnaði hefndum. Þeir hefndu til að fá uppreisn æru. Brotið hafði sært virðingu þeirra en sæmdin var það sem skipti öllu á þessum tíma. Sjálfsvirðingin knúði menn til hefnda og í Njálu má sennilega sjá skýrasta og mest sláandi dæmi þess þegar Njáll við Njálsbrennu segir við Flosa sem býður honum útgöngu:

„Eigi vil eg út ganga því að eg er maður gamall og er eg lítt tilbúinn að hefna sona minna en eg vil eigi lifa við skömm.“

Því vildi Njáll fremur brenna inni en deyja ærulaus.

*Úr ritgerð Ránar*

CITROËN

C4 SALOON

C4 SALOON SX 5 gíra 1,6 110 hö*
VERÐ......... 1.820.000 kr.
LEIGA ............. 32.300 kr.
LÁN ................ 21.837 kr.




# Mikið af því góða er best

# Veldu Citroën C4 á frönskum dögum

Gárungarnir segja franska menningu svo þróaða að orðið „magn“ sé ekki lengur til í orðaforða Frakka. Þeir telja að þarna sé komin ástæða þess að franskar konur séu grannar ... og að franskir karlar góðir elskhugar. Pælingin er auðvitað orðspor Frakka um að þeir leggi meira upp úr gæðum en magni. Frakkarnir vita hinsvegar að gæði felast í fjölda þeirra eiginleika sem heildina skapa. Og að gæði sé í raun annað orð yfir notagildi. Þess vegna eiga Frakkar Chateau de Versailles, Channel No5, Claude Monet og Citroën. Þetta skiljum við Íslendingar enda viljum við meina að mikið af því góða sé best. Hjá okkur eru mikil gæði (m)unaður. Komdu á franska daga í Brimborg. Veldu Citroën C4.

**Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C4:**

- Hraðastillir
- Stillanlegur hraðatakmarkari
- Fjarstýring helstu stjórnrofa í stýri
- Stafrænt mælaborð með birtuskynjun
- Loftkæling með móðuvörn
- Þokuljós í framstuðara
- 6 Öryggispúðar
- Upphitanleg framsæti
- Geislaspilari með fjarstýringu í stýri
- 6 Hátalarar
- Akstursölva
- Útihitamælir
- Ilmgjafahólf
- Fjölstillanlegt bílstjórasæti
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA neyðarhemlunarbúnaður
- Rafdrifnir útispeglar
- Velti- og aðdráttarstýri
- Fjarstýrð samlæsing

**Mikið meira er betra. Skoðaðu aukabúnað C4 t.d.:**

- Xenon beygjuljós
- Bluetooth þráðlaus símabúnaður
- ESP spólvörn og stöðugleikastýring
- Bakkskynjari
- Minibar/kælir
- Glerþak
- Leðurinnrétting
- Skyggðar rúður
- Sérstyrkt öryggisgler
- Dráttarkrókur
- Fjöldiska geislaspilari

**Komdu á franska daga í Brimborg. Upplifðu frönsk gæði. Skoðaðu Citroën – ekta franskan munað.**



C2 VTR 5 gíra Sensodrive 1,6 110 hö*
VERÐ......... 1.589.000 kr.
LEIGA ............. 28.600 kr.
LÁN ................ 18.606 kr.



C3 SX 5 gíra 1,4 75 hö*
VERÐ......... 1.419.000 kr.
LEIGA ............. 26.900 kr.
LÁN ................ 17.056 kr.



Berlingo Multispace 5 gíra 1,4 75 hö*
VERÐ......... 1.559.000 kr.
LEIGA ............. 28.200 kr.
LÁN ................ 18.845 kr.



C4 COUPÉ SX 5 gíra 1,6 110 hö*
VERÐ......... 1.790.000 kr.
LEIGA ............. 31.800 kr.
LÁN ................ 21.479 kr.



C4 SALOON SX 5 gíra 1,6 110 hö*
VERÐ......... 1.820.000 kr.
LEIGA ............. 32.300 kr.
LÁN ................ 21.837 kr.



Xsara Picasso SX 5 gíra 1,8 117 hö*
VERÐ......... 1.859.000 kr.
LEIGA ............. 34.000 kr.
LÁN ................ 22.421 kr.



C5 X 5 gíra 1,8 117 hö*
VERÐ......... 2.060.000 kr.
LEIGA ............. 36.800 kr.
LÁN ................ 24.817 kr.



C8 SX Sjálfskiptur 2,0 138 hö*
VERÐ......... 2.999.000 kr.
LEIGA ............. 53.900 kr.
LÁN ................ 35.892 kr.

BRIMBORG / GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.** Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Citroën í dag. Komdu í café og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér Citroën.

Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.citroen.is**

* Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd: af C3 er álfelgur, þokuljós og samlitun; af C4 er álfelgur; af Berlingo er þokuljós; af C8 er álfelgur og samlitun; Xsara Picasso er álfelgur og samlitun.

# Bóndi í borginni

Grænt tún, blátt vatn, rauð hús og gulir fíflar. Í austurátt tignarlegt Vífilfellið, Elliðavatn og Heiðmörk. Náttúrumynd þar sem tíminn stendur í stað. Við laglegan malarstíg suða fallegar hunangsflugur í krónum fíflanna, í takt við rymjandi gröfur og krana sem reisa á methraða heilt borgarhverfi þegar horft er yfir girðinguna í vesturátt, af hlaðinu heima í Elliðahvammi við Vatnsenda, annars tveggja eftirstandandi bóndabæja á mörkum Kópavogs og Reykjavíkur. Ábúandinn **Þorsteinn Sigmundsson** ráðlagði ***Þórdísi Lilju Gunnarsdóttur*** að sveipa höfuð sitt hettu til að freista ekki hunangsflugnanna með eplailmi hársins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ÞORSTEINN Í ELLIÐAHVAMMI, EINN AF SÍÐUSTU BÆNDUM Í BORGINNI** „Það hefur færst í vöxt að ókunnugt fólk birtist hér á hlaðinu, haldandi að þetta sé almenningsgarður eða afþreyingarpláss fyrir hesta og menn, og dæmi þess að heilu stóðin hafi riðið hér inn svo knaparnir gætu pissað undir húsvegg þar sem gestir okkar hafa hreiðrað um sig,“

Elliðahvammur er paradís. Eins og klipptur úr ævintýri Astrid Lindgren, með rauð- og hvítmáluðum húsum, fuglasöng, veðursæld, eplatrjám, býflugum og stórfenglegu útsýni, í það minnsta enn í austur og norður. Ekki eru nema fimm ár síðan bærinn var afskekkt sveitabýli í friði frá stórborgarysnum, en á hverjum degi síðan hefur byggðin færst nær sveitinni, nú með raðhúsum og blokkum í bakgarðinum.

„Við fluttum hingað síðla árs 1964,“ segir Þorsteinn Sigmundsson, einn af síðustu bændum höfuðborgarsvæðisins, sem síðan hefur verið með búskap í Elliðahvammi ásamt eiginkonunni Guðrúnu Alísu Hansen, ásamt því að reka þar umfangsmikið kjúklinga- og eggjabú.

„Ég fæddist í Bergstaðastrætinu 1943, þegar Reykjavík var enn lítið þorp. Sex ára fluttist ég í Kópavog, sem var algjör sveit í þá daga, en þegar bærinn fór að taka á sig kaupstaðarmynd fékk ég þrá til að flytjast nær sveitinni aftur og hóf leit að rétta bænum,“ segir Þorsteinn, sem sá auglýsingu ríkissjóðs um Elliðahvamm til sölu.

„Við áttum 100 þúsund krónur í formi skyldusparnaðar. Jörðin kostaði 160 þúsund og Framkvæmdasjóður lánaði það sem upp á vantaði. Af því láni var auðvelt að borga og skuldir íþyngdu okkur ekki á þeim tíma, við áttum nóga peninga. Að mínu viti voru mistök að leggja skyldusparnað niður því hann var þarfaþing og í raun heppileg forsjárhyggja því þá átti ungt fólk fyrir húsum sínum í stað þess að fá allt lánað, eins og nú tíðkast.“

## Sápur, epli og kerti

Þegar gengið er um paradísina Elliðahvamm má finna eplatré, vínberjatré, papriku, bláber, chilli og fleiri matjurtir sem hjónin hafa ræktað árum saman. Af eplatrénu er uppskeran hátt í 150 epli á haustin, sem notuð eru til átu, baksturs og eplavínsbruggs. Og jörðin gefur ríkulega af sér í matarkistur fleiri en fjölskyldunnar í Elliðahvammi.

„Ég lærði kerta- og sápusteypun hjá Sápugerðinni Frigg þegar landið var að koma úr gríðarlegri fátækt og Íslendingar óvanir sjálfsagðri sápunotkun. Fyrst gerðum við sápuna 1313, sem var kraftaverk síns tíma, þá þvottaefnið Sparr og svo sápulöginn Þvol. Ekki voru til neinar flöskur undir sápuna svo við fórum á haugana á Seltjarnarnesi, hirtum þar tómar brennivínsflöskur, helltum Þvolinu á þær, settum í korktappa og seldum í búðir,“ segir Þorsteinn, sem einnig bjó til Aladdin-kerti, undir dönsku merki.

„Íslendingar notuðu mikið kerti en einhverra hluta vegna voru þau ekki flutt inn. Við fengum að flytja inn hráefni og steypa kertin sjálf, sem þjóðin hélt að væru dönsk, sem gekk vel í landann því allt útlenskt þótti betra,“ segir Þorsteinn og brosir að minningunni.

## Glannaskapur í kjúklingarækt

Þorsteinn hætti í Frigg þegar fyrirtækið byggði gluggalausa nýmóðins verksmiðju í Garðabæ árið 1972.

„Þá ákvað ég að hella mér alfarið út í búskap og byrjaði með varphænsni, gæsir, endur, kindur og hesta. Við bændurnir á Sólbakka og Vatnsenda fórum fljótlega út í samvinnuverkefni þegar við fengum okkur hana og byggðum skúra þar sem við ræktuðum kjúklinga sem við slátruðum í litlu fuglasláturhúsi á Vatnsenda. Framleiðslan var ekki mikil; kannski þúsund fuglar á ári, en við höfðum af því ágætis tekjur, þótt aðstæður væru frumstæðar. Seinna stofnuðum við Hreiður, sem nú heitir Ísfugl,“ segir Þorsteinn, sem er brauðryðjandi í kjúklingarækt á Íslandi.

„Íslendingar voru ekki farnir að borða fuglakjöt árið 1970, enda hræddir við að verða veikir af því. Það var ekki fyrr en Naustið fór að bjóða körfukjúkling og síðan Askur að framboð og eftirspurn fór vaxandi,“ segir Þorsteinn, sem síðan hefur ekki haft undan að rækta kjúklinga.

„Ég reisti síðan stórt vélrænt hænsahús árið 1974, en foreldrar mínir höfðu verið með hænsn í Kópavogi. Pabbi var sjómaður og mamma með stórt heimili og sjö börn, þannig að það lenti á mér að hugsa um hænurnar. Ég kunni því vel og þótti sjálfsagt að fara út í hænsnarækt þótt öðrum hafi þótt það mikill glannaskapur á sínum tíma. Ég flokkast seint undir að vera stórbóndi og enn er þetta fjölskyldubú. Í tonnum talið framleiðum við 180 tonn af kjöti og eggjum, en Ísfugl sér um slátrun og dreifingu.“

## Brúðkaupsnótt hjá bændum

Upphaflegt skipulag að byggð við Elliðavatn var kallað Sveit í borg og átti að samanstanda af einstaka einbýlishúsum við þessa fögru útivistarperlu borgarbúa.

„En svo fóru menn að hugsa upp á nýtt og sáu að þeir höfðu ekki efni á að fara þannig með byggingarlandið,“ segir Þorsteinn, sem allt til ársins 2000 bjó einn með fjölskyldu sinni í afar litlu samfélagi.

„Það var ósköp gott þannig, en ég sá svo sem fyrir mér að byggðin mundi teygja sig lengra og lengra í austur, þó ekki svona hratt. Ég mun sætta mig við þetta, enda finnum við ekki svo mikið fyrir þessu á afgirtu landinu. Þó hefur færst í vöxt að ókunnugt fólk birtist hér á hlaðinu, haldandi að þetta sé almenningsgarður eða afþreyingarpláss fyrir hesta og menn, og dæmi þess að heilu stóðin hafi riðið hér inn svo knaparnir gætu pissað undir húsvegg þar sem gestir okkar hafa hreiðrað um sig,“ segir Þorsteinn, sem einnig rekur bændagistingu í Elliðahvammi, í samvinnu við Ferðaþjónustu bænda.

„Við fórum út í skipulagða ferðaþjónustu árið 1996 þegar við vildum láta tómar byggingar vinna fyrir sér. Þetta er vinsæll áningarstaður ferðamanna, en aukabúgrein sem við stólum ekki á. Þetta fer ágætlega saman og góð tilbreyting frá bústörfunum að fá gesti og leysa vandamál þeirra,“ segir Þorsteinn og bætir við að talsvert sé um að brúðhjón eyði hjá honum brúðkaupsnóttinni.“

## Hamingjan

Landið við Elliðavatn er dýrmætt enda æ eftirsóttara að búa við túnfót náttúrunnar.

„Hamingjan er ekki fólgin í peningum og ég hef engan áhuga á að selja í bili. Kópavogsbær hefur skipulagt hverfið þannig að við getum búið hér áfram meðan við viljum, sem er óvenjulegt því landlægt er að sveitarfélög ryðjist yfir jaðarbúana og þvingi þá í burtu. Slík er saga Reykjavíkur og Kópavogs og margir farið burt með sár í hjarta sem kannski aldrei grær. Ég þekki marga svoleiðis,“ segir Þorsteinn, sem finnst Elliðahvammur enn vera sama sveitin.

„Hér gengur lífið sinn vanagang. Það þarf að hugsa um skepnurnar, gefa þeim og þrífa undan þeim. Kannski fæ ég aftur þessa þrá að flýja þéttbýlið og vissulega hef ég velt því fyrir mér, en spurning hvort maður nenni því héðan af. Ég sé til.“

Þorsteinn og Alísa voru með hesta til 1980, þegar uppáhaldshestur Þorsteins fór fyrir bíl austur á Sandskeiði.

„Þá missti ég áhugann á hestamennsku. Kindurnar voru í pössun á túnum Vatnsenda og í staðinn passaði ég hænur Magnúsar Hjaltested. Þetta var náið og gott samfélag. Konurnar unnu heima með börnin, sem fóru með skólabíl í Digranesskóla. Fyrst um sinn var ekki einu sinni byggð í Breiðholtinu, nema sveitabærinn Alaska, og þurfti langt niður í bæ eftir nýlenduvörum.“

## Hunangið og hvönnin

Þorsteinn festi nýverið kaup á tveimur býflugnabúum með norskum hunangsflugum og hyggur á hunangsframleiðslu. Aukreitis ræktar hann hvönn og dreymir um framleiðslu á hvannartei, sem ku vera allra meina bót.

„Auðvitað sérðu þetta rómantískum augum,“ segir Þorsteinn um lífið í Elliðahvammi. „En þú sérð bara það sem við erum að leika okkur að og það er rómantískt. Alvöru búskapur er hörkuvinna og ekki pláss fyrir rómantískar hugsjónir þar. Eflaust er bóndastarfið eitt það besta í heimi, en það mætti vel vera betra að vera bóndi á Íslandi.“

Þorsteinn hefur sínar skýringar á því að æ fleiri borgarbúar vilja flytja nær sveitinni.

„Fjarhygli er eitthvað sem mann dreymir um. Að komast út fyrir rammann. Borgarlífinu fylgir pressa og mikið álag á fólki í vinnu. Því er nauðsynlegt að komast út í náttúruna og hlaða batteríin, hvort sem það er með ferð á golfvöllinn, sumarbústaðinn eða veiðiána. Ég labba mikið í kringum vatnið en mæti aldrei nokkrum manni á göngu. Eflaust

## Barnaheimilið

Haustið sem Þorsteinn og Alísa fluttu með nýfætt barn sitt að Elliðahvammi stóð þar gamalt íbúðarhús með rimlum fyrir gluggum og hengilás á hverri hurð.

„Hér hafði verið upptökuheimili fyrir börn og unglinga sem áttu við veruleg vandamál að stríða, en hingað var farið með þau í hálfgert fangelsi. Lögregla kom með stúlkur sem voru í ástandinu og útburði; nýfædd, köld og matarlaus börn, innvafin í teppi, og afhentu ábúandanum Rósu, sem kom lífi í þau og gekk fjórtán börnum í móðurstað. Bærinn gekk undir viðurnefninu Barnaheimilið og að sveitasið fékk ég fljótlega viðurnefnið Steini á Barnaheimilinu,“ segir Þorsteinn hlæjandi, en á fyrstu árum búskapar þeirra Alísu var ekkert rennandi vatn á bænum, lélegt rafmagn og aðeins einn sími í allri sveitinni.

„Hér bjó nánast ekkert fólk nema á bæjunum Vatnsenda og Sólbakka, en hér voru einnig nokkrir sumarbústaðir. Þrátt fyrir sérstaka fortíð staðarins fundum við aldrei fyrir depurð í andrúmslofinu. Þvert á móti fannst okkur við hafa fundið besta stað í heimi.“



er fólkið uppgefið að vinna fyrir skuldunum, en ég held að til að vera náttúrubarn þurfi maður að hafa fæðst inn í náttúruna. Það er nefnilega ekki allra að vera náttúruunnandi, og þegar deilt er um náttúruspjöll á hálendinu velti ég fyrir mér hvar deilan um náttúruspjöll á höfuðborgarsvæðinu sé stödd, því það mætti hlúa betur að grænum svæðum og náttúru í borgarlandinu.“

**Metúsalem og Pétur**

Þorsteinn er góð sönnun þess að bændur eru heimsmenn með víðan sjóndeildarhring.

„Mér finnst þrautleiðinlegt að ferðast um Evrópu, en hef farið til Egyptalands, Tyrklands, Indlands, Mexíkó, Brasilíu, Kólumbíu, Argentínu, Chile, Haiti, Dóminíska lýðveldisins og víðar. Sem betur fer hef ég haft tækifæri til að ferðast því ef maður ætlar að vita eitthvað um heiminn verður maður að fara á staðinn og heimsækja löndin. Það er besta leiðin.“

Þegar Þorsteinn var í Dóminíska lýðveldinu hitti hann mann frá Haiti sem spurði hvort hann og fleiri íslenskir ferðalangar gætu hjálpað við stofnun stjórnmálaflokks í stjórnlausu landi sínu.

„Nokkrum mánuðum síðar fórum við til Haiti og hittum alls konar menn í pólitík sem við settum fyrir verkefni. Þá fengum við þá hugmynd að setja á stofn skóla, því til að breyta þjóðfélagi verður að kenna íbúum þess að lesa og skrifa. Með mér í þessu voru Pétur Guðjónsson og Metúsalem Þórisson, sem enn skipuleggja þróunaraðstoð á Haiti og reka þessa skóla, sem ég veiti styrki í,“ segir ævintýramaðurinn Þorsteinn.

„Lífið er fullt af ævintýrum sem maður getur sjálfur búið sér til, í stað þess að bíða eftir að aðrir skapi þau fyrir mann. Menn verða að taka afstöðu og hafa sannfæringu. Það er ýmislegt hægt að gera til að láta gott af sér leiða og lítið mál að upplifa ævintýri. Maður þarf ekki að renna niður foss í gúmbát til þess. Um að gera að vera ekki alltaf í bómull heldur gera eitthvað klikkað, því lífið er ævintýri.“

Þýsk uppfinning:

# Vélmenni til fullorðinsleikja



**STEPFORD-VÉLMENNIN** Í kvikmyndinni Stepford Wives mátti sjá fullkomin kvenvélmenni eftir draumum karla.

Þýski uppfinningamaðurinn Michael Harrimann frá Nürnberg segist hafa búið til fullkomið kynlífsvélmenni sem hafi hjarta sem slær hraðar meðan á kynmökum stendur. Vélmennið andar auk þess ótt og títt og líkamshiti þess hækkar, þótt fætur þess haldist kaldir, „rétt eins og hjá raunverulegu fólki,“ segir Harriman.

„Það er nær ómögulegt að greina vélmennið frá alvöru manneskju, en ég er enn að þróa endurbætur og verð ekki fullkomlega sáttur fyrr en mín útgáfa er orðin betri en veruleikinn.“

Vélmennin kallast Andy og bjóðast fyrir 4.000 pund, en aukakostnaður er óhjákvæmilegur vilji menn panta útfærslur með stærri brjóst.

Undir sílikonhúð vélmennisins, sem er samskonar húð og notuð er við húðlýtalækningar, er næmt rafmagnshjarta. Hægt er að fá vélmennin til að sýna eggjandi mjaðmahnykki og aðrar tælandi hreyfingar, allt með tökkum fjarstýringar.

Að sögn Harrimans er hönnun hans betrumbætt útgáfa af vinsælum veruleikadúkkum sem fást á Bandaríkjamarkaði. ■





**GRÓIN SUMARHÚSABYGGÐ** Í hugum margra er dvöl á stað sem þessum toppurinn á tilverunni hvert ár og sífellt fleiri kjósa fremur dvöl í sumarhúsum en utanlandsferðir.

# Aldrei meiri ásókn í sumarbústaði

Allt að 70 þúsund krónur kostar að leigja sumarbústað á vinsælum stað í vikutíma í sumar. Fáir láta það þó aftra sér og er meirihluti leigubústaða að mestu bókaður vel fram í tímann. Þó er enn hægt að verða sér úti um nokkra daga á stöku stað hafi fólk hraðann á.

Þrátt fyrir að vikudvöl í sumarhúsi kosti að meðaltali kringum 50 þúsund krónur hefur það ekki komið í veg fyrir mikla eftirspurn og margir leigusalar hafa fullbókað langt fram í september. Virðast margir sem ekki eiga kost á slíkri dvöl gegnum stéttarfélög eða starfsmannafélög ekki setja fyrir sig að eyða allt að hundrað þúsund krónum í tveggja vikna leigu á góðum stað.

**Dýrt að vera utan félaga**

Sprenging hefur orðið á sumarhúsamarkaðnum undanfarin ár og telja kunnugir að heildarfjöldi slíkra húsa á landinu öllu sé um tíu þúsund alls. Stór hluti þeirra er í eigu félagasamtaka sem leigja þau út til félagsmanna en þau eru einnig leigð öðrum ef færi gefst til.

Félagsmenn greiða milli 18 og 25 þúsund að meðaltali fyrir eina viku í sumarhúsi og eru viðkomandi bústaðir þá jafnan með öllum helstu þægindum eins og heitum pottum og sjónvarpi og helst í grónum sumarhúsahverfum.

Greitt er hlutfallslega meira hafi fólk hug á að dvelja skemur. Er þá í flestum tilfellum innheimt daggjald og er það frá sex þúsund krónum og allt að tólf þúsundum og fer eftir staðsetningu og íburði. Afsláttur hvers konar er að jafnaði ekki veittur nema gist sé fimm daga eða lengur. Má því segja að fólk greiði svipað fyrir eina nótt í góðum bústað og fyrir nótt á sæmilegu hóteli.

Séu menn ekki meðlimir í neinum félögum eða samtökum sem niðurgreiða leigu fyrir félagsmenn sýnir könnun Fréttablaðsins að gera má ráð fyrir að vikuleiga á hvern bústað sé í kringum 50 þúsund krónur að meðaltali. Virðist þá einu gilda hvort þau hús eru uppi við Elliðavatn, í Grundarfirði eða austur á landi. Allnokkrir þeirra bústaða sem þannig bjóðast eru einnig talsvert úr alfaraleið og ekki eru sömu þægindi í þeim öllum.

**Víða er allt bókað**

Flestir þeir leigusalar sem Fréttablaðið ræddi við voru sammála um að vel gengi að bóka fyrir sumarið en á flestum stöðum er ennþá hægt að bóka viku eða skemmri tíma ef fólk hefur hraðann á og er sveigjanlegt hvað dagsetningar varðar.

Eftirspurn er engu að síður með ólíkindum, sem sést kannski best á því að hjá nokkrum þeim sem eru að hefja sitt fyrsta starfsár í leigu á sumarhúsum og hafa ekki auglýst enn eru flestar bestu vikurnar löngu upppantaðar. Kemur því ekki á óvart að margir voru sammála um að eftirspurn hefði aldrei verið meiri en nú.

Staðan er öllu verri hjá félagasamtökum sem leigja út sumarhús til félagsmanna sinna. Verslunarmannafélag Reykjavíkur er hvað stærst hvað þetta varðar og þar eru aðeins stöku dagar lausir, aðeins í maí og svo seint í ágúst eða byrjun september. Sama er uppi á teningnum hjá flestum þeim fyrirtækjum sem bjóða starfsmönnum sínum afnot af sumarhúsum. Langir biðlistar eru eftir slíkum húsum í júní, júlí og ágúst.

Mikil sókn er enn fremur í þær sumarhúsalóðir sem bjóðast víða um land og fá færri en vilja. Sala tilbúinna húsa gengur vel og gera má því skóna að sumarhúsasprengingunni sem varað hefur um tíu ára skeið sé hvergi nærri lokið.

albert@frettabladid.is

| STAÐSETNING | VIKULEIGA | SVEFNPLÁSS | FERMETRAR | POTTUR | FÉLAGASAMTÖK |
|---|---|---|---|---|---|
| Litli Hvammur, Vatnsendahverfi | 63.000 | 5 til 6 | 50 | Nei | #1 |
| Smiðjustígur, Flúðum | 40.000 | 5 | 52 | Já | |
| Signýjarstaðir, Borgarfirði | 41.000 | 6 til 10 | 48 | Nei | |
| Ytri-Vík, Árskógsströnd | 55.000 | 6 | 50 | Já | #2 |
| Einarsstaðir, Fljótsdalshéraði | 20.300 | 6 | 45 | Nei | VR #3 |
| Húsafell, Borgarfirði | 22.900 | 6 | 60 | Já | VR #4 |
| Brekkuskógur, Biskupstungum | 15.500 | 4 til 10 | 50 | Já | Efling |
| Hellishólar, Fljótshlíð | 54.000 | 4 til 6 | 20 | Já | #5 |
| Sólbrekka, Mjóafirði | 35.000 | 4 til 6 | 26 | Nei | |
| Indriðastaðir, Skorradal | 56.000 | 4 til 6 | 34 | Já | |
| Háls, Eyrarsveit | 45.000 | 4 til 6 | 45 | Já | |
| Stóra-Vatnshorn, Haukadal | 28.000 | 4 til 5 | 22 | Nei | |



**NÝBYGGINGAR** Engar áreiðanlegar tölur eru til um heildarfjölda sumarhúsa á landinu en kunnugir telja að þau séu allt að því tíu þúsund talsins. Engu að síður finnst vart sá staður þar sem frekari uppbygging er ekki áætluð og eftirspurn yfirleitt meiri en framboð.




Mynd eftir Sossu

Velkomin í Gallerí Fold í dag

Í dag höldum við myndlistarveislunni áfram í Gallerii Fold við Rauðarárstíg og í Kringlunni.
Allir listunnendur eru hjartanlega velkomnir.

Sérstök kynning verður á vaxtalausu listmunalánunum.
Allir sem ganga frá umsóknum um listmunalán í dag fá grafikverk eftir Kristján Davíðsson að gjöf.

LISTMUNASALA fold

Sjáumst í Gallerii Fold

Opið laugardag, 11-14

Rauðarárstíg 14-16, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is


TILBOÐ
STJÚPUR!
20 plöntur í hólfuðum bökkum, blandaðir litir
790kr
TILBOÐ
MARGARÍTUR
595kr
TILBOÐ
HENGI-LOBELÍUR
395kr
TILBOÐ
SÓLBOÐAR
595kr
ALLT Í GARÐINN Á EINUM STAÐ
TILBOÐ
R350 - 1000w
13.980kr
TILBOÐ
P 484 - 3.5hö
26.850kr
Mold og túnþökur í kerruna! Afgreitt til kl.18.00 alla daga.
TILBOÐ
SÓLBLÓM
595kr
TILBOÐ
GARÐHÚSGÖGN
GLÆSILEGT JAVA SETT
120cm borð og 4 stólar (úr gegnheilum Keruing harðvið)
verð áður: 27.750kr
nú: 24.975kr
BLÁKORN Á FRÁBÆRU VERÐI
Blákorn 5kg
395kr
Blákorn 40kg
2.480kr
Blákorn 10kg
780kr
TILBOÐ
TÓBAKSHORN
395kr
Tilboðin gilda frá fimmtudegi til sunnudags.
Útskriftablómin
Útskriftagjafirnar
GARÐHEIMAR
allt í garðinn á einum stað!
GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA
Munið að gefa sumarblómunum áburð:
Korn: 2 - 3svar yfir sumarið, eða áburðarvatn í 2 af 3 skiptum vökvunar.
Stekkjarbakka 4-6 - Reykjavík - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

## Pallaefni

**89** kr./lm

Vnr.0058254

### Fura alhefluð

22x95 mm A-gagnvarið.



Vnr.0291461-3-7

### Blómakassi

Blómakassi, ferkantaður.
220x300x300,
290x400x400,
320x500x500.

Verð frá **1.350**

# 25% afsláttur
## af allri viðarvörn & útimálningu

*gildir ekki með öðrum tilboðum*




# HELGARFJÖR Í VE

Tilboð þessi gilda til 22. maí.

*hafðu gott*




**19.900**
plús 12 gólfkúlur

Vnr.49600001-3

### Golfsett

Wilson golfsett, karla og kvenna, hægra og vinstra sett. Járn: 3-9+P, grafitskaft, pútter og góður burðarpoki.




Vnr.49980250

### Körfuboltaspjald

TITANIUM körfuboltaspjald & hringur. Öryggisfestingar á netinu.

**5.990**
~~7.900~~



**3.990**
~~5.900~~

Vnr.88012330

### Trampólín

Sund trampólín, 220 cm.



Vnr.0291406

## Girðinga-einingar

BETULA ESPALE, 1800/900x900 mm.

**3.900**
~~5.778~~

**7.500**
~~10.830~~

Vnr.0291405

## Girðingaeiningar

BETULA ESPALE, 1800x1800 mm.

**1.990**
~~3.990~~

Vnr.74834114

## Borvél

HANSEATIC hleðsluborvél, 14,4V.

**4.900**
~~6.990~~

Vnr.0291403

## Girðingaeiningar

BETULA ESPALE, 1000x1800 mm.

# RSLUNUM BYKO!

það



**19.900**

BOSCH sláttuorf fylgir öllum McCulloch sláttuvélum!

Vnr.53323001

## Sláttuvél

McCulloch sláttuvél með fjórgengis Briggs & Stratton Classic Q40 mótor. Vélin er 4 hestöfl. 50 ltr. safnkassi er á sláttuvélinni. Sláttubreiddin er 46 cm og sláttuhæðin er með 5 mismunandi stillingum, frá 3 cm - 7 cm.

**26.900**

Vnr.74890323

## BOSCH sláttuorf

fylgir með öllum McCulloch sláttuvélum

BOSCH EASYTRIM rafmagnssláttuorf, 280W. Sláttubreidd 23 cm. Orfið er aðeins 1,6 kg. Kjörið til að slá litla fleti eða til að slá meðfram beðum og köntum.

McCULLOCH

Vnr.53323021

## Sláttuvél

PARTNER sláttuvél með fjórgengis Briggs & Stratton Classic Q40 mótor. Vélin er 4 hestöfl. Sláttubreiddin er 50 cm.

BYKO

BYGGIR MEÐ ÞÉR

| Leigumarkaður BYKO opið virka daga: 8-19 laug: 9-18 sun: 10-17 - Sími: 515 4020 | Hringbraut opið virka daga: 8-19 laug: 9-18 sun: 10-17 - Sími: 562 9400 | Hafnarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 - Sími: 555 4411
| Reyðarfjörður opið virka daga: 8-18 laug: 10-14 - Sími: 470 4200 | Suðurnes opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 - Sími: 421 7000 | Selfoss opið virka daga: 8-18 laug: 9-16 sun: 12-16 - Sími: 480 4600 |

# Kraftmikil kamelljón

Rokksveitin **Queens of the Stone Age**, sem spilar á Reykjavík Rocks-hátíðinni í Egilshöll ásamt Foo Fighters, var stofnuð upp úr rústum hljómsveitarinnar Kyuss. ***Freyr Bjarnason*** fór yfir sögu sveitarinnar.

Rokksveitin Queens of the Stone Age, sem spilar á Reykjavík Rocks-hátíðinni í Egilshöll 5. júlí ásamt Foo Fighters, var stofnuð upp úr rústum hljómsveitarinnar Kyuss sem hætti störfum 1995.

Meðlimir Kyuss voru söngvarinn og gítarleikarinn Josh Homme, trommarinn Alfredo Hernandez og Nick Oliveri sem plokkaði bassann. Þeir áttu eftir að spila síðar saman undir nafninu Queens of the Stone Age ásamt gítar- og hljómborðsleikaranum Dave Catching.

Queens of the Stone Age hefur allt frá byrjun verið nokkurs konar samansafn tónlistamanna undir styrkri stjórn forsprakkans Josh Homme. Eftir að Homme hafði farið í tónleikaferð með hljómsveitinni Screaming Trees skömmu eftir upplausn Kyuss fékk hann til liðs við sig þá Van Conner úr Screaming Trees, Matt Cameron úr Soundgarden og Mike Johnson úr Dinosaur Jr. til að taka upp nokkrar stuttskífur sem upphaflega voru gefnar út undir nafninu Gamma Ray. Fljótlega var sveitin endurskírð Queens of the Stone Age og Homme fékk þá trommarann Hernandez til að aðstoða við upptökur á fyrstu plötu sveitarinnar, sem var samnefnd henni og kom út 1998. Skömmu síðar gekk Olivieri til liðs við sína gömlu félaga eftir að hafa yfirgefið hljómsveitina The Dwarves. Dave Catcher gekk skömmu síðar til liðs við hópinn.

Árið 2000 gaf Queens of the Stone Age út sína aðra plötu, Rated R. Í stað Hernando á trommunum voru nú komnir þeir Gene Trougman og Nicky Lucero, sem skiptust á að lemja húðir fyrir sveitina. Eftir umfangsmikla tónleikaferð og eftirminnilega frammistöðu á Rock in Rio-hátíðinni í Brasilíu og Ozzfest hóf Queens of the Stone Age vinnu við sína þriðju plötu. Dave Grohl, fyrrum trommari Nirvana og forsprakki Foo Fighters, hafði lengi lýst yfir aðdáun sinni á hljómsveitinni. Samþykkti hann, mörgum að óvörum, að tromma á nýju plötunni og fara í tónleikaferð með sveitinni. Á sama tíma var að koma út ný plata frá Foo Fighters en Grohl frestaði tónleikaferð til að fylgja henni eftir til að geta djammað með einni af sínum uppáhaldssveitum.



**QUEENS OF THE STONE AGE** Rokksveitin öfluga spilar í Egilshöll í sumar ásamt Foo Fighters.

Platan, sem kom út 2002, fékk heitið Songs For the Deaf og sló rækilega í gegn um heim allan. Grohl fór á kostum á trommunum og Queens of the Stone Age var orðin eitt af heitustu rokkböndunum í bransanum. Lagið No One Nows átti stóran þátt í þeim vinsældum. Grohl var ekki eina gestastjarnan á plötunni því einnig voru Homme innan handar þeir Mark Lanegan, fyrrum söngvari Screaming Trees, og Troy Van Leeuwen, gítar- og hljómborðsleikari A Perfect Circle.

Eftir tónleikahald og starf liðsmanna með öðrum hljómsveitum kom Queens of the Stone Age aftur saman til að taka upp nýja plötu, Lullabies to Paralyze. Homme hafði á þessum tímapunkti rekið samstarfsfélaga sinn til margra ára, Oliveri, og kom það mörgum í opna skjöldu. Eftir sátu þeir Homme, Joey Castillo, Alain Johannes, Van Leeuwan og Lanegan. Brotthvarf Oliveri virðist ekki hafa haft mikil áhrif því platan hefur fengið frábærar viðtökur og hefur styrkt stöðu Queens of the Stone Age sem ein besta rokksveit heims.

Ýmislegt hefur þó gengið á eftir að platan var tekin upp. Oliveri gekk aftur til liðs við sveitina en Lanegan hætti. Engu máli virðist samt skipta hverjir eru í sveitinni svo lengi sem Homme heldur um stjórnartaumana.

Íslendingar eiga væntanlega von á hörkutónleikum í Egilshöll í sumar, því Queens of the Stone Age þykir framúrskarandi góð á sviði. Hver veit síðan nema Grohl laumi sér á bak við trommusettið og rifji upp gamla takta? Íslenskir tónleikagestir geta fengið úr því skorið þann 5. júlí. ■




MIÐASALAN HEFST Í DAG

**Forsala** á bæði kvöld Reykjavík Rocks hefst í dag kl. 11 í eftirtöldum verslunum 10-11:

**Lágmúla • Austurstræti • Akureyri**

Miðaverð er 9.900 kr. fyrir bæði kvöldin. Takmarkað magn. Miðinn tryggir aðgang að fremra svæði Egilshallar.

**Almenn miðasala** hefst á morgun kl. 11 í öllum verslunum 10-11 og á www.reykjavikrocks.is Stakur aðgöngumiði annað kvöldið kostar 5.900 kr. Takmarkað magn.

REYKJAVÍK ROCKS 2005 — FM 98.9 BYLGJAN -björt og brosandi — PEPSI


NOVARTIS
CONSUMER HEALTH
Nyrjähdyksistä, venähdyksistä, urheiluvammoista tai liikarasituksesta johtuvan lihas- ja nivelkivun paikallishoitoon.
Voltaren® Emulgel® 11,6 mg/g
50 g
Diclofenac. diethylamin.
Vid lokal behandling av muskel- och ledvärk förorsakade av stukningar, försträckningar,
Geeli/Gel
Fæst án lyfseðils
Við vöðva- og liðverkjum
VoltarenEmulgel®
Díklófenak tvíetýlamín 11,6 mg/g
ARNARSON.TK · EMU-002-230305
**Voltaren Emulgel®** er notað sem staðbundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist einungis útvortis og má aldrei taka inn. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.




## Vildarþjónusta Sparisjóðsins

Fíton/SÍA FI013031

Við hjá Sparisjóðnum vitum að hver einstaklingur hefur margar hliðar og ólíkar þarfir. **Vildarþjónusta Sparisjóðsins** er ný persónuleg fjármálaþjónusta sem er sérsniðin að þínum þörfum og tryggir þér framúrskarandi þjónustu og meiri ávinning. Kynntu þér málið í næsta Sparisjóði eða á **www.spar.is**. Velkomin í hóp ánægðustu viðskiptavina í bankakerfinu.





…þá lögum við okkur að **þínum** þörfum!

## Meiri ávinningur

- Lán án ábyrgðarmanna
- Frítt debetkort
- 200 fríar debetkortafærslur á ári*
- Afsláttur af árgjaldi kreditkorts
- Afsláttur af lántökugjöldum
- Sérkjör hjá Verðbréfaþjónustu Sparisjóðsins
- Sérstök námskeið og ráðgjöf í fjármálum
- Sérkjör á fjármögnun bifreiða hjá SP-Fjármögnun
- Frí netáskrift hjá Og Vodafone
- Frábær ferðatilboð Plúsferðum og Úrval Útsýn

SPARISJÓÐURINN
*– fyrir þig og þína*

*Gildir í Gull- og Eðalþjónustu





**Aðal frétt vikunnar**

**Guðjón kominn til Notts County**

Það kom afskaplega fáum á óvart þegar Guðjón Þórðarson skrifaði undir þriggja ára samning við enska D-deildarliðið Notts County. Þrálátur orðrómur hafði verið þess efnis og þegar Guðjón rifti samningi sínum við Keflavík fyrir rúmri viku vissu allir hvað kæmi næst.

# sport

sport@frettabladid.is

**JÓHANNES KARL GUÐJÓNSSON:** HÆTTUR MEÐ LANDSLIÐINU

## *Hef ekki gaman af þessu lengur*



Knattspyrnukappinn Jóhannes Karl Guðjónsson kom verulega á óvart í gærmorgun þegar hann tilkynnti í Morgunblaðinu að hann myndi ekki gefa kost á sér í íslenska landsliðið sem mætir Ungverjum og Möltu í byrjun júní. Fréttirnar komu flatt upp á landsliðsþjálfarana sem og starfsmenn KSÍ enda höfðu þeir ekki hugmynd um að Jóhannes Karl ætlaði ekki að bjóða fram krafta sína.

„Ég hef verið að hugsa um þetta í smátíma en tók ekki endanlega ákvörðun fyrr en eftir að tímabilinu í Englandi lauk,“ sagði Jóhannes Karl sem leikur með Leicester City. „Ég nýt þess ekki lengur að leika með landsliðinu og meðan svo er sé ég ekki ástæðu til þess að bjóða fram starfskrafta mína. Ég hef einfaldlega ekki gaman af þessu lengur og mun því frekar njóta mín með fjölskyldunni í sumar,“ sagði Jóhannes en hann á tvo unga drengi.

Landsliðsþjálfarinn Ásgeir Sigurvinsson var að sötra morgunkaffið þegar Fréttablaðið náði tali af honum en hann lenti í svipaðri stöðu í gær og bróðir Jóhannesar, Þórður, í mars þegar Fréttablaðið tjáði honum að hann hefði ekki verið valinn í landsliðshóp Ásgeirs fyrir leikina gegn Króatíu og Ítalíu.

„Ég veit ekkert meira um málið en það sem ég sá í blaðinu. Þetta kemur mér verulega á óvart og Loga líka. Það hafa ekki verið neinir samstarfsörðugleikar við drenginn,“ sagði Ásgeir en hann býst ekki við því að hringja í Jóhannes og leita útskýringa. „Fyrst hann tók þá ákvörðun að láta hvorki okkur né sambandið vita af þessu þá tel ég það ekki vera í okkar verkahring að hafa samband við hann.“

### > Við skiljum vel ...



... þá ákvörðun Jóhannesar Karls að gefa ekki kost á sér í landsliðið í miðju stuttu sumarfríi sínu. Hver vill ekki vera með börnunum sínum þá? En væri hið sama tilfellið ef Ísland væri 50 sætum ofar á styrkleikalista FIFA?

### > Við hrósum ...



... íslenska kvennalandsliðinu í körfubolta fyrir að vinna góðan sigur á Englandi í gærkvöldi. Þetta er fyrsti leikurinn af þremur í lokaundirbúningi liðsins fyrir Smáþjóðaleikana í Andorra og það er því óhætt að hvetja körfuboltaáhugafólk til að mæta og hvetja stelpurnar í hinum leikjunum sem verða í Smáranum í dag og í Njarðvík á morgun.

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

MAÍ

18 19 20 **21** 22 23 24

**Laugardagur**

**LEIKIR**

- 12.00 **Breiðablik** og **Keflavík** mætast í Landsbankadeild kvenna.
- 12.00 **ÍA** tekur á móti **KR** upp á Skipaskaga í Landsbankadeild kvenna.
- 14.00 **Valur** og **Stjarnan** etja kappi að Hlíðarenda í Landsbankadeild kvenna.
- 15.00 **FH** fær **ÍBV** í heimsókn í Kaplakrika í Landsbankadeild kvenna.
- 17.00 Annar vináttuleikur **Íslands** og **Englands** af þremur um helgina verður í Smáranum í dag.

**SJÓNVARP**

- 08.50 **Sporting – CSKA Moskva** í úrslitum Evrópukeppni félagsliða. (e)
- 10.40 **Bestu bikarmörkin** á Sýn.
- 10.50 Fyrri tímataka **Formúlu 1** keppninnar í Mónakó í beinni á Rúv.
- 11.35 **Bestu bikarmörkin** á Sýn. Annar hluti.
- 12.30 **Upphitun** fyrir enska bikarúrslitaleikinn á Sýn.
- 13.00 **Man. United – Arsenal** í úrslitum ensku bikarkeppninnar á Sýn.
- 15.20 Sjónvarpsmóti í **fimleikum** í Sjónvarpinu.
- 17.00 **Inside the PGA Tour** á Sýn.
- 17.20 **Dallas – Phoenix** á Sýn. (e)
- 19.50 **Real Madrid – Atl. Madrid** í spænsku deildinni í beinni á Sýn.

# Króati til reynslu og Ramsey að æfa

**Eftir mikla meiðslahrinu hjá Grindvíkingum er loksins farið að fjölga á æfingum liðsins. Króatískur sóknarmaður hefur hafið æfingar með liðinu sem og Scott Ramsay.**

**FÓTBOLTI** Í gær kom til landsins króatískur sóknarmaður, Mario Mijatovic, sem mun æfa næstu daga með Grindavíkurliðinu. Hann er 25 ára gamall og hefur leikið í króatísku 1.deildinni með Kamen Ingrad. Eftir þessar æfingar mun verða tekin ákvörðun um hvort samið verði við leikmanninn. Hópur Grindavíkurliðsins er frekar þunnskipaður um þessar mundir en Alfreð Elías Jóhannsson og Sveinn Þór Steingrímsson eru fótbrotnir og verða líklega frá næstu tvo mánuði. Liðið tapaði fyrir Val 3-1 í fyrstu umferð Landsbankadeildarinnar á mánudag en í þeim leik fór Ray Anthony Jónsson meiddur af velli, hann fór í myndatöku í gær og lítur út fyrir að hann verði einnig frá í tvo mánuði.

**Jack kemur aftur**

Mathias Jack kemur til Grindavíkurliðsins á nýjan leik á þriðjudaginn en hann er 36 ára og lék með liðinu sumarið 2003. Milan Stefán Jankovic, þjálfari Grindavíkur, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann væri með 12 leikfæra menn í sínum hópi fyrir leikinn gegn FH á morgun en svo verður fyllt upp í hópinn með strákum úr 2.flokk. „Við erum í leit að leikmönnum til að auka breiddina í hópnum, samt sem áður þurfum við að vanda valið og fá ekki hvern sem er. Við erum með nokkra efnilega leikmenn í 2. flokki sem verða orðnir mjög góðir eftir svona eitt til tvö ár og munum nota þá gegn FH. Þannig að ég þarf ekkert að byrja að æfa!“ sagði Milan Stefán í gær.



**SPILAR HANN Í SUMAR?** Scott Ramsay er byrjaður að æfa með Grindavík. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þá hefur Scott Ramsay æft að undanförnu með Grindavík. „Hann býr í bænum og ég var búinn að sjá hann mikið vera einn að skokka og sparka í bolta. Ég talaði við hann og hann vildi koma á æfingu hjá okkur, hann á marga vini í liðinu og vill halda sér í formi. Það er allavega ekki slæmt að hafa svona frábæran leikmann á æfingu, hann getur bara gert aðra leikmenn betri,“ sagði Milan Stefán sem þjálfaði Ramsay áður hjá Grindavík og hjá Keflavík í fyrra, hann útilokaði það ekki að Ramsay færi aftur í Grindavík. „Það hefur ekkert verið rætt ennþá um að fá hann en ég neita því ekki að það væri mjög fínt.“

**Kristján vill halda Ramsay**

Ramsay bíður dóms og er allt í óvissu varðandi hans mál. Hann hefur ekki æft með Keflavík síðustu tvær vikur eða svo en Kristján Guðmundsson, þjálfari liðsins, hafði ekki heyrt af því að hann væri að æfa með Grindavík en það kom honum þó ekki á óvart þegar við höfðum samband við hann í gær. „Ég hef tilkynnt stjórninni og Ramsay sjálfum að ég vil halda honum hjá okkur. Það er verið að skoða samningsmál varðandi hann núna,“ sagði Kristján.

Ingvar Guðjónsson, framkvæmdastjóri Grindavíkur, sagði að allir hjá liðinu væru bara að reyna að hjálpa Ramsay í gegnum hans erfiðleika. „Aðalatriðið er að honum líði sem best, fótboltinn er aukaatriði. Það geta öll lið á Íslandi notað hann en ég held bara að hann sé ekki í standi til að ræða þau mál og því erum við ekkert að íþyngja honum í sambandi við það. Ég geri ekki ráð fyrir því að hann verði með í sumar, hann verður líklegast bara að leika sér í þessu sér til ánægju. Ef hann kemur hins vegar að fyrra bragði og sækist eftir því að spila fyrir okkur munum við að sjálfsögðu skoða það,“ sagði Ingvar.

elvar@frettabladid.is

Kvennalandsliðið í körfu:

## Enskar lagðar

**KÖRFUBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta vann átta stiga sigur, 71–63, á enskum stallsystrum sínum í fyrsta vináttulandsleik þjóðanna af þremur en liðin mættust í DHL-Höllinni í gær.

Íslensku stelpurnar höfðu frumkvæðið allan tímann eftir mjög góðan fyrsta leikhluta sem vannst 29–18. Íslensku stelpunar settu 5 af 9 þriggja stiga körfum sínum niður í þessum 1. leikhluta.

Ísland hafði yfir 40–32 í hálfleik, enska liðið náði að minnka muninn niður í 3 stig í fjórða leikhlutanum en íslensku stelpurnar kláruðu leikinn vel.

**Stig Íslands:** Helena Sverrisdóttir 22 (24 mín., 6 fráköst, hitti úr 8 af 12 skotum), Birna Valgarðsdóttir 10, Hildur Sigurðardóttir 10, Alda Leif Jónsdóttir 8 (5 stoðs.), Helga Þorvalsdóttir 7, Signý Hermannsdóttir 5 (9 fráköst), Helga Jónasdóttir 4 (3 varin), Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 3, Rannveig Randversdóttir 2.



**22 STIG Á 24 MÍNÚTUM** Helena Sverrisdóttir kom inn af bekknum og skoraði 22 stig á 24 mínútum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

-óój


ÞÁLFARAR ÓSKAST

Unglingaráð handknattleiksdeildar Víkings óskar eftir að ráða þjálfara til starfa næsta vetur. Okkur vantar bæði þjálfara fyrir stráka og stelpur. Við höfum ýmsar hugmyndir um að gera gott starf öflugra og betra og óskum því eftir áhugasömum einstaklingum til að taka þátt í því skemmtilega starfi. Upplýsingar veita Þorsteinn yfirþjálfari í síma 8926780 og Rúnar í síma 6928556.

Umsóknarfrestur er til og með 30. maí n.k. og skal umsóknum skilað til Ásmundar íþróttastjóra Víkings. asmundur@vikingur.is


AC Milan gerði 3–3 jafntefli og missti af titlinum

## Juventus meistari í 28. sinn

**FÓTBOLTI** Juventus varð í gær ítalskur meistari í fótbolta í 28. sinn þrátt fyrir að leikmenn liðsins hafi ekki þurft að svitna.

AC Milan gerði 3–3 jafntefli við Palermo og því er það ljóst að liðið getur ekki náð Juventus af stigum. AC Milan spilaði sinn leik á undan hinum í þessari næstsíðustu umferð þar sem liðið mætir Liverpool í úrslitaleik Meistaradeildarinnar á miðvikudaginn. Juventus er þar með fjórða liðið sem Fabio Capello gerir að meisturum.



AC Milan notaði varaliðið sitt í leiknum en komst samt í 3–1 í fyrri hálfleik með mörkum Serginho (2) og Jon Dahl Tomasson. Palermo tryggði sér jafntefli með tveimur mörkum í seinni hálfleik – jöfnunarmarkið kom á 79. mínútu og það skoraði Simone Baroni.

-egm

Leikmannamál Snæfells:

## Pálmi farinn

**KÖRFUBOLTI** Pálmi Freyr Sigurgeirsson hefur tilkynnt forráðamönnum Snæfells að hann muni ekki leika með liðinu á næsta keppnistímabili og rennir það stoðum undir þrálátan orðróm um að hann muni skrifa undir samning við KR-inga um að leika með þeim næsta vetur í úrvalsdeildinni. Samningur Pálma við Snæfell náði til ársins 2006 og því mun liðið sem fær hann til liðs við sig þurfa að gera það upp áður en af félagaskiptunum verður. Pálmi er þriðji lykilmaður Snæfells sem yfirgefur félagið í sumar.

-bb

Stórskytta fer frá Val til Danmerkur:

## Vilhjálmur samdi við Skjern

**HANDBOLTI** Vilhjálmur Halldórsson handknattleiksmaður hefur skrifað undir þriggja ára samning við danska úrvalsdeildarliðið Skjern sem Aron Kristjánsson þjálfar.

Rétt fyrir úrslitakeppnina hér heima var haft samband við Vilhjálm.

„Liðið sýndi mér mikinn áhuga og svo ýtir það undir að þarna er íslenskur þjálfari og svo nokkrir íslenskir leikmenn. Mér líst mjög vel á þetta, þeir hafa hörkulið. Skyttan sem ég verð að slást við er mjög góð og svo voru þeir að kaupa örvhenta skyttu frá Flensborg,“ sagði Vilhjálmur sem heldur út í júní.

Vilhjálmur segir vissulega erfitt að yfirgefa lið Vals í þessari stöðu. „Ég var þarna einungis í eitt ár en leið mjög vel hjá félaginu. Það vantar ekki mikið til að þetta verði allt í fína, ef þeir fá örvhenta skyttu og miðjumann eru þeir komnir langleiðina. Svo eru ungir strákar sem eru alveg reiðubúnir að spila.“ Fyrir hjá Skjern eru þrír Íslendingar, þeir Vignir Svavarsson, Jón Jóhannesson og Ragnar Óskarsson.

-egm



**STUTT STOPP HJÁ VAL** Vilhjálmur Halldórsson lék í eitt ár með Val en spilar í Danmörku næstu þrjú árin.

# Þróttardagurinn er á morgun

***Fjörið hefst klukkan 11 um morguninn og nær hápunkti á fyrsta heimaleik sumarsins gegn Fylki.***



Minna hefur farið fyrir leikmannakaupum hjá Þrótti en öðrum liðum. Sú staða breyttist í einni svipan þegar endurskoðandi Þróttar fann gamla samninga, sem ýmsar kempur undirrituðu á sínum tíma. Komið hefur í ljós að þar var um æviráðningar að ræða og hefur Ásgeir Elíason óskað eftir þessum liðsstyrk í sumar.  Þetta horfir misjafnlega við mönnum en þó er næsta víst að kastljósið mun beinast að þeim í sumar.

## Hvert í hoppandi, svífandi og skoppandi

**Þróttardagurinn hefur verið haldinn með pompi og pragt undanfarin ár enda er Þróttur afskaplega lifandi félag, eins og slagorðið vitnar um. Dagskráin hefst kl. 11 á morgun, sunnudaginn 22. maí og verða hoppukastalar og leiktæki út um víðan gervigrasvöll. Ekki nóg með það, heldur verður farið í ratleik, tennis, handbolta, blak, auk þess sem 3. flokkur knattspyrnu drengja leikur sér að eldri og reyndari mönnum.**

## Köttaranámskeið og svo beint á völlinn

**Dagskránni lýkur um 13.30 með Köttaranámskeiði þar sem farið verður yfir helstu hvatningarsöngvana áður en haldið verður á fyrsta heimaleik Þróttar gegn Fylki á Laugardalsvellinum.  Boðið verður upp á andlitsmálningu í tilefni dagsins og veitingar verða seldar á vægu verði.**

***Þróttur - Fylkir***
***kl. 14***




## STUÐ MILLI STRÍÐA | Draumurinn er úti

**FREYR BJARNASON** SKRIFA UM EUROVISION-DRAUM ÍSLENDINGA, SEM ER HORFINN Í BILI AÐ MINNSTA KOSTI.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Eurovision-draumur okkar er úti, að minnsta kosti í bili. Flestir ef ekki allir Íslendingar voru sannfærðir um gott gengi Selmu fyrir keppnina og meira að segja virtist hún eiga sigurinn vísann hjá mörgum hverjum.

Íslendingar hafa áður verið sigurvissir. Það var þegar fyrsta framlag okkar, Gleðibankinn, var sent til leiks. Þær vonir fóru heldur betur út í sandinn þegar sextánda sætið varð niðurstaðan. Margir hafa átt erfitt með að fyrirgefa þessi „dómaramistök“ allar götur síðan. Úrslitin í fyrrakvöld voru aftur á móti engin mistök því það var símakosning almennings sem réði valinu.

Ekki er því hægt að kenna spilltum dómnefndum um hvernig fór, en hvað var það þá sem fór úrskeiðis? Selma skilaði víst sínu alveg hreint prýðilega og ekkert út á það að setja. Þegar ég kom inn í miðja keppnina sá ég aftur á móti að lag Selmu var ekkert endilega það besta og fór smám saman að gruna að önnur frambærileg lög væru þarna sem gætu skotið henni ref fyrir rass. Jú, If I Had Your Love er fínt lag og vafalítið eitt af þeim bestu sem við Íslendingar höfum sent frá okkur. Það virðist samt ekki hafa náð að skera sig nógu mikið úr til að sérstaklega yrði eftir því tekið. Það gerðu aftur á móti til að mynda lögin frá Noregi og Ungverjalandi. Norðmennirnir gerðu hálfpartinn grín að þessu öllu saman en buðu jafnframt upp á grípandi lag og Ungverjar dönsuðu á skemmtilegan hátt með sínu lagi, sem var reyndar ekki upp á marga fiska.

Ætli lykillinn að árangri í keppni sem þessari sé ekki að feta einmitt þessar slóðir. Gera eitthvað framandi en um leið grípandi og ennþá betra er ef menn taka sig ekki allt of hátíðlega. Vonandi eiga frændur okkar Norðmenn eftir að vinna í kvöld. Það væri ágætis sárabót eftir allt sem á undan er gengið. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



■ TÓNLIST



**CHRIS MARTIN** Söngvara Coldplay er greinilega annt um söngkonuna Kylie Minogue.

# Tileinkaði Kylie lag

Söngvarinn Chris Martin úr Coldplay tileinkaði söngkonunni Kylie Minogue lagið The Scientist á tónleikum í New York á dögunum. „Þetta lag er fyrir Kylie Minogue. Láttu þér batna sem allra fyrst,“ sagði Martin.

Minogue greindist fyrir skömmu með brjóstakrabbamein og hefur þegar farið í meðferð til að láta fjarlægja meinið. Söngkonan knáa hefur fengið fjölda stuðningsyfirlýsinga eftir að tíðindin voru gerð kunn og segist vera afar þakklát fyrir þær. Nýjasta plata Coldplay, X&Y, kemur út þann 6. júní. Á henni verður meðal annars smáskífulagið Speed of Sound. ■

■ TÓNLIST



**R.E.M.** Síðasta plata R.E.M. fékk dræmar viðtökur gagnrýnenda.

# Ekki orð um næstu plötu

Michael Stipe, söngvari R.E.M., ætlar ekki að segja frá því hvernig næsta plata sveitarinnar muni hljóma. Hann telur að hann hafi gefið fréttamönnum ranga hugmynd um síðustu plötu sveitarinnar, Around the Sun, og fyrir vikið hafi gagnrýndur talið hana allt öðruvísi en hún í rauninni var. Fékk hún í kjölfarið slaka dóma velflestra gagnrýnenda.

„Löngu áður er platan kom út sagði ég fréttamönnum hvernig hún myndi hljóma en ég geri það ekki aftur. Ég sagði að platan yrði nokkuð stjórnlaus, pólitísk og hávaðasöm, sem hún reyndar er, en hún er miklu fremur hvísl en öskur. Ég ætla ekki að tala um nýju plötuna fyrr en hún er tilbúin,“ sagði Stipe. ■






LYKILL AÐ LÍFSGÆÐUM!



**Í Sandgerðisbæ finnurðu lykil að lífsgæðum!**

Fjölbreytt atvinnuframboð, fjölskylduvænt umhverfi, hátt þjónustustig, lægstu þjónustugjöld á landinu, mikið lóðaframboð, frábærar samgöngur á landi, í lofti og á legi, frístundabyggð, gjöful fiskimið, stuttar vegalengdir – og umfram allt: Vinalegt umhverfi og ljúft viðmót nágrannanna. Er hægt að biðja um það betra?

**Vertu velkomin(n)!**

www.sandgerdi.is

SANDGERÐISBÆR
INNAN SEILINGAR

GEIMSTOFAN.IS / FREMRI



**!** **Kl. 16.00**
*Hinir árlegu vortónleikar* ***Gradualekórs Langholtskirkju*** *verða haldnir í dag. Á efnisskránni eru að vanda íslensk og erlend verk fyrir barnakóra. Gestur á tónleikunum verður* ***Graduale Futuri****, sem er yngri barnakór kirkjunnar. Stjórnandi er* ***Jón Stefánsson*** *og undirleikari* ***Arngerður María Árnadóttir****.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Selmusvekkelsi í Kaupmannahöfn



Sænsku rithöfundarnir Anders Roslund og Börge Hellström hrepptu Glerlykilinn fyrir bestu norrænu glæpasöguna árið 2005. Bók þeirra heitir Odjuret, eða Ókindin og í henni segir frá barnaníðingi sem myrðir tvær ungar stúlkur á hryllilegan hátt.
Verðlaunin voru afhent úti í Kaupmannahöfn í gær á veitingahúsinu Café Jonas, sem heitir í höfuðið á listaskáldinu góða, Jónasi Hallgrímssyni.
Ævar Örn Jósepsson var tilnefndur fyrir Íslands hönd fyrir glæpasögu sína, Svartir englar, en hreppti ekki hnossið að þessu sinni.
„Íslendingarnir hérna voru að tala um að þetta væri hálfgert Selmusvekkelsi,“ segir Erla Sigurðardóttir, ritstjóri í Kaupmannahöfn, sem var viðstödd verðlaunaafhendinguna.
„Fulltrúarnir frá hinum löndunum voru líka mjög hrifnir af bók Ævars og margir svolítið hissa á því að Svíarnir skyldu hljóta þetta.“
Ævar Örn var reyndar í hálfundarlegri aðstöðu vegna þess að hann var í senn tilnefndur fyrir Íslands hönd til verðlaunanna og jafnframt formaður norrænu samtakanna Skandinaviska kriminalsälskapet, sem veitir verðlaunin.
Hann kom þó hvergi nálægt dómnefndinni.

## EKKI MISSA AF…

… sýningu á rjóma íslenskra vefsíðna og margmiðlunarefnis í Öskju, náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni milli klukkan 13 og 16.

… fyrirlestri **Oddnýjar Eirar Ævarsdóttur** um safnara og sýningu á japanskri bíómynd um ófreskjuna **Godzilla** á safnarasýningunni í Gerðubergi á morgun.

… tónleikum flautuleikarans **Pamela de Sensi** og hörpuleikarans **Sophie Marie Schoonjans** í Neskirkju á morgun.






# Náttúran á meðal vor

**Heimspekingar og listfræðingar velta því fyrir sér hvort náttúran eigi heima í „ríki markmiðanna“ á ráðstefnu í næsta mánuði.**



**ÓLAFUR PÁLL JÓNSSON** Ráðstefna heimspekinga, listfræðinga, listamanna og annarra náttúruunnenda verður haldin á Selfossi í næsta mánuði.

Í næsta mánuði verður haldin ráðstefna á Selfossi þar sem heimspekingar, listfræðingar, listamenn og fleiri áhugamenn um náttúruna fjalla um stöðu náttúrunnar í samtímanum. Yfirskrift ráðstefnunnar er „Náttúran í ríki markmiðanna“, og er þar verið að vísa í þýska heimspekinginn Immanúel Kant.

Kant leit svo á að allar manneskjur, svo fremi sem hægt sé að kalla þær skynsemisverur, hljóti að teljast markmið í sjálfum sér og því megi enginn notfæra sér annað fólk í eigin þágu án þess jafnframt að taka fullt tillit til hvers einstaklings.

Kant virðist ekki hafa gert ráð fyrir því að líta beri á náttúruna sem markmið í sjálfri sér, þar sem náttúran er ekki skynsemisvera eftir því sem best verður vitað. Á þessari ráðstefnu verður hins vegar spurt hvort náttúran eigi ekki samt heima í „ríki markmiðanna“, það er hvort hún sé ekki markmið í sjálfu sér rétt eins og skynsemisverurnar góðu.

Erindi halda bandarísku heimspekingarnir Emily Brady og Holmes Rolston III og franski heimspekingurinn Roger Pouivet, hollenski listfræðingurinn Antje von Gaevenitz, franski miðaldafræðingurinn Eric Palazzo og þýska listakonan Mariele Neudecker ásamt Íslendingunum Páli Skúlasyni og Mikael M. Karlssyni, sem báðir eru heimspekingar, Ósk Vilhjálmsdóttur listamanni, Þorvarði Árnasyni náttúrufræðingi og Brynhildi Davíðsdóttur sem er prófessor í visthagfræði við Boston University.

„Síðan heldur Vigdís Finnbogadóttir lokaerindi á ráðstefnunni en Ólafur Ragnar Grímsson opnar hana með fyrirlestri, sem ekki er bara stutt ávarp heldur fyrirlestur sem tengist efni ráðstefnunnar,“ segir Ólafur Páll Jónsson heimspekingur, sem skipulagði þessa ráðstefnu ásamt Æsu Sigurjónsdóttur listfræðingi og Jóni Hjartarsyni, framkvæmdastjóra Fræðslunets Suðurlands.

„Okkur langaði að taka fyrir náttúruna út frá sjónarhóli bæði heimspekinnar og listarinnar og erum sammála um að sú nálgun eigi mjög vel við því þá vakna strax spurningar um gildi eða verðmæti. Fókusinn er samt alltaf á náttúruna. Hvaða máli skiptir hún? Hvernig á að umgangast hana? Umræða um þessi mál hér á landi hefur alltaf verið beintengt ákveðnum deilumálum en hugmyndin með þessari ráðstefnu er ekki að fara inn í þær deilur heldur ræða um þessi málefni á svolítið fræðilegum grundvelli. En svo getur verið að út úr því komi ýmislegt sem hefur afleiðingar fyrir deilurnar.“

Ráðstefnan „Náttúran í ríki markmiðanna“ verður haldin 11. og 12. júní í Fjölbrautarskóla Suðurlands á Selfossi. ■


REYKJANESBÆR

FRÍSTUNDAHELGI
Í REYKJANESBÆ

Frístundahelgi í Reykjanesbæ verður haldin 21. - 22. maí 2005 í Íþróttahúsinu við Sunnubraut. Tilgangur helgarinnar er að kynna fjölbreytt félaga- og klúbbastarf í bæjarfélaginu á sviði frístunda.

Á sama stað sýnir handverksfólk á Reykjanesi og víðar handverk sitt. Kaffihús á staðnum - skemmtiatriði.

Þeir sem taka þátt í frístundahelgi eru:
Sæþotufélag Suðurnesja - Pílukastfélagið
Skákfélag Reykjanesbæjar - Smábílaklúbbur Íslands
Mótorhjólaklúbburinn Ernir - Flugmódelfélagið

Nemendur í Myndlistarskóla Reykjanesss halda sýningu á verkum sínum í Svarta Pakkhúsinu frá kl. 13 - 17:00.



Menningar-, íþrótta- og tómstundasvið ••• reykjanesbaer.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
EDITH PIAF Á AUSTURLANDI
1. OG 2. JÚNÍ!

■ Stóra sviðið kl. 20:00
**DÍNAMÍT** – *Birgir Sigurðsson*
7. sýn. í kvöld lau. 21/5, 8. sýn. fim. 26/5 **örfá sæti laus**, 9. sýn. fös. 3/6, 10. sýn. lau. 11/6, 11. sýn. sun. 12/6.
**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** – *H.C Andersen*
Sun. 22/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus, lau. 28/5** kl. 14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 5/6 kl. 14:00. **Síðustu sýningar í vor.**
**EDITH PIAF** – *Sigurður Pálsson*
Sun. 22/5 uppselt. **Síðasta sýning í vor.**
**ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA** – *Hallgrímur Helgason/leikgerð Baltasar Kormákur*
Fös. 27/5 **nokkur sæti laus**, lau. 28/5, lau. 4/6 **nokkur sæti laus**, fim. 9/6, fös. 10/6. **Aðeins örfáar sýningar vegna fjölda áskorana.**
**MÝRARLJÓS** – *Marina Carr*
Sun. 29/5. **Allra síðasta sýning**

■ Litla sviðið kl. 20:00
**KODDAMAÐURINN** – *Martin McDonagh*
Mið. 25/5 **nokkur sæti laus**, fim. 26/5 **örfá sæti laus. Síðustu sýningar í vor.**
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin.

■ Smíðaverkstæðið kl. 20:00
**RAMBÓ 7** – *Jón Atli Jónasson*
Sun. 22/5 **örfá sæti laus**, fös. 27/5, lau. 28/5

■ Valaskjálf Egilsstöðum:
**EDITH PIAF Á AUSTURLANDI** – *söngdagskrá*
**Mið. 1/6 kl. 20:00, fim. 2/6 kl. 20:00. Miðasala á Bókasafni Héraðsbúa. Opið alla virka daga frá kl. 14-19. Sími 471 1546**

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**



BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*
**99% UNKNOWN - Sirkussýning**
*CIRKUS CIRKÖR frá SVÍÞJÓÐ*
Þri 14/6 kl 20, Mi 15/6 kl 20, Fi 16/6 kl 20, Fö 17/6 kl 20 *Aðeins þessar sýningar*
**25 TÍMAR**
*Dansleikhús / samkeppni LR og Íd í samstarfi við SPRON.*
Fi 9/6 kl 20 - 2.500,- *Einstakur viðburður*
**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Fö 27/5 kl 20 *Síðustu sýningar*
**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar*
Su 22/5 kl 20, Fi 26/5 kl 20
*Síðustu sýningar*
**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 28/5 kl 20
*Síðasta sýning*

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Su 22/5 kl 14 - **UPPS.**, Lau 4/6 kl 14 **UPPS.**
Su 5/6 kl 14 - **UPPS.**, Su 12/6 kl 14,
Su 12/6 kl 17, Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14,
Su 26/6 kl 14
*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN*
**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Su 22/5 kl 20, Fi 26/5 kl 20 - **UPPS.**,
Fö 27/5 kl 20, Lau 28/5 kl 20, Su 29/5 kl 20,
Fi 2/6 kl 20, Fö 3/6 kl 20
**THE SUBFRAU ACTS - GESTALEIKSÝNING**
*The paper Mache og Stay with me*
Fi 26/5 kl 20, Fö 27/5 kl 20

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is • Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ
19 20 **21** 22 23
**Laugardagur**

### KVIKMYNDIR

☐ **16.00** Kvikmyndasafn Íslands sýnir í Bæjarbíói, Hafnarfirði, dönsku grín- og söngvamyndina **Sommer i Tyrol** í leikstjórn **Eriks Balling**, en myndin var áður sýnd í Bæjarbíói á sjöunda áratugnum. Aðalleikarar myndarinnar eru **Dirk Passer, Ove Sprogøe** og **Lone Herts**.

### TÓNLEIKAR

☐ **13.30** Japanski ásláttarleikarinn **Stomu Yamash'ta** frumflytur nýtt verk eftir **Ragnhildi Gísladóttur** á tónleikum í Skálholtskirkju. Flytjendur með honum eru **Ragnhildur Gísladóttir, Sigtryggur Baldursson** og **Sjón** ásamt **Barna- og kammerkór Biskupstungna** og **Skólakór Kársness**.

☐ 14.00 **The Alfs** spilar eitthvað fyrir alla í Ígulkeri, beint á móti Bónus, Laugavegi.

☐ 16.00 **Kór Átthagafélags Strandamanna** heldur tónleika í Reykholtskirkju. Stjórnandi er **Krisztina Szklenár** og **Judith Þorbergsson** leikur með á píanó.

☐ 16.00 **Gradualekór Langholtskirkju** heldur vortónleika sína í Langholtskirkju. Á efnisskránni eru að vanda íslensk og erlend verk fyrir barnakóra. Gestur á tónleikunum verður **Graduale Futuri**, sem er yngri barnakór kirkjunnar. Stjórnandi er **Jón Stefánsson** og undirleikari **Arngerður María Árnadóttir**.

☐ 17.00 **Eyjólfur Þorleifsson** útskrifast frá Djass- og rokkdeild Tónlistarskóla FÍH með tónleikum í sal FÍH að Rauðagerði 27. Eyjólfur leikur á tenórsaxófón en með honum spila **Scott Mclemore** á trommur, **Ómar Guðjónsson** á gítar og **Pétur Sigurðsson** á kontrabassa. Flutt verða lög eftir Eyjólf sem væntanleg eru á geislaplötu innan tíðar.

☐ 23.00 Tónleikar á Ellefunni með **Jan Mayen** og **Indigo**. Á eftir verður **Palli í Maus** á dj-græjunum.

☐ 23.00 **Rambo** frá Bandaríkjunum sér um tónlistina á Grand Rokk í kvöld.

## OPNANIR

☐ 14.00 Listakonan **Sjöfn Har** opnar í dag **Listaskálann** í Kaupfélagshúsinu á Stokkseyri. Listaskálinn er nýr sýningarsalur og vinnustofa listakonunnar.

## SKEMMTANIR

☐ 22.00 **Ari** og **Gunni** leika af fingrum fram á Hressó. **Heiðar Austmann** verður síðan í búrinu fram undir morgun.

☐ 23.00 **Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar** leikur fyrir dansi á Kringlukránni.

☐ Hljómsveit Rúnars Júl leikur á **Ránni í Keflavík.**

☐ **Bermuda** skemmtir á Kaffi Akureyri.

☐ **Dj Rikki, dj Hendrik** og **dj Exos** sjá um tónlistina á skemmtistaðnum De Palace í Hafnarstræti.

☐ Dúettinn **Acoustics** skemmtir á Ara í Ögri.

☐ Dj **Gulli** úr Ósóma á Laugavegi 22.

☐ Eurovison á fjórum breiðtjöldum og tíu sjónvarpsskjám í Klúbbnum við Gullinbrú. Á eftir verður stórdansleikur með **Brimkló**.

☐ Hljómsveit **Rúnars Þórs** spilar í Vélsmiðjunni á Akureyri.

☐ **Hermann Ingi** jr leikur af fingrum fram á Catalinu í Kópavogi.

☐ Bein útsending frá Eurovision á breiðtjaldi í Café Kúlture. Á eftir heldur **Blackbird** uppi stuðinu.

☐ Eurovision dansleikur á Broadway með hljómsveitinni **Hunang**. Frítt inn.

## FYRIRLESTRAR

☐ 13.30 **Hörður Geirsson** heldur fyrirlestur á Amtsbókasafninu á Akureyri um ljósmyndir Gunnlaugs P. Kristinssonar.

## SAMKOMUR

☐ 10.00 **Varnarliðsmenn** bjóða til árlegrar **vorhátíðar á Keflavíkurflugvelli** í stóra flugskýlinu næst vatnstanki vallarins. Í boði verður fjölbreytt skemmtun fyrir alla fjölskylduna og búnaður varnarliðsins verður til sýnis. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

☐ 14.00 **Vorhátíð Móðurmáls**, félags um móðurmálskennslu tvítyngdra barna, verður haldin í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Á vorhátíðinni koma saman börn úr námskeiðum vetrarins ásamt kennurum og forráðamönnum til að halda upp á afrakstur síðustu missera. **Vigdís Finnbogadóttir** flytur stutt ávarp og **Ellen Kristjánsdóttir** tekur lagið með börnunum.

## SÝNINGAR

☐ 13.00 Sýning á bestu vefsíðum og margmiðlunarefni á Íslandi verður á **nýmiðlunarhátíð** í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


## GERÐUBERG



**Stefnumót við safnara II**
**Sunnudagur kl. 15**
**Þrá, innhvörf, endurnýjun, losti og dauði:** Fimm sýni úr lífi safnara. Oddný Eir Ævarsdóttir, heimspekingur og mannfræðingur flytur erindi
Aðgangseyrir kr. 500 (kaffi/te innifalið)
**Sunnudagur kl. 16 - Bíó**
Godzilla, Mothra, King Ghidorah
Ókeypis aðgangur!

REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

**Lóa Guðjónsdóttir** sýnir vatnslita- og olíuverk í Boganum

www.gerduberg.is








# MÓÐUR VIKUNNAR

## > MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

# *Ólgusjór herratískunnar*



FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Ég hef alltaf jafn gaman af umræðum um klæðaburð karlpeningsins. Slíkar umræður eiga sér oftast stað þegar nýtt kjöt dettur inn á vinsældalistann og kvenfólkið er að velta því fyrir sér hvort eigi að hrökkva eða stökkva. Á fyrsta deiti geta vaknað ótrúlegustu spurningar hjá konum varðandi manninn bara af því að skyrtan hans er í skrýtnum lit eða gallabuxurnar allt of gulrótalegar í laginu. Ekki er þó ráðlegt að sálgreina karlpening út frá klæðaburði því það geta verið svo óskaplega margar ástæður fyrir fatavalinu. Sumir eiga kannski stjórnsamar mæður sem elska Dressmann meðan aðrir eyða frekar peningum í ferðalög, fallega heimilismuni eða barferðir. Og svo er aldrei langt í þá staðreynd að mörgum mönnum finnst hundleiðinlegt í búðum og kjósa bjór og bolta í stað Kringluferða. Það er ekkert við því að gera. Þegar kynsystur mínar eru að býsnast yfir ömurlegum fatastíl verðandi maka minni ég þær gjarnan á að minn ástkæri sambýlismaður hafði sérstakan fatastíl þegar ég hnaut um hann. Honum fannst pólýesterefni eitt af undrum veraldar og tjáði mér alsæll að þetta væri algerlega straufrítt og því sérhannað fyrir piparsveina. Ég verð þó að viðurkenna honum til málsbóta að pólýesterföt þóttu töff á þeim tíma. Sem betur fer eru fatastílar ekki trúarbrögð og því sáraeinfalt að breyta þeim hjá mönnum. Það þarf bara að fara afar varlega og nánast án þess að þeir taki eftir því. Það er auðveldara en þið haldið að láta flíkur hverfa og svo getið þið farið í gjafmilda gírinn og laumað að einni og einni skyrtu. Það vekur ávallt kátínu. Minn maður er til dæmis búinn að læra að það sé stranglega bannað að kaupa flíkur úr pólýester og akrýl og hann er orðinn flinkur að strauja. Sannleikurinn er þó sá að þegar öllu er á botninn hvolft skiptir fatastíll minnstu máli þegar fólk er í sambúð. Aðalmálið er að kjarni mannsins sé óskemmdur og án geðtruflana.

## Gulur og svalur

Farðu alla leið í vintage-tískunni og keyptu þér bíl í stíl við klæðnaðinn. Á netinu er hægt að festa kaup á hinum mestu köggum fyrir ekki svo mikið fé á síðunum http://www.vintagecarsource.com/ og http://vintagecars.about.com/. Það er fátt svalara en að keyra um á gulri þrumu með Dolly Parton í spilaranum, koma svo við í sjoppu og fá sér litla kók með lakkrísröri. Svo má alltaf kaupa flott áklæði á sætin til að gera bílinn meira sjarmerandi. Eina vandamálið er að þú gætir þurft að bíða í nokkra mánuði eftir kagganum vegna ásóknar í ameríska bíla.










**SHOE STUDIO,** Kringlunni.



**SJARMERANDI.** Karen Millen hefur tekið þetta trend föstum tökum og er gríðarlegt úrval af bólerópeysum í versluninni.



**PALLÍETTUDROTTNING.** Alana Stewart, fyrrum eiginkona Rods Stewart, tekur sig vel út í bólerójakka úr pallíettum.



**SHOE STUDIO,** Kringlunni.



**ÆVINTÝRAHJÓL.** Þetta hjól fær ótrúlegustu antisportista til að breytast í hjólafrík.

# Sannur sumarfílingur



**SHOE STUDIO,** Kringlunni.



**TÍGULEG.** Fyrirsætan Tahnya Tozzi skartar sínu fegursta í ekta pels með bólerósniði.

Í völundarhúsi sumartískunnar eru nokkrir hlutir sem verða að rata í fataskápinn. Við erum að tala um eitt par af flottum flatbotna leðurskóm með skrauti og bólerópeysu. Skórnir eru margnota. Þeir eru fallegir við pils hvort sem um er að ræða spari eða hversdags. Sumrinu fylgja hjólatúrar og lautarferðir og þá er alger óþarfi að vera klæddur eins og geimvera. Smekklegast er að vera í venjulegum fötum í hjólatúrunum og fallegir flatbotna leðurskór koma alveg í staðinn fyrir íþróttaskó. Þar sem landinn streymir til útlanda yfir sumarið er líka mikilvægt að eiga smekklega flatbotna skó því þó að hælaskór séu flottir henta þeir engan veginn í útlandaferðum. Það er frekar súrt að eyða fríinu í að hugsa um óþægindi í eigin fótum í stað þess að njóta og upplifa framandi staði. Það er einnig mikilvægt að eiga allavega eina bólerópeysu. Þetta fyrirbæri er svo sniðugt því það hefur svo breitt notagildi. Að vera í bólerópeysu yfir kjól gerir kraftaverk en svo eru þessar flíkur líka svo æði sniðugar yfir allskonar boli. Það kemur líka í veg fyrir að konur séu of djarflega klæddar í vinnunni. Það er til mikið af fallegum hlýrabolum en það er ekki málið að vera í þeim einum og sér. Með góðri bólerópeysu yfir er þó allt annað upp á teningnum. Það er hægt að fá bólerópeysur í öllum heimsins mynstrum, sniðum og efnum. Pallíetturnar koma sterkar inn og maður myndi ekki slá hendinni á móti bólerópeysu úr pallíettum eins og Alana Stewart skartaði á dögunum. Það er bara svalt!

martamaria@frettabladid.is



**SHOE STUDIO,** Kringlunni.



**FLATBOTNADÍSIR.** Sarah Michelle Geller, tennisstjarnan Venus Williams og Mischa Barton leikkona.

**SMEKKURINN** STEFÁN SVAN AÐALHEIÐARSON FATAHÖNNUÐUR

# Ungir hönnuðir heilla mest


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stefán var að útskrifast sem fatahönnuður úr Listaháskóla Íslands. Fatalína hans vakti mikla athygli fyrir fegurð og frumleika. Stefán stefnir að því að vinna að nýrri línu í nánustu framtíð en hann starfar einnig í fataversluninni Kron.

**Spáir þú mikið í tískuna?** Já, það geri ég óneitanlega. Ég les þó ekki mikið af tískublöðum en fæ innblástur úr bíómyndum, tónlistarmyndböndum og frá umhverfinu.

**Uppáhaldshönnuðir?** Ég er hrifnastur af ungum hönnuðum eins og Gaspard Yuerkivich, Raf Simon og Siv Stöldal en þau eru öll að hanna flott herraföt.

**Fallegustu litirnir?** Grænn, blár og gulur.

**Hverju ertu mest svag fyrir?** Aðallega skóm og hettupeysum eins og er.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Ég held ég hafi síðast keypt mér jakka á flóamarkaði Hjálpræðishersins og YSL-skyrtu á sama stað.

**Hvað finnst þér mest sjarmerandi í vor- og sumartískunni?** Mér finnst of stór föt mjög sjarmerandi. Sérstaklega peysur en buxurnar eiga að vera þröngar alla leið niður.

**Hvað ætlar þú að kaupa þér fyrir sumarið?** Hvíta peysu frá Helle Mardahl sem ég hef haft augastað á í svolítið langan tíma.

**Uppáhaldsverslun?** Ég fíla Kron og Lakkrísbúðina og svo versla ég mikið á flóamarkaði Hjálpræðishersins og Rauða krossins.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Það getur verið frá 0-40 þúsund. Ég er búin að vera a stúdenta-"budgeti". Námslánin leyfa ekki mikil fatakaup.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Levis-gallabuxna sem ég er búinn að eiga síðan ég var 13 ára. Ég nota þær ennþá mjög mikið.

**Uppáhaldsflík?** Græn doppótt hettupeysa með bleikum bangsa á frá KTZ.

**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Ég myndi fara til Parísar eða New York.

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Þær eru mjög margar. Ég held samt að það sé taska sem er líka vesti. Held að hún toppi allt.


Merkjavara á silfurfati

Mikið úrval af fótboltaskóm

- sundfatnaði - barnafatnaði

(Osh Kosh og Confetti)

| | | | |
|---|---|---|---|
| And 1 | Columbia | PUMA | ASICS |
| Casall | FIREFLY | NIKE | Rucanor |
| Cintamani | SPEEDO | Osh Kosh | adidas |
| Confetti | Diesel | O'NEILL | Catmandoo |
| Triumph | Pongs skór | Reebok | Röhnisch |

Sundfatnaður í gríðarlegu úrvali
Stakir toppar - buxur á kr. 1.000
Sundbolir á kr. 1.000 og kr. 1.500
Bikini á kr. 1.990

VERÐDÆMI

| | Okkar verð | Fullt verð |
|---|---|---|
| Cintamani fleece | 2.990 kr. | 9.990 kr. |
| Speedo sundbolir | 1.500 kr. | 3.990 kr. |
| Nike barnaskór | 2.500 kr. | 4.990 kr. |
| Casall bolir | 2.000 - 2.200 kr. | 4.900 - 6.900 kr. |
| Catmandoo barnakuldagallar | 3.600 kr. | 7.990 kr. |
| Teva sandalar | 3.590 - 3.990 kr. | 7.990 - 9.990 kr. |
| Íþróttabuxur barna | 1.600 kr. | 4.800 kr. |
| Adidas takkaskór | 2.500 - 5.000 kr. | 5.490 - 10.490 kr. |
| Casall bikini | 1.990 kr. | 5.990 - 7.990 kr. |
| Osh Kosh barnabolir | 990 kr. | 2.990 kr. |
| Asics barnaskór | 3.500 kr. | 6.990 kr. |
| Puma fótboltaskór | 2.000 kr. | 4.990 - 10.990 kr. |



Opnunartími virka daga 14.00-18.00 - Laugardaga/Sunnudaga 10.30-18.00 - Upplýsingasími 551 8464







Ekki missa af Eurovisionpartý NOA NOA.
Full búð af flottum fötum
fyrir spennandi kvöld.
Góða skemmtun!

Nýji Eurovisiondiskurinn fylgir með
fyrir heppna viðskiptavini.



NOA NOA®
Kringlan - 553 3536

**fasteignir**

**Á MÁNUDÖGUM**

- **Fasteignaauglýsingar sem fara inn á 75% heimila landsins**
- **Auglýsingasíminn er 550 5000**
- **auglysingar@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesna blað landsins



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Á SKJÁNUM** Selma Björnsdóttir tók sig vel út á skjá sem komið var utan á „grænu höllinni" í Kænugarði í fyrradag.

# Væntingar og vonbrigði

Það voru blendnar tilfinningar sem brutust fram þegar forkeppni Eurovison lauk í fyrradag. Sumir voru sárir á meðan aðrir brostu sínu breiðasta. *Pjetur Sigurðsson* ljósmyndari var staddur í „grænu höllinni" og smellti af í gríð og erg.



**Áfram Finnland** Finnski keppandinn skemmti sér konunglega í forkeppninni. Hann þurfti þó að bíta í það súra því lag hans komst ekki áfram í aðalkeppnina.



**HOLLENSK GLEÐI** Hollenskir áhorfendur skemmtu sér konunglega á Eurovision-keppninni í fyrradag þegar forkeppnin fór fram. Þeir þurftu þó að sætta sig við það að lag þeirra komst ekki áfram í úrslit.



**Jakob Sveistrup** Danski söngvarinn heillaði Evrópu upp úr skónum í forkeppninni og verður meðal keppenda í úrslitum í kvöld.



**Læti** Uppi varð fótur og fit meðal fjölmiðlamanna þegar úrslitin í forkeppni Eurovision voru kunngerð í fyrradag.



**LÍF OG FJÖR** Það var líf og fjör á götum Kænugarðs í fyrradag þegar undankeppnin fór fram. Búast má við meiri mannfjölda á götum úti þegar aðalkeppnin fer fram í kvöld.



# Eitt líf
## – njótum þess

Betra BAK



TEMPUR



CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY

## Dýpsta slökun, hvíld og svefn sem völ er á

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin" sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Með Tempur heilsudýnunni nærðu hámarks slökun, hvíld og svefni sem er lykilinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.

SPRING AIR

The NeverTurn™ Mattress



## Spring Air Never Turn heilsudýnan

Dýnan með tvíherta stálgormakerfinu „Torsion II".
806 gormar í Queen stærðinni (152x203 cm).
Steyptar hliðarstyrkingar auka svefnsvæði um allt að 30%.
Val um 100% náttúruleg gæðaefni.
Val um Tallalay Latex eða Laserskorna ConformaFoam yfirdýnu.
Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og við hjálpum þér að finna réttu dýnuna fyrir þig!

HOLLANDIA INTERNATIONAL
THE SLEEP ENGINEERING CENTER



## Settu þig í stellingar fyrir betri svefn

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er. Með öðrum takka færð þú nudd sem þú getur stillt eftir eigin þörfum og látið þreytuna eftir eril dagsins líða úr þér. Með stillanlegu rúmunum frá Tempur er allt gert til þess að hjálpa þér að ná hámarksslökun og þannig dýpri og betri svefni.

TRECA De Paris





## Handunnið listaverk í svefnherbergið þitt

Þú velur gafl hannaðan af okkar færustu arkitektum, efnis og útlitsmöguleikar eru óendanlegir.
Velur svo stífleikann í dýnunni sem hentar þér.
Við handgerum rúmið að þínum óskum og útkoman er rúm sniðið fyrir þig og þínar þarfir.
Kveðja, starfsfólk Treca De Paris

www.design.is @ 2005

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16










# Stjörnurnar fylkja sér að baki Kylie Minogue

Mikið uppnám er í Ástralíu vegna veikinda Kylie Minogue. Söngkonan er elskuð og dáð í heimalandi sínu og hafa aðdáendur sent henni heillaóskaskeyti. Búið er að leggja Minogue inn á eitt virtasta sjúkrahús Ástralíu þar sem hún verður rannsökuð og næstu skref ákveðin. Kylie hefur sent frá sér tilkynningu þar sem hún þakkar fyrir allan þann stuðning sem henni hefur verið sýndur. „Ég vil einnig koma á framfæri stuðningi mínum við þær konur í Ástralíu og um allan heim sem berjast við þennan sjúkdóm,“ segir í yfirlýsingu söngkonunnar. Hún kom einnig þeirri bón á framfæri að allar blómagjafir væru afþakkaðar og að fólk ætti heldur að nota peninginn til þess að styrkja krabbameinsfélagið í heimabæ hennar, Victoria.

Aðrar stjörnur hafa ekki látið sitt eftir liggja í stuðningi sínum við Kylie. Madonna birti sem kunnugt bréf á heimasíðu sinni til Kylie og hvatti hana til dáða. Enn fremur bað hún aðdáendur sína um að hafa hana í bænum sínum. Málið stendur Madonnu mjög nærri því að móðir hennar dó úr þessum sama sjúkdómi þegar hún var aðeins fimm ára gömul.



**HEIMILI FORELDRA KYLIE** Það er hér sem Kylie hefur dvalist að undanförnu í faðmi foreldra og ástvina.



Ronan Keating sagði í samtali við BBC Ulster að hann hefði fengið áfall þegar hann heyrði fréttirnar. „Kylie, þessi unga og ótrúlega fallega kona, þetta er óskiljanlegt,“ sagði Keating. „Ég hef hitt hana nokkrum sinnum og hún er full af orku. Ég veit að hún hefur viljann til þess að sigrast á þessu,“ sagði söngvarinn írski en hann hefur verið á göngu um heimaland sitt til þess að safna peningum fyrir styrktarsjóð Maríu Keating, móður sinnar, sem lést úr þessum sama sjúkdómi fyrir sjö árum. ■

# Miðasala á Reykjavík Rocks hefst

Miðasala á Reykjavík Rocks-tónlistarhátíðina í Egilshöll hefst klukkan 11 í dag. Eingöngu verða seldir miðar sem gilda á bæði kvöld hátíðarinnar; annars vegar tónleika Duran Duran 30. júní og hins vegar tónleika Foo Fighters og Queens of the Stone Age 5. júlí.

Miðarnir, sem kosta 9.900 krónur, gilda á fremra svæði hallarinnar og verða þeir eingöngu seldir í verslunum 10-11 í Lágmúla, Austurstræti og á Akureyri. 5.000 miðar eru í boði. Almenn miðasala á Reykjavík Rocks hefst svo í öllum verslunum 10-11 á morgun klukkan 11 og verða þar seldir stakir miðar á sitt hvort kvöldið. Þeir miðar kosta 5.900 krónur. Þar eru einnig aðeins 5.000 aðgöngumiðar í boði. ■



**DURAN DURAN** Þeir sem ætla að sjá Duran Duran í Egilshöll gætu þurft að hafa hraðar hendur um helgina.




**ÁLFABAKKI**

| | | |
|---|---|---|
| CRASH | KL. 3.45-6-8.15-10.30 | B.I. 16 |
| CRASH VIP | KL. 6-8.15-10.30 | B.I. 16 |
| HITCHHIKER´S GUIDE... | KL. 1.40-3.45-6-8.15-10.30 | |
| THE WEDDING DATE | KL. 2-4-6-8-10.10 | |
| THE JACKET | KL. 10.30 | B.I. 16 |
| SAHARA | KL. 3-5.30-8-10.30 | |
| THE PACIFIER | KL. 1.40-6-8 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 2-4 | |

**KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| STAR WARS - EPISODE III | KL. 2-5-8-10.45 |
| THE WEDDING DATE | KL. 8-10 |
| HITCHHIKER´S GUIDE... | KL. 3.40-5.50 |

**AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| THE ICE PRINCESS | KL. 4-6-8 |
| THE WEDDING DATE | KL. 8-10 |
| HITCHHIKER´S GUIDE... | KL. 6-10 |
| SVAMPUR SVEINSSON | KL. 4 |

**KRINGLAN**

| | |
|---|---|
| THE WEDDING DATE | KL. 4-6-8.15-10.30 |
| HITCHHIKER´S GUIDE... | KL. 12-1.50-4-5.50-8-10.10 |
| SAHARA | KL. 10 |
| THE ICE PRINCESS | KL. 12-2.10-4-6-8 |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 12-2 |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

| | | |
|---|---|---|
| CRASH | KL. 5.50-8.10-10.30 | B.I. 16 ára |
| HITCHHIKER´S GUIDE TO THE GALAXY | KL. 5.45-8-10.15 | |
| THE JACKET | KL. 5.45-8-10.10 | B.I. 16 ára |
| VERA DRAKE | KL. 8 | |
| NAPOLEON DYNAMITE | KL. 8.05 | |
| MARIA FULL OF GRACE | KL. 6-10 | B.I. 14 ára |
| THE MOTORCYCLE DIARIES | KL. 5.30-10.20 | |

Háskólabíó




## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Sharon Stone** hefur safnað rúmlega einni milljón dollara með því að halda góðgerðarsamkomu í Cannes. Margir úr hópi fræga fólksins létu sjá sig á samkomunni og voru þar meðal annars **Penelope Cruz, Joely Richardson, Salma Hayek, Brittany Murphy og Milla Jovovich**. Stone var veislustjóri ásamt **Liza Minnelli**. „Ég get ekki horft á lítil börn láta lífið vegna alnæmis á hverri mínutu sem líður og sleppt því að gera eitthvað í málinu. Hver einasta manneskja sem býr yfir hlýju hjarta ætti að bretta upp ermar og hjálpa,“ sagði Sharon.






## STÖÐ 2 BÍÓ



**Aliens kl. 22.00** Ripley finnst í djúpsvefni hálfri öld eftir atvikið á skipinu Nostromo. Hún er færð aftur til jarðar þar sem nýlenda hefur verið stofnuð á sömu plánetu og geimveran var fyrst uppgötvuð. Þegar samband við plánetuna slitnar er Ripley send þangað ásamt hópi stríðsmanna. Aðalhlutverk: Sigourney Weaver, Carrie Henn og Michael Biehn.

**8.20** The Guru **10.00** The Crocodile Hunter: Collision Course **12.00** 2001: A Space Travesty **14.00** Primary Colors **16.20** The Guru **18.00** The Crocodile Hunter: Collision Course **20.00** 2001: A Space Travesty **22.00** Aliens **0.15** Independence Day (e) (Bönnuð börnum) **2.35** Rollerball (Bönnuð börnum) **4.10** Aliens (Bönnuð börnum)

## AKSJÓN

**7.15** Korter **14.00** Samkoma í Fíladelfíu **18.15** Korter **18.15** Korter **19.15** Korter **19.15** Korter **20.15** Korter **20.15** Korter **22.15** Korter **22.15** Korter

## OMEGA

**7.00** Blandað efni **9.00** Jimmy Swaggart **10.00** Billy Graham **11.00** Robert Schuller **12.00** Maríusystur **12.30** Blandað efni **13.00** Fíladelfía **14.00** Kvöldljós **15.00** Ísrael í dag **16.00** Acts Full Gospel **16.30** Blandað efni **17.00** Samverustund (e) **18.00** Robert Schuller **19.00** Jimmy Swaggart **20.00** Billy Graham **21.00** Believers Christian Fellowship **22.00** Kvöldljós **23.00** Robert Schuller **0.00** Nætursjónvarp

## POPP TÍVÍ

**7.00** Meiri músík **14.00** Sjáðu (e) **16.00** Game TV (e) **17.00** Íslenski popp listinn (e) **19.00** Meiri músík

## Í TÆKINU

DICE CLAY LEIKUR Í THE ADVENTURES OF... SEM SÝND ER Á STÖÐ 2 Í KVÖLD KL. 22.55.

# Kjaftfori töffarinn

Bandaríski leikarinn Andrew Dice Clay fer með hlutverk Ford Fairlane í bíómyndinni The Adventures of Ford Fairlane sem sýnd er kl. 22.55 á Stöð 2 í kvöld. Andrew Dice Clay var mjög þekktur sem grínisti á áttunda áratugnum og þá sérstaklega fyrir ljótt orðbrag. Hann var fyrstur til að lenda í ævilöngu banni frá sjónvarpsstöðinni MTV vegna orðbragðs sem hann notaði í beinni útsendingu en banninu var aflétt nokkrum árum síðar. Eins og svo margir hóf hann feril sinn á sviði þar sem hann var með uppistand en markmið hans var að hneyksla fólk eins mikið og hægt væri. Í orðræðu hans gætti kynþáttahaturs og fordóma í garð samkynhneigðra auk þess sem hann talaði niðrandi um konur. Hann skaust fljótt upp á stjörnuhimininn en var fljótur að hrapa þaðan.

Hann fæddist árið 1957 í Brooklyn í Bandaríkjunum, og við upphaf ferils síns lék hann í ódýrum bíómyndum fyrir unglinga. Þar sem leikaraferillinn var ekki að blómstra sneri hann sér að uppstandi og þróaði þar persónuna Diceman sem vakti mikla athygli.

Hann býr ný í New Jersey með eiginkonu sinni og leikur í Hollywood-bíómyndum af og til.



**Þrjár bestu myndir Clay:** **Amazon Women on the Moon** 1987 – **The Adventures of Ford Fairlane** 1990 – **One Night at McCool's** 2001








▶ **19.00** *Söngur*

**SÖNGVAKEPPNI EVRÓPSKRA SJÓNVARPSSTÖÐVA.** Bein útsending frá Kiev í Úkraínu.



▶ **21.10** *Bíó*

**KILL BILL.** Hasarspennumynd frá Quentin Tarantino með Umu Thurman í aðalhlutverki.



▶ **21.00** *Bíó*

**ANNIE HALL.** Sígild kvikmynd frá meistara Woody Allen.

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Gurra grís (3:26) **8.08** Bubbi byggir **8.18** Brummi **8.28** Hopp og hí Sessamí (6:26) **8.55** Fræknir ferðalangar (38:52) **9.20** Strákurinn (1:6) **9.30** Arthur (105:105) **10.00** Gæludýr úr geimnum **10.25** Kastljósið **10.50** Formúla 1

**12.00** Aukafréttatími **12.20** Einræðisherrann **14.20** Dalai Lama **15.20** Sjónvarpsmót í fimleikum **18.10** Táknmálsfréttir

**18.20** Fréttir, íþróttir og veður

**18.50** **Veður**

▶ **19.00** **Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** Bein útsending frá Kiev í Úkraínu þar sem 24 þjóðir keppa um hver þeirra á besta dægurlagið í ár. Kynnir er Gísli Marteinn Baldursson.

**22.25** **Skemmtiatriði úr Söngvakeppninni** Sýnt verður skemmtiatriði sem flutt var í hléi í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.

**22.35** **Lottó**

**22.40** **Lara Croft – Grafarræninginn** (Lara Croft: Tomb Raider) Ævintýramynd frá 2001 um hetjuna Löru Croft sem fer um heiminn í leit að dýrmætum fornminjum og kemst oft í hann krappan. Leikstjóri er Simon West og meðal leikenda eru Angelina Jolie, Jon Voight, Iain Glen, Noah Taylor og Daniel Craig. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára.

**0.20** Á vaktinni (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára) **2.15** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Svampur **7.45** The Jellies **7.55** Snjóbörnin **8.05** Ljósvakar **8.20** Pingu 2 **8.25** Músti **8.30** Póstkort frá Felix **8.40** Sullukollar **8.50** Barney 4 – 5 **9.15** Með Afa **10.10** Engie Benjy **10.20** Hjólagengið **10.45** Pétur og kötturinn Brandur

**12.00** Aukafréttatími v/formannskosninga Samfylkingarinnar **12.25** Bold and the Beautiful **13.50** Joey (13:24) **14.20** Það var lagið **15.15** Kevin Hill (7:22) **16.00** Strong Medicine 3 (3:22) **16.55** Oprah Winfrey **17.40** 60 Minutes I 2004

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**

**18.54** **Lottó**

**19.00** **Íþróttir og veður**

**19.15** **Whose Line Is it Anyway? 3** (Hver á þessa línu?)

**19.40** **Return to the Batcave** (Aftur í Blökuhellinn) Hasargamanmynd. Adam og Burt, sem léku í vinsælum sjónvarpsþáttum um Batman á sjötta áratugnum, snúa aftur á skjáinn. Bíl Batmans er stolið af safni og félgarnir sverja þess eið að endurheimta farartækið hvað sem það kostar. Aðalhlutverk: Adam West, Burt Ward, Jack Brewer og Jason Marsden. Leikstjóri: Paul A. Kaufman. 2003.

▶ **21.10** **Kill Bill** (Drepa Bill) Frábær hasarspennumynd sem sópaði að sér viðurkenningum. Aðalhlutverk: Uma Thurman, Lucy Liu, Vivica A. Fox, Daryl Hannah og David Carradine. Leikstjóri: Quentin Tarantino. 2003. Stranglega bönnuð börnum.

**22.55** **Adventures Of Ford Fairlane** (Ævintýri Fords Fairlane) Einkaspæjarinn Ford Fairlane hefur nú dularfullt mál til rannsóknar. Aðalhlutverk: Andrew Dice Clay, Priscilla Presley og Lauren Holly. Leikstjóri: Renny Harlin. 1990. Stranglega bönnuð börnum.

**0.35** Jerry Maguire **2.50** Mister Johnson (e) (Bönnuð börnum) **4.25** Fréttir Stöðvar 2 **5.10** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**12.10** Þak yfir höfuðið **13.00** According to Jim (e) **13.30** Everybody loves Raymond (e) **14.00** Kindergarten Cop **15.55** Parenthood **18.00** Djúpa laugin 2 (e)

**19.00** **Survivor Palau (e)**

**20.00** **Girlfriends**

**20.20** **Ladies man**

**20.40** **The Drew Carey Show** Bandarískir gamanþættir um hið sérkennilega möppudýr og flugvallarrokkara Drew Carey. Drew er enn miður sín vegna sambandsslita hans og Kate. Steve hvetur hann til að gleyma henni. Oswald og Lewis álíta það best að hann sofi hjá annarri konu. Wick flytur inn til Drew tímabundið. Kate ákveður að hindra að Drew sofi hjá annarri konu.

▶ **21.00** **Annie Hall** Sígild kvikmynd frá meistara Woody Allen. Taugaveiklaður grínísti verður ástfanginn af jafntaugaveiklaðri konu og hann sjálfur. Með aðalhlutverk fara Woody Allen og Diane Keaton.

**22.30** **The Bachelor (e)** Fimmta þáttaröðin um piparsvein í leit að sannri ást.

**23.15** Jack & Bobby (e) **0.00** Pump Up the Volume **2.00** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.30** Óstöðvandi tónlist






## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**

Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**

Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**

Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**

**12.30** Gp2: Series Monaco **13.30** Cycling: Tour of Italy **15.15** Poker: European Tour Monte Carlo Monaco **16.15** Martial Arts: Paris-Bercy **18.15** Fight Sport: Fight Club **21.15** Xtreme Sports: Yoz Mag **21.45** News: Eurosportnews Report **22.00** Boxing **23.45** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**

**12.30** Doctors **13.00** Doctors **13.30** Doctors **14.00** The Good Life **14.30** Dad's Army **15.00** Top of the Pops **15.30** Top of the Pops 2 **15.55** The Weakest Link Special **16.40** Would Like to Meet **17.40** Casualty **18.30** Lenny's Big Atlantic Adventure **19.00** The Eurovision Song Contest **22.00** Top of the Pops 2 **22.30** The Office **23.00** Wild Weather **0.00** Ice Fox **1.00** Darwin

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**13.00** Egypt's Napoleon **14.00** Tomb Robbers **15.00** Harem Conspiracy **16.00** King Tut's Curse **18.00** Royal Mummy **19.00** Bridge on the River Kwai – The Documentary **20.00** Return from the River Kwai **22.00** Ten Days to Victory **23.00** Ten Days to Victory **0.00** Royal Mummy

**ANIMAL PLANET**

**12.00** The Leopard Son **13.00** Animal Drama **14.00** The Crocodile Hunter Diaries **15.00** The Crocodile Hunter Diaries **15.30** The Crocodile Hunter Diaries **16.00** Pet Star **17.00** King of the Jungle **18.00** The Most Extreme **19.00** Ape Hunters **20.00** The Jeff Corwin Experience **21.00** O'Shea's Big Adventure **22.00** Fate of the Panda **23.00** Growing Up... **0.00** Big Cat Diary **0.30** Big Cat Diary **1.00** Wild India

**DISCOVERY**

**12.00** Ray Mears' World of Survival **12.30** Ray Mears' World of Survival **13.00** Mythbusters **14.00** Speed Machines **15.00** Flying Heavy Metal **15.30** Al Murray's Road to Berlin **16.00** Super Structures **17.00** Blue Planet **18.00** Extreme Engineering **19.00** American Chopper **20.00** Rides **21.00** Birth of a Sports Car **22.00** Trauma **23.00** Amazing Medical Stories **0.00** Modern Gladiators

**MTV**

**12.00** Top 10 **13.00** Top 10 **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** Advance Warning **17.00** European Top 20 **18.00** The Fabulous Life Of **18.30** Cribs **19.00** Viva La Bam **19.30** Pimp My Ride **20.00** Top 10 at Ten **21.00** X Box – Xenon Launch **22.00** So 90's **23.00** Just See MTV **1.00** Chill Out Zone

**VH1**

**12.00** VH1 Viewer's Jukebox **21.00** Viva la Disco **23.30** Flipside **0.00** Chill Out **0.30** VH1 Hits

**CLUB**

**12.10** Awesome Interiors **12.40** City Hospital **13.35** Hollywood One on One **14.00** Weddings **14.25** Matchmaker **14.50** It's a Girl Thing **15.15** Cheaters **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** The Stylists **17.20** Backyard Pleasures **17.45** City Hospital **18.40** The Roseanne Show **19.25** Matchmaker **19.50** Hollywood One on One **20.15** Sex and the Settee **20.40** Cheaters **21.25** City Hospital **22.20** Crime Stories **23.10** The Race **0.00** Entertaining With James **0.30** Vegging Out

**E! ENTERTAINMENT**

**12.00** Love is in the Heir **12.30** Love is in the Heir **13.00** The Entertainer **14.00** E! Entertainment Specials **15.00** The E! True Hollywood Story **16.00** The E! True Hollywood Story **18.00** Gastineau Girls **18.30** Gastineau Girls **19.00** The Entertainer **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** E! Entertainment Specials **22.00** High Price of Fame **23.00** Gastineau Girls **23.30** Gastineau Girls **0.00** Love is in the Heir **0.30** Love is in the Heir

**CARTOON NETWORK**

**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Codename: Kids Next Door **14.25** Dexter's Laboratory **14.50** Samurai Jack **15.15** Megas XLR **15.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Scooby-Doo **16.55** Tom and Jerry **17.20** Looney Tunes **17.45** Ed, Edd n Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

**JETIX**

**12.20** Digimon **12.45** Super Robot Monkey Team **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry **14.15** Jacob Two Two **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps **15.30** Goosebumps

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## EUROVISION

*Sjónvarpið* **kl. 19.00**

### Trumbur og gylltir kjólar

***Besta dægurlag Evrópu er valið í kvöld.***

Bein útsending er í sjónvarpinu í kvöld frá Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í Kænugarði í Úkraínu þar sem 24 Evrópuþjóðir mæta til leiks. Ísland er ekki með í úrslitunum að þessu sinni þar sem lagið If I Had Your Love, sem Selma Björnsdóttir söng, náði ekki nægum atkvæðum í undanúrslitakeppninni til að komast áfram, en í kvöld verður upplýst hvar í röðinni lagið lenti. Keppnin ætti þó að vera skemmtileg og mikið er um skrautleg atriði eins og það sem Noregur býður upp á. Gylltir kjólar og trumbur eru áberandi í ár enda voru það þær sem tryggðu Ruslönu frá Úkraínu sigurinn í fyrra.



Framlag Moldavíu í keppninni.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„There is no such thing as a mistake. There are things you do, and things you don't do."**

**Svar:** Paul Martel úr kvikmyndinni Unfaithful frá árinu 2002.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Bílaþáttur **10.03** Laugardagsmorgunn **12.10** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni í umsjón Kristjáns Hjálmarssonar og Þórarins Þórarinssonar. **13.00** Sögur af fólki **15.03** Úr skríni **16.00** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur e. **17.03** Frjálsar hendur Illuga Jökulssonar e. **18.00** Sannar kynjasögur eftir Cheiro. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Bílaþáttur e. **19.55** Laugardagsmorgunn e. **21.45** Hádegisútvarpið e. **22.30** Sögur af fólki e. **0.25** Úr skríni e. **1.20** Margrætt e. **2.15** Frjálsar hendur e. **3.10** Sannar kynjasögur eftir Cheiro. **3.35** Bílaþáttur e. **4.30** Laugardagsmorgunn e. **6.20** Hádegisútvarpið e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Samfélagið í nærmynd **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Það er leikur að...lesa **11.00** Í vikulokin

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Til allra átta **14.30** Ég er innundir hjá meyjunum **15.20** Með laugardagskaffinu **16.10** List fyrir alla **17.10** Söngkona gleði og sorgar

**18.00** Kvöldfréttir **19.00** Íslensk tónskáld **19.30** Stefnumót **20.15** Píanóleikarinn Guðrún Þorsteinsdóttir **21.05** Fimm fjórðu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Uppá teningnum

**23.10** Danslög

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **8.00** Fréttir **8.05** Morguntónar **9.00** Fréttir **9.03** Helgarútgáfan **10.00** Fréttir **10.05** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.08** Með grátt í vöngum

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** Bein útsending frá keppninni. **22.10** Næturgalinn

**2.03** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**9.00** Gulli Helga

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** Henný Árna

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Bjarni Ólafur - Danspartý Bylgjunnar

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**12.40** MEINHORNIÐ

**13.00** FRELSIÐ **14.00** Torfi Geirmundsson hársnyrtir – þáttur um hár og hárhirðu **15.00** Áfengisforvarnarþáttur

**16.00** Endurflutningur frá liðinni viku.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **19.50**

***Fótbolti***

**SPÆNSKI BOLTINN. Bein útsending frá spænska boltanum.**

## SÝN

**8.50** UEFA Cup **10.40** Bestu bikarmörkin **11.35** Bestu bikarmörkin

**12.30** Enski boltinn **13.00** Enski boltinn **16.30** Bikarmótið í fitness 2005 **17.00** Inside the US PGA Tour 2005 **17.20** NBA

▶ **19.50 Spænski boltinn** (La Liga) Bein útsending frá spænska boltanum en um helgina mætast eftirtalin félög: Albacete – Sociedad, Bilbao – Numancia, Barcelona – Villarreal, Deportivo – Mallorca, Getafe – Sevilla, Levante – Valencia, Malaga – Racing, Osasuna – Espanyol, Real Betis – Zaragoza og Real Madrid – Atl. Madrid.

**22.00** **Hnefaleikar** (Kostya Tszyu – Sharmba Mitchell) Útsending frá hnefaleikakeppni í Las Vegas. Á meðal þeirra sem mætast eru Kostya Tszyu, heimsmeistari WBC-sambandsins í léttvigt (super) og Sharmba Mitchell, heimsmeistari WBA-sambandsins í léttvigt (super). Áður á dagskrá 2001.

**22.35** **Hnefaleikar** (Jesus Chavez – Erik Morales) Útsending frá hnefaleikakeppni í Las Vegas. Á meðal þeirra sem mættust voru Jesus Chavez og Erik Morales en í húfi var heimsmeistaratitill WBC-sambandsins fjaðurvigt (super). Áður á dagskrá 28. febrúar 2004.

**0.25** Hnefaleikar

### MGM

**12.05** Hannibal Brooks **13.45** Impasse **15.25** Starcrossed **17.00** Still of the Night **18.30** Crooked Hearts **20.20** Wisdom **22.10** Alienator **23.40** Eureka **1.50** Say Yes

### TCM

**19.00** 2001: A Space Odyssey **21.15** The Carey Treatment **22.55** The Road Builder **0.35** Penelope

### HALLMARK

**12.45** Christy: Choices of the Heart **14.15** The Man from Left Field **16.00** Murder Without Conviction **17.45** High Sierra Search And Rescue **18.30** Category 6: Days of Destruction **20.00** Mitch Albom's 5 People You Meet In Heaven **22.15** Best of Friends **23.15** Category 6: Days of Destruction **0.45** Mitch Albom's 5 People You Meet In Heaven

### BBC FOOD

**12.00** Douglas Chew Cooks Asia **12.30** Ready Steady Cook **13.00** The Naked Chef **13.30** Wild and Fresh **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Coconut Coast **15.00** Coconut Coast **15.30** Ready Steady Cook **16.00** James Martin Delicious **16.30** Gary Rhodes **17.00** Sophie's Sunshine Food **17.30** Tamasin's Weekends **18.00** Delia's How to Cook **18.30** Capital Floyd **19.00** A Cook On the Wild Side **19.30** The Best **20.00** James Martin Delicious **20.30** The Rankin Challenge **21.00** Who'll Do the Pudding? **21.30** Ready Steady Cook





## HRÓSIÐ

*...fá frændur okkar Norðmenn, sem buðu upp á frumlegt atriði í Eurovision.*

## INNI



**Gamaldags íþróttatreyjur** í „retro“-stíl eru hrikalega töff og virka bæði fyrir stelpur og stráka. Það er þessi gamaldags stíll sem er svo vinsæll núna. Svona peysur er hægt að fá frekar ódýrt í búðum sem selja notaðar vörur eða þá að kaupa nýja týpu af gamaldagsstílnum fyrir fúlgur fjár. Fyrri kosturinn er líklega vænlegri. Íþróttamerki eins og Adidas og Puma framleiða nú íþróttafatnað í gamla stílnum á ný en eins og fyrr segir er hann mjög dýr.



**Skoskt tígulmunstur** á peysum, sokkum eða hverju sem er er aftur komið í tísku. Munstrið fer inn og út úr tískublöðunum í gegnum árin og nú er það enn einu sinni kúl. Munstrið heitir Argyle á ensku og er upprunalega komið frá Skotlandi. Á myndinni er tígulmunstruð peysa eftir hönnuðinn Paul Smith. Tígulmunstrið er líka bæði fyrir stráka og stelpur!



**Skyrtukjólar.** Þeir eru nokkuð líkir karlmannsskyrtum og skarta eins og þær kraga, tölum að framan og oft er brett upp á ermarnar. Það er sama hvort skyrtukjóllinn er einlitaður, munstraður, síðerma eða stutterma, hann er rosalega flottur og algjörlega í tísku núna. Skyrtukjóllinn er líka fínn fyrir góða veðrið og er einn af fáum kjólum sem virka vel sem hversdagsfatnaður.

## ÚTI



**Þykk leðurarmbönd.** Nei þetta er algjörlega ekki inni núna. Þetta minnir á eitthvað pönkaraútlit eða einhvers konar sadó-masó-lúkk sem er augljóslega ekki í tísku. Núna er það hippastíllinn, gamli stíllinn og rómantíski stíllinn sem blívur. Ekkert harðkjarna-leðurdæmi, takk. Mjó leðurarmbönd passa samt fínt inn í hippastílinn svo þau eru í góðu lagi. En ekki þykk sem minna á handjárn.



**Bleikt sanserað naglalakk.** Æi, nei. Þetta er bara fyrir gömlu konurnar og allt í lagi á þeim en ekki fyrir ungar og sætar stelpur. Í naglatískunni eru sanseruð naglalökk ekki flott núna og alls ekki bleik og sanseruð. Ef þið viljið eitthvað pottþétt þá er það ferskjulitur, fjólubláir og rauðleitir litir sem eru málið núna. Ekki sanserað!



**Aflitað hár.** Þetta er algjörlega ekki sniðugt. Ekki bara það að aflitun fer hörmulega illa með hárið heldur er aflitað hár með því ljótara og hallærislega sem hægt er að gera hárinu sínu. Aflitað hár verður í flestum tilfellum gulleitt á litinn og það er nú ekki eitthvað sem fólk ætti að sækjast eftir. Hárlitur á umfram allt að vera náttúrulegur og fallegur.

| 1 | 2 | 3 | | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | ■ | 7 | |
| 8 | | ■ | 9 | | |
| | ■ | 10 | | | ■ |
| ■ | 11 | ■ | 12 | | 13 |
| 14 | | | ■ | 15 | |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | | | ■ | |

**Lárétt:** **1** kýr, **6** gufu, **7** fljót, **8** hreyfing, **9** skógardýr, **10** kvæðis, **12** keyra, **14** jullu, **15** fæði, **16** tímaskeið, **17** fjandi, **18** beygði sig.

**Lóðrétt:** **1** dokaði við, **2** svardaga, **3** í röð, **4** hefur ávinning af, **5** kyrri, **9** skel, **11** alda, **13** lengdareining, **14** eldur, **17** neysla.

**Lausn.**

**Lárétt:** **1** beljur, **6** eim, **7** þó, **8** ið, **9** api, **10** óðs, **12** aka, **14** bát, **15** el, **16** ár, **17** ári, **18** laut.

**Lóðrétt:** **1** beið, **2** eið, **3** lm, **4** uppsker, **5** rói, **9** aða, **11** bára, **13** alin, **14** bál, **17** át.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Almenningur ehf.
2. Ársfundur ráðsins hefst 27. maí.
3. Ebóla-veiran.

PÁLL ÓSKAR: BER HÖFUÐIÐ HÁTT

# Ekki klíkukeppni og sirkus



**PÁLL ÓSKAR** Spáir Norðmönnum, Ungverjum, Svisslendingum og Grikkjum velgengni í aðalkeppninni

Fáir, ef einhverjir, eru jafn miklir Eurovision-aðdáendur og Páll Óskar Hjálmtýsson. Sjálfur tók hann þátt í keppninni 1997 með laginu Minn hinsti dans. Páll var jafn svekktur yfir gengi íslenska lagsins og aðrir en sagðist bera höfuðið hátt; við gætum verið stolt af Selmu okkar. „Við verðum að passa okkur á því að bregðast ekki við á dæmigerðan íslenska hátt og næra minnimáttarkennd okkar,“ segir hann spekingslega. „Það er hrokafullt af okkur að segja þetta vera einhverja klíkukeppni og sirkus. Ef við myndum vinna væri það væntanlega ekki upp á teningnum,“ segir hann.

Páll segir væntingarnar til íslenska lagsins hafa verið aðeins úr hófi. „Þetta átti bara að vera formsatriði að komast upp úr undankeppninni. Þetta er reyndar mjög dæmigert fyrir okkur. Þegar Icy-tríóið fór út 1986 fylltumst við áhyggjum yfir því hvar ætti að halda keppnina þegar við værum búnir að vinna hana,“ segir hann og hlær. Hann segist þó hafa séð ýmsa vankanta á íslenska laginu, dansinn hafi ekki verið nógu sjónvarpsvænn en hefði vafalaust tekið sig vel út á sviði. „Þetta er sjónvarpsþáttur, því má ekki gleyma,“ segir hann. „Mér fannst það koma illa út að sjá bara andlitið á Selmu og einhvern putta á dansara.“

Páll eyddi gærdeginum í að hugga nánustu vini og ættingja. „Auðvitað er maður á pínulitlum bömmer en við verðum bara að draga andann djúpt og hafa gaman af þessu í kvöld því þetta er skemmtileg keppni,“ segir Páll, fullur tilhlökkunar. „Ég spái því að baráttan eigi eftir að standa milli Noregs, Ungverjalands, Sviss og Grikklands. Þá gæti Moldavía líka komið á óvart,” segir Páll og er þess fullviss að sigurvegarinn komi úr undankeppninni vegna þess að fólk verði orðið vant þeim lögum.

Í kvöld heldur Páll sitt árlega Eurovision-teiti á NASA, þar sem sjálft Icy-tríóið mun troða upp. „Svo hringdi Jónsi í mig og bað um að fá að vera með þannig að hann mætir á svæðið og syngur lagið sitt,“ segir Páll og bætir við að hann ætli sér að spila í sjö tíma samfleytt, frá ellefu um kvöldið til sex um morguninn. „Mér tókst það allavega síðast.“

freyrgigja@frettabladid.is

Alltaf skynsamlegt
ÓB
ódýrt bensín
14 stöðvar!
www.ob.is

EUROVISION **PJETUR SIGURÐSSON** SKRIFAR FRÁ KÆNUGARÐI

# *Grikkjum spáð sigri*

Lífið heldur áfram hér í Kænugarði þrátt fyrir að Selma og vinir hafi ekki komist áfram í úrslitakeppnina í fyrradag. Það var ekki laust við að það sæjust tár falla hjá nokkrum í íslenska hópnum þegar niðurstaðan lá fyrir. Hópurinn er allur að skríða saman eftir áfallið, en flestir leyfðu sér þann munað að sofa vel frameftir enda ekki farið snemma í háttinn þar sem keppnin stóð fram á nótt að úkraínskum tíma.

Það er ekki laust við að Selmu hafi verið örlítið brugðið í fyrrakvöld, en hún var reyndar sjálf búin að vinna nokkuð í því að kveða niður væntingar, því hún gerði sér alveg grein fyrir því hvað gæti gerst. Þess vegna er áfallið kannski minna.

Hópurinn heldur ekki heim fyrr en á sunnudag og er því tveggja daga frí hjá mannskapnum og tíminn verður eflaust notaður til að skoða sig um. Hér eru menn enn að furða sig á því hvernig makedóníska lagið komst áfram.

Grikkjum er enn spáð sigri í keppninni, en það verður gaman að sjá hvernig Austur-Evrópa bregst við í kvöld. Við höldum þó að sjálfsögðu með Dönum og Norðmönnum og ég skora á landann að gera vel við þá.



**MAKEDÓNÍA** Íslenski hópurinn er enn að furða sig á því hvernig makedóníska lagið komst áfram í úrslitakeppnina.

Ertu á aldrinum 12-16 ára?*
Dagana 13.-25. júní býðst þér að setjast á skólabekk í Háskóla Íslands og taka þátt í umræðum, tilraunum, vettvangsferðum og heilabrotum um flest milli himins og jarðar.
Hvað vekur áhuga þinn? Viltu vita meira? Skráning í Háskóla unga fólksins er hafin.
Líttu inn á www.ung.is og skoðaðu þig um.
*Háskóli unga fólksins er opinn unglingum fæddum á árunum 1989 - 1993.
HÁSKÓLIUNGAFÓLKSINS



# Ertu á leið til San Fransisco?

# SIDEWAYS

## LEIKUR SKÍFUNNAR OG ICELANDAIR




**1.999,-**

**Taktu þátt!**

Allir sem kaupa Sideways á DVD í verslunum Skífunnar 18.-24. maí eiga möguleika á glæsilegum vinningum.

- **Ferð fyrir tvo til San Fransisco með Icelandair**
- **Frítt í bíó út árið 2005 í Smárabíó og Regnbogann**
- **Ostakarfa frá Osta- og Smjörsölunni**
- **Rauðvínsglaðningur frá Globus**

Dregið 25. maí og hringt verður í alla vinningshafa þann dag.

S·K·Í·F·A·N

...skemmtir þér ; )

ICELANDAIR
www.icelandair.is

Ernest & Julio Gallo

Íslenskir ostar
- hreinasta afbragð

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









BAKÞANKAR


GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## *Hvað klikkaði?*

Nú þegar önnur hver verslun er búin að lofa ókeypis grilli fyrir þá sem hefðu giskað rétt á það í hvaða sæti Selma Björnsdóttir myndi lenda í söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva og hinn helmingur íslenskra verslunareigenda er búinn að lofa ókeypis sjónvarpi, er við hæfi, nú þegar ljóst er að Selma lenti í engu sérstöku sæti – sem er staða sem enginn virðist hafa gert ráð fyrir að gæti komið upp – að spyrja hinnar alíslensku spurningar, sem svo oft hefur verið spurð, eftir hvert einasta alþjóðalega handboltamót, forkeppni í fótbolta, ólympíuleika og aðra leika sem íslenskt afreksfólk átti að sigra: Hvað fór úrskeiðis?

**HVAÐ** klikkaði? Voru það búningarnir? Voru það ljósin? Var það bévítans tónlistarsmekkurinn í austantjaldslíðinu sem virðist vera komið með það á heilann að tónlist sé sú list að hoppa eins og bavíani um sviðið í frumbyggjaskinni og berja bumbur eins og fórna eigi geit? Ræður ekki þetta Balkanlið öllu í þessari keppni? Gott og vel, segja menn þá, við mætum þá bara í frumbyggjaskinni líka næst og sigrum þetta helvíti.

**MENN** eru sárir. Það er athyglisvert að engum dettur í hug að íslenska lagið hafi kannski ekki verið neitt spes enda væri það auðvitað stórbrotið stílbrot á hinni íslensku viðureign við spurninguna „hvað fór úrskeiðis?“ ef niðurstaðan á henni yrði allt í einu sú að sjálft lagið – ég endurtek: Lagið – hafi ekki verið gott og að ósigurinn hafi verið ÞVÍ að kenna. Hjálpi okkur guð.

**ÉG** kann vel við þennan hugsunarhátt. Því er nefnilega stundum haldið fram að Íslendingar séu með minnimáttarkennd. Ég hef alltaf mótmælt þessu. Við erum með meirimáttarkennd, eða eins og Woody Allen orðaði það einu sinni við einn mann í myndum sínum: „Þú ert haldinn andstæðunni við paranoju. Þú lifir í þeirri blekkingu að öllum líki vel við þig.“

**ÉG** meina. Ísland er ofsa kúl og allt það. Gargandi snilld í gangi. Allir í blússandi fíling. Allt að gerast. Og undirliggjandi er alltaf þessi einlæga trú mörlandans að við séum svo skemmtileg og öðrum ólík – bara með því einu að vera til á þessu skeri úti í hafsauga – að fólk geti ekki annað en fallið í stafi. Drepist úr hlátri. Gapað. Sagt „oh, my god“ og krossað sig. Ranghvolft augunum.

**NÚNA** hins vegar rákum við okkur á það eina ferðina enn, segi ég, að pylsusölumanninum í Bratislava, hárgreiðslumanninum samkynhneigða í Baden-Baden og öllu þessu fólki sem fer í símann og greiðir atkvæði í þessari risastóru keppni í tja – það verður að segjast – bjánahrolli, er bara alveg nákvæmlega sama um litla Ísland og hefur ekki einu sinni heyrt um það. Hneyksli auðvitað, en þetta fólk greiðir semsagt frekar hinum þjóðlega bumbuslætti atkvæði sitt og eftir stendur það eitt að á Íslandi seldist ofsamikið af grillum og sjónvörpum en enginn fékk neitt ókeypis. Þannig að verslunareigandinn græddi, eins og alltaf. Huh.


